



Meira en kókaín og kellingar



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

54. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 17. MARS 2023



Á annað hundrað keppendur taka þátt í Íslandsmóti í 22 faggreinum Tækniskólans á framhaldsskólakynningunni Minn framtíð 2023 í Laugardalshöll. Takast keppendurnir á við krefjandi og raunveruleg verkefni í samkeppni sem reynir á bæði hæfni þeirra og skipulagshæfileika.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTIR 4

## Hlakkar til að verða ráðherra



MENNING 15



## Birtingarmyndir prinsessunnar

LÍFIÐ 18



## Minningar í gömlum kössum

## Kjöt hækkað um tuttugu prósent

**NEYTENDUR** Kaffi hefur hækkað um 17 prósent og grænmeti um 16. „Þetta er galið,“ segir Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna. „Það er engin tilviljun að í þeim geirum þar sem engin samkeppni ríkir sé minnsta fyrirstaðan gegn því að yta hækkunum út í verðlagið.“

Þar sem samkeppni sé virkari standi neytendur betur að vígi.

„Í raun eru verðhækkunar orðnar ansi almennar og þær ná til flestra matvöruflökka,“ segir Auður Alfa Ólafsdóttir hjá verðlagseftirliti ASÍ. **SJÁ SÍÐU 4.**



Auður Alfa Ólafsdóttir, hjá verðlags- eftirliti ASÍ

## Skessuhorn áfram opið öllum

Umboðsmaður hjónanna sem keyptu jörðina Horn í Skorradalshreppi segir að byggingarnar verði reistar sem heimili. Almennaréttur á jörðinni verði virtur.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**VESTURLAND** Halldór Kristjánsson, framkvæmdastjóri ferðapjónustufyrirtækisins Nordic Luxury og umboðsmaður kanadisku hjónanna sem keyptu Horn, segir aðgengi að Skessuhorni ekki verða skert. Jörðin verði notuð sem einkaheimili.

„Allir sem vilja labba á þetta fjall geta gert það áfram,“ segir Halldór. Eftir að Fréttablaðið greindi frá því að jörðin hefði verið keypt hefur fólk lýst yfir áhyggjum af því að aðgengi að fjallinu verði skert, þar á meðal formaður SAMÚT, samtaka útivistarfélaga.

Halldór segir að almennaréttur-



Allir sem vilja labba á þetta fjall geta gert það áfram.



Halldór Kristjánsson, umboðsmaður kaupanda Horns

inn verði að sjálfsgöðu virtur áfram. Það eina sem gerð verði athugasemd við, komi fólk í stríðum straumum, sé ef bílum verður lagt fyrir utan bæinn. „Það eru engin áhöld um að skerða eitt eða neitt þarna,“ segir Halldór og að umræðan sé blásin upp úr öllu valdi.

Hjónin sem keyptu jörðina eru búsett í borginni Dúbaí í Sameinuðu arabísku furstadæmunum og hafa nokkrum sinnum komið til Íslands og ferðast um landið.

Halldór segir að þau hyggist ekki nýta jörðina undir ferðapjónustu eða neitt slíkt. „Þau eru að byggja sér hús sem þau ætla að nota stóran hluta af árinu fyrir sjálf sig,“ segir hann. Hugsanlegt sé að einhver hluti húsanna, sem telja samanlagt 1.700 fermetra, verði leigður út en ekkert sé ákveðið með það. „Það eru ekki áform um uppbyggingu á einu né neinu nema húsakosti fyrir þau.“ ■



**NÝTT**

**EITT SETT**

**DRUMBAR**



Níu af hverjum tíu ferðamönnum sem sækja landið heim koma í frí.

## Ísland vinsælt meðal Ameríkana

erlamaria@frettabladid.is

**FERÐAÞJÓNUSTA** Þriðjungur þeirra ferðamanna sem sóttu Ísland heim í fyrra er frá Bandaríkjunum og býr þriðjungur þeirra á austurströnd Bandaríkjanna. Þá eru tæplega 33 prósent þeirra sem sóttu landið heim í aldurshópnum 25 til 34 ára og meðalaldurinn 40 ár.



### Meðalaldur ferðamanna er 40 ár.

Þetta kemur fram í nýrri könnun Ferðamálastofu meðal erlendra ferðamanna, en niðurstöðurnar byggja á svörum frá tæplega átta þúsund ferðamönnum.

Hlutfall karla og kvenna er nokkuð jafnt eða 50 prósent karlar og 49 prósent konur. Þá komu níu af hverjum tíu ferðamönnum hingað til lands í frí. ■

## Við viljum leikskóla!



Þessir snáðar mættu á mótmæli í Ráðhúsinu í Reykjavík í gærmorgun. Foreldrar sem ekki hafa fengið leikskólapláss fyrir börnin sín eru orðnir örvæntingarfullir og mæta með þau í Ráðhúsið fyrir fund borgarráðs. Krefjast þeir úrlausnar og eru þreyttir á innihaldslausum loforðum. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

## Ungt barnafólk sé að flýja Reykjavík

bth@frettabladid.is

**MENNTAMÁL** Börnum sem fæddust árið 2019 hefur fækkað í Reykjavík á þriggja ára tímabili um tvö prósent. Annars staðar á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði börnum sem fæddust sama ár um fjögur prósent en úti á landi um 10 prósent.

„Ég hef heyrt að fólk sé að flýja héðan til annarra sveitarfélaga. Reykjavík er ekki að standa sig. Fólk flytur til útlanda og einnig þvert yfir landið til að geta verið með börnin sín,“ segir Sanna Magdalena Mörtudóttir, borgarfulltrúi Sósíalista.

27 ára gömul móðir í Vesturbænum, Þórdís Ólöf Sigurjónsdóttir, sagði á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöld að mikill atgervisflótti væri úr Reykjavík til útlanda vegna



Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólustjóri Nóborgar

skorts á leikskólaplássi. Hún segir ástandið verst í Vesturbænum.

Mörg hundruð leikskólapláss vantar í Reykjavík og allt að 80 starfsmenn. Mygla hefur haft keðjuverkandi áhrif að sögn Önnu Margrétar Ólafsdóttur, leikskólustjóra á Nóborg. Hún segir mikinn vanda að fá fólk til starfa. „Leikskólakennarar eru sem stétt varla lengur til,“ segir Anna Margrét sem hefur aldrei haft fleiri hlutastarfsmenn en nú. ■

# Kennurum verði tryggð aðstaða sem henti þörfum

Rektor Háskóla Íslands segir að skólanum beri að fara eftir fyrirmælum stjórnvalda varðandi skipulag nýbygginga. Rúmlega 400 hafa skrifað undir áskorun um að kennarar haldi einkaskrifstofum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**SKÓLAMÁL** Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, segir að starfsfólki verði tryggð aðstaða til rannsókna og fundarhalda þrátt fyrir breytingar á vinnuádstöðu. Háskólanum beri hins vegar að fara eftir viðmiðum sem Framkvæmdasýsla ríkisins setur.

„Kennarar munu geta átt fundi með einstaklingum eða hópum í rými sem hentar til þess og þar sem gætt er að jafnræði aðila,“ segir Jón Atli.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er hafin undirskriftasöfnun til að skora á háskólasamfélagið að spyrna við ákvörðun Framkvæmdasýslunnar. Það er að einkaskrifstofur víki fyrir opnum skrifstofurýmum, þar sem starfsfólk er jafnvel ekki með fast skrifborð. Þegar þetta er skrifað hafa rúmlega 400 skrifað undir listann.

Samkvæmt Jóni Atla er verið að skipuleggja húsnæði háskólans fyrir Menntavísindasvið, það er gömlu Hótel Sögu, og nýbyggingu við Læknagarð í anda verkefnaaðrara vinnu til samræmis við stefnu stjórnvalda. Þetta húsnæði verði innréttað með þarfir þeirra sem þar starfa í huga. Þetta verði alltaf gert þegar nýtt húsnæði er tekið í notkun eða því breytt.

„Þarfir geta verið ólíkar milli hópa en út frá greiningu er þörfum starfshópa mætt þannig að hver og



Hannes Hólmsteinn Gissurason er einn þeirra fræðimanna sem gagnrýnt hafa breytinguna. „Hvaða flón skipuleggja þetta? Fræðimenn þurfa kyrrð og næði,“ sagði hann á samfélagsmiðlum. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**



Það sem verði er að gera er annað og meira en það sem kallað hefur verið opin rými.



Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands

einn geti unnið sín störf í viðeigandi aðstöðum,“ segir Jón Atli. „Þá er til dæmis séð til þess að hægt sé að eiga samtöl, halda fundi, vinna í hópum og afgreiða ýmis mál í næði

eða vinna við ýmis önnur verkefni sem kalla eftir búnaði eða rými sem sniðið er að þeim verkefnum.“

Í viðtali við lektorinn og skipuleggjanda undirskriftalistans, Arngrím Víðalín Stefánsson, í gær kom fram af reynslan af opnum rýmum væri neikvæð, til dæmis í Háskólanum í Malmö. Jón Atli segir að verið sé að fara aðra leið hér.

„Það sem verði er að gera er annað og meira en það sem kallað hefur verið „opin rými“,“ segir hann. „Opin rými er eitthvað sem við viljum forðast enda hefur það fyrirkomulag ekki reynst vel. Aðstæður sem taka mið af verkefnaaðrara vinnu veita starfsfólki meira sjálfstæði; það hefur meira frelsi til að ákveða hvar og hvernig það vinnur best að úrlausn verkefna sinna. Starfsfólk hefur til ráðstöfunar þá aðstöðu sem hentar til þeirra verkefna sem það þarf að vinna. Þessi aðstaða er útbúin þannig að komið er til móts við raunverulegar þarfir starfsfólks til að skila sinni vinnu vel.“ ■

**BOLI**  
LETTYL

ÍPRÓTTAVIKAN  
MEÐ BENNA BÓ

FÖSTUDAGA KL. 21.00

HRINGBRAUT



Char-Broil

Gasgrill Performance PRO  
Fjögurra brennara, þrýstijafnari fylgir  
ekki með. 3002205

**109.900** kr



15%

OUTBACK

Gasgrill Graphite 3b  
Grillflötur: 560x380 mm, með þremur  
ryðfríum brennum, afköst 12,4 kW.  
3000390

**42.490** kr  
~~49.990~~ kr



20%

NEO  
TOOLS

Geislahitari, 2000W, IP65  
Hægt að nota bæði innan- og utanhúss,  
er með IP65 vottun, 2000W, hægt að  
festa á vegg, loft eða þrífót. 1807601

**15.192** kr  
~~18.990~~ kr



30%

HIKOKI  
HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

Borvél + 100 fylgihlutir  
18V, 2 rafhlöður 2.0AH,  
hersla 53Nm. 5247088

**34.990** kr.  
~~49.990~~ kr



HÚSASMÍÐJAN

**FYRIR  
ÞIG**

**Heimilið  
fínt**

Allt fyrir heimilið  
og garðinn

Fallegar  
plöntur  
fegra  
heimilið



blómaval

Risajukka  
14 cm pottur.  
11327235

**2.690** kr.

Allir hillurekkar

**20%**  
afsláttur

AVASCO



Pottar og pönnur

**25%**  
afsláttur

Beltingerhaus  
BEKA



25%

damixa™  
Hand-  
laugar-  
tæki

Silhouet, 190 mm svart.  
8000057

**29.990** kr  
~~41.275~~ kr



Öll LADY málning

**20%**  
afsláttur

LADY

LADY er  
Svansvottuð  
og uppfyllir  
ströngustu  
umhverfiskröfur



Öll smáraftæki

**20%**  
afsláttur



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Skoðu  
öll tilboðin  
Skannaðu kóðann





Múmín áskriftarleið með UNICEF



© Moomin Characters™



ÆVINTÝRI  
BANKA UPPÁ

unicef   
fyrir öll börn

## Segir framhaldsskólabörnin uppgefin

bth@frettabladid.is

**MENNTAMÁL** Vaxandi kurr er meðal foreldra vegna neikvæðra afleiðinga styttingar námstíma til stúdentsprófs. Þetta segir talsmaður samtakanna Heimilis og skóla.

Háskólakennari sagði í Fréttablaðinu í gær að geta háskólanema væri lakari eftir styttingu náms í framhaldsskólum. Enginn væri ánægður með breytinguna.

Arnar Ævarsson, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, tekur undir það. Hann segir um baráttumál að ræða sem samtökin hafa þungar áhyggjur af.

„Við heyrum margoft hjá foreldrum að þessi stytting hafi verið vanhugsuð,“ segir Arnar.

Heimili og skóli segja að liðan framhaldsskólanema hafi versnað eftir breytinguna og valdið meira álagi.

„Við heyrum þetta frá mörgum foreldrum, fólk kvartar undan álaginu á börnin, það er talað um vanliðan, svo kvartar fólk yfir félagslega þættinum sem hefur skaðast.“

Arnar segir að Heimili og skóli hafi aldrei verið boðuð í samstarfshópa sem þyrfti að skipa til að fjalla um þennan vanda og bregðast við honum. Hann telur það mjög sérkennilegt.

„Það segir sig sjálft að með því að þjappa fjögurra ára námi niður



Foreldrar upplifa að börnin eru hreinlega uppgefin.



Arnar Ævarsson, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla

í þrjú ár eykst álagið. Mörg börn þurfa að vinna með þessu námi, fjárhagslegur stuðningur er misjafn eftir heimilum,“ segir Arnar.

„Ef þú vinnur með náminu og þarft á sama tíma að þjappa því saman getur útkoman ekki orðið góð. Foreldrar upplifa að börnin eru hreinlega uppgefin.“

Arnar segir að framhaldsskólaárin eigi að vera skemmtilegasti tími lífsins. Börn eigi að fá tækifæri til að blómstra, taka mikinn þátt í félagslífinu en engist þess í stað vegna annríkis. ■



Bandaríkjamenn birtu myndband sem sýndi rússnesku Su-27 herþotuna hella eldsneyti yfir drónann fyrir áreksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Fyrsti hernaðarárekstur stórvelda síðan stríðið hófst

Bandarískur dróni og rússnesk herþota virðast hafa skolið saman yfir Svartahafi á þriðjudag. Bandarísk yfirvöld saka Rússa um kæruleysi. Rússnesk yfirvöld hafa ekki enn ákveðið hvort þau muni sækja drónann sem nauðlenti eftir atvikið.

helgisteinar@frettabladid.is

**HERMÁL** Rússnesk herþota virðist hafa snert hreyfil 30 milljóna dala bandarísku dróna yfir Svartahafi á þriðjudaginn. Var drónanum nauðlent á alþjóðlegu hafsvæði.

Er þetta í fyrsta skipti sem árekstur verður milli herja þessara stórvelda eftir innrásina í Úkraínu.

John Kirby, talsmaður Hvíta hússins í þjóðaröryggismálum, segir það ekki óalgengt að herþotur annarra ríkja fljúgi þetta nálægt bandarískum drónum.

Það sem hafi gert þetta atvik óeðlilegt sé hversu kæruleysislegt og ófagmannlegt það hafi verið af hálfu flugmanna rússnesku þotunnar.

Bandaríkjamenn segja flugmann MQ-9 drónans hafa ákveðið að nauðlenda eftir að rússnesk Su-27 herþota rakst í hreyfil hans og hellti yfir hann eldsneyti í miðju flugi.





Dróninn hafi tekið á loft frá herstöð í Rúmeníu og verið að sinna tíu klukkutíma hefðbundnu eftirlitsverkefni.

Sérfræðingar segja að Reaper-dróninn geti flogið í 15 þúsund metra hæð. Sé hann búinn hátækni-búnaði og geti séð langt inn á Krím-skaga.

Samuel Charap, pólitískur sérfræðingur hjá bandarísku þjóðaröryggisstofnuninni RAND, segir að rússneska herþotan hafi beitt svokallaðri þvingunartaktik sem felist í að beita ákveðinni hernaðaraðgerð án þess að framkvæma árás.

## Drónafloti bandaríska hersins

MQ-9 Reaper-dróninn sem var þvingaður niður af rússneskri herþotu er einn öflugasti dróninn sem ómannaði flugfloti bandaríska hersins býr yfir.



Heimildir: General Atomics, Northrop Grumman, RAND corporation © GRAPHIC NEWS

Í skýrslu sem stofnunin gaf út árið 2020 greindi hún meðal annars frá því að slíkar aðferðir væru algengar hjá rússneska hernum.

Rússneska ríkisstjórnin segir að ákvörðunin um að sækja drónann eða ekki úr Svartahafi liggja hjá

varnarmálaráðuneyti landsins.

„Þetta er ákvörðun fyrir herinn. Ef þeir telja að það þjóni öryggishagsmunum okkar í Svartahafi þá verður hann sóttur,“ segir Dmitrij Peskov, talsmaður yfirvalda í Kremli. ■

## Eftirspurn jarðarbúa eftir kókaíni sjaldan verið meiri

helgisteinar@frettabladid.is

**FÍKNIEFNI** Kókaínframleiðsla á heimsvísu hefur sjaldan verið meiri en nú í kjölfar mikillar eftirspurnar eftir endalok heimsfaraldurs.

Samkvæmt greiningu Fíkniefna- og afbrotamálastofnu Sameinuðu þjóðanna hefur ræktun á kókaínlöngum aukist um 35 prósent undanfarin ár.

Faraldurinn hafði mikil áhrif á fíkniefnamarkaðinn þar sem ferðalög milli landa voru mjög takmörkuð. Eftirspurn eftir kókaíni dróst



Ræktun á kókaínlöngum hefur aukist um 35 prósent undanfarin ár.

einnig saman í ljósi þess að barir og næturklúbbar neyddust til að loka.

Niðurstöðurnar benda hins vegar til að þessi tíð sé liðin og að smygjarar hafi einnig fundið sér nýjar miðstöðvar fyrir starfsemi sína, þá aðallega í Vestur- og Mið-Afríku.

Evrópa og Norður-Ameríka eru enn stærstu markaðirnir fyrir kókaín. Þar á eftir koma Suður- og Mið-Ameríka og Karíbahafið. Í skýrslunni segir að þó svo að heimslfur eins og Afríka og Asía séu enn takmarkaðir markaðir þá sé mikill möguleiki fyrir útbreiðslu þar. ■



### Umhverfismat framkvæmda

Ákvörðun um matsskyldu

Skógrækt í landi Alviðru undir Ingólfsfjalli, Sveitarfélaginu Ölfusi

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvörðunina er að finna á vef stofnunarinnar [www.skiplag.is](http://www.skiplag.is). Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til 14. apríl 2023.

**FERÐAÁÆTLUN**  
FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS  
2023

Rafræn útgáfa af ferðaáætluninni

Ferðafélag Íslands • Mörkinni 6 • [www.fi.is](http://www.fi.is) • 568-2533

# RAFMAÐNADUR WRANGLER TIL AFHENDINGAR STRAX!

# Jeep®



JEEP® WRANGLER PLUG-IN HYBRID

35", 37" OG 40" BREYTINGAPAKKAR Í BODI

## RAFMAÐNADUR OG VATNSHELDUR JEEP®

Farðu yfir ár og vötn af festu og öryggi með Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid. Rafmagnaður kraftur hvert sem leið þín liggur.

**4xe**  
PLUG-IN HYBRID

# RAM 3500 TRAUSTUR VINNUFÉLAGI



BÍLL Á MYND: RAM 3500 LARAMIE CREW CAB MEÐ 37" BREYTINGU, KASTARAGRIND OG LJÓSKÖSTURUM

EIGUM FLESTAR GERÐIR TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR

35", 37" OG 40" BREYTINGAPAKKAR Í BODI

## UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

Þjónustuverkstæði ÍSBAND, Smiðshöfða 5, sérhæfir sig í breytingum á RAM pallbifreiðum.

 **ISBAND**

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS • JEEP.IS  
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

# Pössun óskast



Lovisa  
Arnardóttir  
lovissaa  
@frettabladid.is

Í vikunni fengu foreldrar í Reykjavík póst um innritun í leikskóla næsta haust. Fjölmíðlar hafa undanfarna daga og vikur sagt sögur af þessu fólki. Fólki sem hefur skráð sig aftur í nám, flutt heim og jafnvel þurft að hætta í vinnunni sinni, því það hefur ekki vistun fyrir barnið sitt. Sumir fengu ekki pláss síðasta haust, þrátt fyrir loford um inntöku við 12 mánaða aldur, og sjá jafnvel ekki heldur fram á að fá leikskólapláss í haust fyrir barnið sitt.

Þetta er algert neyðarástand og þó svo að ég tali hér um Reykjavík, þá á þetta ekki bara við þar. Í nágrennasveitarfélögum hefur verið farin sú leið að greiða fólki heimgreiðslur á meðan það bíður. Það vill Sjálfstæðisflokkurinn líka gera í Reykjavík en von er á tillögum frá honum vegna þess vanda sem blasir við.

En vandinn er ekki bara í innrituninni. Hann er líka hjá þeim börnum sem þegar eru innrituð en eru á flakki og eru ítrekað send heim. Vegna myglu og manneklu.

Ég er ekki eitt þessara foreldra sem bíða eftir plássi en ég fékk samt póst fyrir viku þar sem kom fram að viðgerðir í leikskóla barnsins míns síðustu vikur myndu ekki duga og að það þyrfti að ráðast í viðameiri aðgerðir. Þær krefjast þess að húsið verði tæmt og starfsemi flutt annað. Nú er verið að leita að húsnæði.

Með póstinum fylgdi að ekki yrðu tekin fleiri börn inn í leikskólann næsta haust. Þetta er mín saga.

Svo er það systir mín. Leikskóla dóttur hennar var lokað og hún þarf nú að keyra með hana hvern morgun í annað hverfi. Því húsnæðið sem leikskólinn var í var svo myglað.

Þetta eru auðvitað engin einsdæmi. Þessa sögu hef ég heyrt frá mörgum og þið eflaust líka. Fólki sem býr í alls konar hverfum og ýmsum sveitarfélögum. Á einum stað var meira að segja kúkaloft í leikskólanum og þess vegna þurfti að færa börnin annað. Kúkaloft.

Og gleymum svo ekki fólkinu sem fær reglulega pósta frá leikskólanum um manneklu, eða faliðunarstefnu, og þarf að sækja barnið snemma.

Ég veit að það eru ástæður fyrir vandanum sem voru ófyrirséðar. Stríð og heimsfaraldur. Svo er það viðhaldið og myglan. Sem er samt kannski alveg eitthvað sem hefði átt að vera fyrirséð, en er alveg týpísk afleiðing „þetta reddast“ hugarfars okkar Íslendinga.

Það voru mótmæli í gær í Ráðhúsinu. Það voru mótmæli í Ráðhúsinu í haust. Þetta er endurtekið efni og svo við getum komið í veg fyrir aðra endurtekningu þá væri ég til í að sjá nýjar lausnir. Það er ekki bara þörf núna, það er alger nauðsyn. ■

„Alveg týpísk afleiðing „þetta reddast“ hugarfars okkar Íslendinga.“

## HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?



Skannaðu kóðann



## HALLDÓR



## FRÁ DEGI TIL DAGS

kristinnhaukur@frettabladid.is

### Allt í gúddi

Landsfundur Vinstri grænna er um helgina. Enginn hefur boðið sig fram gegn Katrínu Jakobsdóttur í formannsstólinn og heldur ekki í varaformannsstólinn gegn Guðmundi Inga Guðbrandssyni. Þykir þetta til marks um hvað þau stýra flokknum vel. Ísland notar mikla olíu, útlendingar eru fluttir brott um miðjar nætur og bankar eru seldir til vandamanna. Flokkurinn er kominn niður í 6 prósentu fylgi. Engin ástæða til að skora forystuna á hólmi eða pönkast neitt í henni. Allt í gúddi hér. Eða kannski er bara enginn eftir í flokknum til að skora neinn á hólmi?

### Áhyggjur

Eftir fréttir af sölu jarðarinnar Horns til kanadísks auðkífings hafa margir stigið fram og lýst áhyggjum. Það er að verið sé að selja jarðir, ódýrt, til erlendra auðkífinga. Þeir ætli að meina íslenskum göngugörpum að klifa tinda og jafnvel mylja fjöll niður í duft. Gott og vel. Eðlilegt er að hafa áhyggjur af náttúrunni, sérstaklega perluunum. En eru auðkífingar með erlendar kennitölur eitthvað verri en aðrir? Ekki eru mjög mörg ár síðan íslenskur auðkífingur ætlaði að berja, já berja, með höndunum, mann sem gekk inn á jörðina hjá honum í Borgarfirði. Er sniðugt að bjóða nokkrum auðkífingi að kaupa jarðir? ■

## Tilbúin í sumarið



Hanna Katrín  
Friðriksson  
formaður þing-  
flokks Viðreisnar

Það er vor í lofti þrátt fyrir kuldatið. Sólin og norðurljósinn skiptast á að létta okkur lund og skipulagning sumarleyfa er farin af stað á flestum heimilum.

Með hækkandi sól kemur hlýr blær að sunnan og trén verða græn á ný.

Við vitum fyrir vist að bráðum verður Austurvöllur stappaður af ungu fólki með sólgleraugu og frísí-diska, þótt björinn sé dýrari en í fyrra.

Margar fjölskyldur munu líka baða sig í enn meiri sól og hlýjum sjó í öðrum löndum þrátt fyrir að útlandaferðir verði áfram efst á bannlista Seðlabankans.

Enda vita landsmenn vel að verðbólgunni er haldið uppi af hallarekstri ríkisins en ekki af kokteilum á Tenerife.

Friedman fór ekki með neitt fleipur þegar hann benti á að verðbólgan er alltaf á abyrgð stjórnvalda en ekki fólksins í landinu.

Þrátt fyrir úrræða- og aðgerðaleysi stjórnvalda í efnahagsmálum léttist brúnin víða við það eitt að sumarið er nú á næsta leiti. Þannig virkar þetta hjá okkur hér í norðrinu þegar loksins sér fyrir endann á dimmum vetri.

Það er hins vegar ekki að sjá að ríkisstjórnin átti sig á því hversu stutt er í sumarið. Af áramótaheitunum hennar, þingmálaskránni, eru enn þá 107 mál úti-standandi.

Fresturinn til að leggja málin fram stýttist hratt, en 1. apríl næstkomandi er síðasti dagurinn til leggja fram ný frumvörp á vörþingi.

Þessi frestur er hafður til að tryggja að þinginu gefist tími til að fullvinna mál fyrir sumarhlé í júní.

Meðal mikilvægra mála af þingmálaskránni sem enn hefur ekkert frést af, eru aðgerðaráætlun um þjónustu við eldra fólk, fjölmiðlastefna, lög um almenningssamgöngur og lög um vindorku.

Þessi staða er kannski ekki merki um kæruleysi stjórnvalda heldur frekar merki þess að samstaðan, eða öllu heldur skortur á henni, standi ráðherrunum í vegi.

Það væri óskandi að með hækkandi sól sæjst merki um ríkisstjórn sem nær að skapa samstöðu á þingi til að vinna með sóma þær mikilvægu umbætur sem fólkið í landinu kallar eftir. ■

„Enda vita landsmenn vel að verðbólgunni er haldið uppi af hallarekstri ríkisins en ekki af kokteilum á Tenerife.“



# Sölumenn ríkisins

## Í dag



Karl Th.  
Birgisson

Upp úr aldamótum átti almenn-  
ingur Landsbankann. Hann var  
seldur.

Stillum okkur alveg í dómum  
um kaupendurnar – um það allt  
saman hafa verið skrifaðar óþægi-  
lega nákvæmar skýrslur – en ævin-  
týrið endaði í IceSave, einhverri  
undurfurðulegustu afferu Íslands-  
sögunnar.

Það er hægt að skilja Sturlunga-  
öldina, en þessi tími er langt  
handan við hana.

### Búnaðarbankinn

Já, svo áttum við víst líka Búnaðar-  
bankann og seldum hann.

Þar þurfti að vísu til útlenskan  
lepp – ég treysti mér ekki til að  
stafsetja nafn þess þýzka banka  
rétt – svo að allt liti vel út, af því að  
útlendingar vildu endilega fjár-  
festa á Íslandi.

Og í Íslandi.  
Var hægt að fá betri staðfestingu  
á því hvað við værum frábær?

Leitt hvað það var mikið  
skuespil, sem líka má lesa um í  
skýrslum.

### FBA

Nokkru fyrir hafði verið seldur  
svokallaður Fjárfestingarbanki  
atvinnulífsins.

Nú ætla ég að drepa ykkur úr  
leiðindum, því að þessi svokallaði  
banki varð einkum til með sam-  
runa Fiskveiðisjóðs, Iðnlánasjóðs,  
Útflutningslánasjóðs og Iðnþró-  
unarsjóðs.

Þetta voru sumsjóðir ríkis-  
valdsins – skattgreiðenda – til að  
bjarga kapitalistunum frá sjálfum  
sér og eigin vöðarekstri.



Í þessu tilfelli vildi svo óheppi-  
lega til að kaupendurnir voru  
þáverandi forsætisráðherra ekki  
hugnanlegir. Bankinn hafði lent í  
röngum höndum.

Eftirmálin voru margvísleg, en  
um það óhapp hefur mér vitanlega  
ekki verið skrifuð skýrsla.

### Núni

Allt var þetta óskup gaman og  
skemmtilegt í fáein ár þangað til  
gervallt gillimójið fór á súrrandi  
hausinn, krónan hrundi (hvern  
hefði grunað það?), fólk missti  
eignir sínar og flutti til Noregs, þeir  
sem sviptu sig ekki lífi.

Í flókinni sögu enduðu þessar  
eignir, fasteignir og fyrirtæki, í  
höndum nýrra banka og þrotabúa  
hinna gömlu, og Íbúðalánasjóðs,  
langflestar umtalsvert undir raun-  
verði.

Ein helzta ástæða hagnaðar  
nýju bankanna árum saman var  
að eignirnar, sem þeir fengu fyrir



Honum láðist meðal  
annars að tékka á því  
hverjum hann væri  
að selja áður en hann  
skrifaði undir. Til  
dæmis þabba sínum  
eða bara Banana-  
lýðveldinu ehf.

slikk, voru miklu meira virði en  
bókhaldið sýndi. Raunvirðið sýndi  
sig smám saman.

Eignir Íbúðalánasjóðs – heimilin  
sem fjölskyldur höfðu misst – voru  
líka seldar fyrir smámuni, ef rök-  
studdur grunur er réttur. En um  
það vitum við ekki nákvæmlega.  
Við fáum ekki að vita það, þótt  
ágætur fyrrum þingmaður hafi

kallað eftir þeim upplýsingum  
árum saman.

Engin skýrsla þar, en stóru hús-  
leigufyrirtækin kvörtuðu ekki.

### Og svo framvegis

Lindarhvoll hét kompaní fjármála-  
ráðherra sem fékk ýmsar eignir  
ríkisins – okkar – í fangið. Þær  
voru sannarlega seldar og um þá  
gjörninga er sannarlega til skýrsla.  
Meiraðsegja tvær.

Við fáum samt bara að lesa aðra  
þeirra. Sölumönnum ríkisins þykir  
hin óheppileg.

Og fjármálaráðherra seldi líka  
stóran hlut í Íslandsbanka. Hann  
„ber að sjálfsögðu fulla ábyrgð“  
á sölnni (orðrétt tilvitnun), en  
eins og stundum áður er merking  
orðsins „ábyrgð“ meira en óljós.

Honum láðist meðal annars að  
tékka á því hverjum hann væri að  
selja áður en hann skrifaði undir.  
Til dæmis þabba sínum eða bara  
Bananalýðveldinu ehf.

Um þessa furðusölu er til  
skýrsla, að vísu ófullkomin og  
fjöldmörgum spurningum ósvarað,  
en fjármálaráðherra kann svar við  
því:

„Þessu hefur öllu verið svarað.“  
Þetta sagði hann líka um  
Panama-skjölin, Falson og Flórída.

### Áfram gakk

Eftir öll þessi árangursríku og  
hnökralausu viðskipti kynnti  
fjármálaráðherra á dögnum hug-  
myndir um að selja Isavia, sem á  
þrettán flugvelli víða um land, ef  
ég les vef félagsins rétt.

Atarna er nú metnaður og gagn-  
legt framtak. Ekki bara um Leifs-  
stöð, Akureyri og Egilsstaði, sem  
eru helztu innflæðis- og flötta-  
gáttir þjóðarinnar. Við höfum aldr-  
ei fengið á hreint hvert er raunvirði  
flugvallanna á Gjögri og í Grimsey.  
Það er óþægileg óvissa.

Áður en ráðherrann verður  
uppískroppa með hugmyndir eru  
hér fáeinir í viðbót.

Seljum Ríkisútvarpið. Mér  
segir svo hugur að viðtöl Stebba  
á löppinni og Kvöldgestir Jónasar  
Jónassonar séu miklu meira virði  
en bókhaldið segir til um. Að við  
nefum ekki Andreu Jóns, Óla  
Palla og plötusafnið.

Hvers vegna að láta alls konar  
verðmæti liggja óhreyfð þegar  
hægt væri að koma þeim í verð?

Næst: Hví hefur aldrei verið  
reynt að selja Valþjófsstaða-  
hurðina? Þjóðminjasafnið á meira  
af drasli en það hefur pláss fyrir. Á  
uppboð með þetta.

Ef þabbi er ekki geim, þá gætu  
einhverjir nákomnir slegið  
áhættufjárfestingarlán.

Ekki langt undan eru útslitnar  
leðurþjötur. Ég segi ekki Flateyjar-  
bókin, en þessi handrit eru mest-  
magnis tættar skóbætur, sumar  
með tannföllum, sem hlýtur að  
auka verðgildið.

Lengri listi fæst gegn vægu verði,  
en umfram allt er mikilvægt að  
ráðherrann skrifi skýrslu um  
sölnu sjálfur. Hitt væri tómt vesen  
og leiðindi. ■

# Unga fólk getur ekki keypt íbúð



Þorbjörg Sigríður  
Gunnlaugsdóttir  
þingmaður  
Viðreisnar

Hækkun fasteignaverðs síðustu 10  
ár er ævintýraleg og hefur hækkað  
um rúmlega 100% að raunvirði.  
Hækkunin á hinum Norðurlönd-  
unum er um fjórðungur. Það er  
erfiðara en áður að eignast hús-  
næði. Ungt fólk tapar mest á þessu  
ástandi. Verð á 120 fermetra íbúð á  
höfuðborgarsvæðinu jafngildir nú  
rúmlega 13 árstekjum einstaklinga  
að meðaltali eins og fram kemur í  
gögnum BHM. Fólk á leigumarkaði  
þyr við erfiðar aðstæður og kann-  
anir sjá að fólk á leigumarkaði  
hefur sjaldnast valið sér að leigja og  
vill frekar geta keypt.

Í fyrsta sinn síðan í september  
2009 er verðbólga komin yfir 10%. Á  
árinu munu enn fleiri lenda í vand-  
ræðum með að ná endum saman  
þegar um 4500 heimili losna undan  
föstum vöxtum óverðtryggðra lána.  
Þessara heimila biða þungar vaxta-  
hækkunar sem auðvitað hafa mikil  
áhrif á afkomu þessara fjölskyldna.  
Vextir á húsnæðislánum eru mun  
hærri en í nágrennaríkjunum,  
enda staðreynd að á Íslandi þarf að



hækka vexti margfalt til að taka á  
svipaðri verðbólgu og í nágrenna-  
ríkjunum. Ríkisstjórnin talar um  
verðbólga sé stærsti óvinur almenn-  
ings en viðbrögðin eru þrátt fyrir  
það engin. Ríkisstjórnin fór raunar  
þá leið að hella bensíni á bálið með  
því að hækka öll gjöld um áramótin  
sem jök verðbólgu og útgjöld heim-  
ila og fyrirtækja.

Vaxtahækkunar 11 sinnum í röð  
hafa þær afleiðingar að bygginga-  
bransinn er á leið í frost því eftir-  
spurn er að hverfa. Næstu árgangar  
komast ekki inn á húsnæðismark-  
aðinn. Á sama tíma er engin raun-  
veruleg húsnæðisstefna hjá ríkis-  
stjórninni og afleiðingin blasir:  
flestu ungu fólk er ómögulegt að

kaupa íbúð ef þabbi eða mamma  
geta ekki hjálpað. Það er ekki jafnt  
gefið. Það er alltaf að verða skýrara  
að almenni markaðurinn leysir  
vandamálið ekki. Til þess þarf  
félagslegt kerfi af hálfu hins opin-  
bera sem tekur á þeirri þörf sem  
kemur inn á húsnæðismarkaðinn  
á hverju ári. Húsnæðismarkaður-  
inn er viðvarandi verkefni stjórn-  
valda en ekki málefni sem hægt er  
að leysa með átaksverkefnum við  
og við.

Það á ekki að vera forsenda þess  
að geta keypt íbúð að eiga þabba og  
mömmu sem hlaupa undir bagga.  
Húsnæðisstefna í þá veruna fléttar  
saman skynsamlegri hagstjórn, vel-  
ferð og réttlæti. ■

## HÁGÆÐA VÖRUÚRVAL

Saman finnum við réttu lausnina handa þér

www.jarngler.is

Skútuvegur 1h 104 Reykjavík ☎ 585 8900 ✉ jarngler@jarngler.is

# Erfiðasta val Arnars Þórs hingað til



Helgi Fannar  
Sigurðsson  
helgifannar  
@frettabladid.is

Arnar Þór Viðarsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, hefur aldrei átt erfiðara með að velja landsliðshóp sinn en nú. Hann er brattur fyrir afar mikilvægum leikjum í undankeppni Evrópumótsins síðar í mánuðinum.

Íslenska karlalandsliðið mætir Bosníu og Hersegóvínu þann 23. mars og Liechtenstein þremur dögum síðar í undankeppni EM 2024. Báðir leikir fara fram ytra. Arnar Þór Viðarsson kynnti 23 manna hóp sinn á miðvikudag og þar komu nokkrir áhugaverðir punktar í ljós.

„Valið var ansi erfitt í þetta skiptið. Ég held að það sé engin spurning að ég hafi fengið mesta hausverkinn við að velja þennan hóp vegna þess að leikmenn, bæði ungir sem aldnir, eru að spila mikið og spila vel,“ segir Arnar í samtali við Fréttablaðið.

## Albert vildi byrja

Albert Guðmundsson er sá leikmaður sem hefur verið á milli tannanna á fólki undanfarið. Arnar hefur ekki valið hann í hóp sinn síðan í haust og er samband þeirra ekki talið gott.

„Ég hringdi í Albert og bauð honum að koma til baka. Eins og ég hef alltaf sagt er hurðin alltaf opin,“ segir Arnar.

Albert var hins vegar ekki tilbúinn að koma inn í landsliðið á forsendum liðsins.

„Í þessari undankeppni, eins og alltaf, eru leikir sem óskra á hæfileika Alberts. En það eru líka leikir sem kalla á annars konar hæfileika og önnur leikplön. Ég get ekki, sem þjálfari, valið leikmann í hóp hjá mér sem er ekki tilbúinn til að byrja á bekknum í ákveðnum leikjum og taka því hlutverki sem við teljum að sé best fyrir liðið.

Við áttum mjög gott spjall. Það er ekkert illt á milli mín og Alberts. En þegar ég tjáði honum að hann myndi byrja á bekknum á móti Bosníu lét hann mig vita að hann væri



**Þetta er langhlaup og við þurfum að sankna að okkur stigum á næstu mánuðum.**

ekki tilbúinn í það,“ segir Arnar og bætir við að dyrnar séu alltaf opnar fyrir Albert.

## Þetta er langhlaup

Annar leikmaður sem hefur verið í umræðunni er Dagur Dan Þórhalls-son. Kappinn átti frábært tímabil með Íslandsmeisturum Breiðabliks og fékk í kjölfarið félagaskipti til Orlando City vestanhafs í vetur. Þá heillaði Dagur í landsleikjum í nóvember og janúar. Hann var hins vegar ekki valinn í hópinn fyrir komandi leiki gegn Bosníu og Liechtenstein.

„Dagur er á brúninni. Hann er ekki bara byrjaður að banka á dyrnar, hann er farinn að berja á þær. Hann stóð sig mjög vel í nóvember og mér fannst hann standa sig enn betur í janúar. Hann er orðinn alvöru leikmaður, kominn á það stig að vera landsliðsmaður. Sem betur fer fær maður stundum lúxus-hausverk yfir því að þurfa að skilja góða leikmenn eftir utan hóps.“

Auk Íslands, Bosníu og Liechtenstein eru í undanriðlinum Lúxemborg, Portúgal og Slóvakía. Arnar segir næstu tvo leiki mikilvæga en mótið sé þó langhlaup.

„Við förum auðvitað inn í alla leiki til að ná í stig. Það er ekkert öðruvísi núna. Þetta eru tveir mismunandi leikir. Við þurfum að vera meðvitaðir um það að Bosnía er með mjög gott lið og erfitt heim að sækja.

Við þurfum líka að horfa á stærri

myndina. Þetta er maraþon. Við vitum sirka hvað við þurfum að fá mörg stig til að ná í annað sætið. Það er líklegt að nokkur lið taki stig hvort af öðru. Fyrsti leikurinn er mikilvægur en þetta er ekki úrslitaleikur.“

Arnar segir að riðillinn sem Ísland dróst í bjóði upp á góða möguleika fyrir liðið.

„Það væri mjög dapurt af mér að standa hérna og segja að ég væri óánægður með dráttinn. En Slóvakía segir það sama, sem og Bosnía og Lúxemborg. Þetta verður opinn riðill. Þetta er langhlaup og við þurfum að sankna að okkur stigum á næstu mánuðum. Vonandi getum við klárað þetta skemmtilega verkefni sem sigurvegarar í lok árs.“

## Erfiður útivöllur

Völlurinn í Bosníu er erfiður. Leikið er í borginni Zenica, sem þekktust er fyrir alræmt fangelsi. Hluti stúkunnar verður lokaður áhorfendum vegna hegðunar stuðningsmanna Bosníu.

„Völlurinn mun ekki bjóða upp á neinn Brassabolta. Við verðum að setja leikinn upp þannig að við eignum sem mestan möguleika á að fá stig úr honum.

Það er ástæða fyrir því að þeir eru að spila þarna en ekki í höfuðborginni. Þetta er bær sem er þekktur fyrir læti á vellinum. Það verða læti.“

Rúnar Alex Rúnarsson, Elías Rafn Ólafsson og Patrik Sigurður Gunnarsson eru markverðirnir í hóp Íslands. Arnar vill ekki gefa upp hver mun standa á milli stanganna í fyrsta leik.

„Við megum ekki gleyma því að við erum með þrjá markmenn. Rúnar er að spila mjög vel í Tyrklandi. Elías hefur ekki verið að spila mikið en Patrik hefur verið að gera vel. Svo eignum við aðra markmenn líka. Við eignum Hákon (Rafn Valdimarsson) hjá Elfsborg, Frederik (Schram) hjá Val. Það er annar hausverkur fyrir mig. Það getur vel verið að við breytum um markmenn á



**Ég er alveg pottþéttur á því að íslenska landsliðið á eftir að fara aftur á stórmót, hvort sem það verður á næsta ári eða árum.**

milli leikja í undankeppninni en það getur líka verið að það verði alltaf sá sami.“

## Allt á áætlun

Frá því Arnar tók við sem landsliðsþjálfari í lok árs 2020 hefur margt breyst. Fjöldi leikmanna hvarf á braut og nýir komu inn. Nú hefur íslenska liðið hins vegar endurheimt eitthvað af reynslumeiri leikmönnum og koma þeir inn í bland við unga og spennandi stráka.

„Ég er mjög stoltur af því hvernig við náðum að vinna úr hlutunum saman hér hjá KSÍ í fyrra. Planið sem við settum upp um hvar við vildum vera í byrjun árs 2023 hefur gengið eftir. Ég hef auðvitað fengið mikla hjálp frá góðu fólki.

Ég er viss um að liðið og hópurinn núna er á mjög góðum stað. Það er af því við förum í endurnýjun. Ungir leikmenn spiluðu marga leiki til að fá reynsluna. Mér finnst þetta sterkur hópur og tel möguleika okkar nokkuð góða.“


Arnar horfir björtum augum á framtíð íslenska liðsins.

„Ég er alveg pottþéttur á því að íslenska landsliðið á eftir að fara aftur á stórmót, hvort sem það verður á næsta ári eða árum.“ ■

Arnar Þór Viðarsson, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

FÖSTUDAGUR 17. mars 2023



Hljóðhimnar eru skemmtilegt upplifunarrými um tónlist fyrir börn.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Afmæli Hljóðhimna

jme@frettabladid.is

Hljóðhimnar, upplifunarrými fyrir börn og fjölskyldur í Hörpu, eru eins árs í mars og verður haldið upp á það með afmælishátíð laugardaginn 18. mars. Boðið verður upp á glæsilega dagskrá í húsinu, tónleika, tónlistarleiki og heiðursgesturinn Maximús Músíkús heilsar upp á afmælisgesti. Það geta öll tekið þátt í afmælinu enda er boðið upp á kórónugerð með hönnuðum Þykjó, sem stóðu að hönnun Hljóðhimna.

Dagskráin hefst klukkan 11.00 og lýkur um 13.30 þegar seinni Klapp, klapp, stapp, stapp-smiðju Sigga&Ingibjörgu lýkur. Hljóðhimnar eru þó opnir eins og venjulega og býðst afmælisgestum að flæða frjálst á milli staða. Aðgangur er ókeypis og öll velkomin.

Full dagskrá afmælishátíðar:

- Vísa/Stemma - kl. 11.00-13.00.
- Kórónugerð með ÞYKJÓ,
- Hörpuhorn - kl. 11.30-12.00 og 13.00-13.30.
- Klapp, klapp, stapp, stapp-smiðja með Sigga&Ingibjörgu.
- Opin svæði/Hnoss/Hljóðhimnar - kl. 12.00 og 13.00.

Maxímús Músíkús heilsar upp á afmælisgesti. Í tilefni dagsins býður Rammagerðin upp á 20% afslátt og Hnoss verður með barnabröns meðan á hátíðinni stendur. Þar verður áhersla lögð á skemmtilega, litríka og næringarríka rétti sem öll fjölskyldan kann að meta. Búist er svo við að súkkulaðigosbrunnurinn vekji mikla kátínu. ■

Alla daga  
gegn kulda og sól



Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup  
www.celsus.is



Hans Steinar Bjarnason og Sigríður Þóra Þórðardóttir eiginkona hans hafa undanfarin fjögur ár styrkt dreng í SOS Barnahorpinu í Addis Ababa í Eþíópíu sem verður 10 ára í sumar. Að sjálfsögðu nýtti hann tækifærið og heimsótti drenginn í ferðinni til Eþíópíu nú í mars.

MYND/ABSEND

# Ótrúlega gefandi og lærdómsríkt

Hans Steinar Bjarnason ákvað fyrir fimm árum síðan að breyta um starfsvettvang. Eftir að hafa starfað við fjölmiðla í vel á þriðja áratug, bæði í sjónvarpi og útvarpi, tók hann við starfi upplýsingafulltrúa SOS Barnahorpanna á Íslandi og sér ekki eftir því. **2**

gummih@frettabladid.is

Hans Steinar var fjölmiðlamaður í 28 ár þar sem hann vann bæði í útvarpi og sjónvarpi hjá Sýn, Stöð 2 og RÚV en í febrúar 2018 var hann ráðinn upplýsingafultrúi SOS Barnaþorpanna á Íslandi.

Spurður hvað hafi orðið til þess að hann hafi ákveðið að yfirgefa fjölmiðlana og taka við starfi upplýsingafultrúa segir Hans, sem oftast er kallaður Hansi: „Árið 2018 þegar ég hætti í fjölmiðlunum var ég búinn að hafa á bak við eyrað í tvö til þrjú ár að athuga með að prófa eitthvað annað. Ég var búinn að vera nánast samfelldur í fjölmiðlum frá árinu 1989. Ég var í útvarpinu alveg til ársins 2006. Á þeim tímapunkti var ég orðinn hljóðmaður á NFS sálugu. Ég var gjörsamlega að mygla í þessu starfi og ég sagði við Hilmar Björnsson, sem þá var yfirmaður á gömlu Sýn:

„Ég er alveg að mygla inni í þessu hljóðherbergi. Vantar þig ekki íþróttafréttamann?“ Úr varð að ég fékk starfið og ég var fljótur að aðlagast hlutunum enda öllu vanur eftir útvarpsvinnuna. Á þessum tíma var maður óhræddur að takast á við hlutina og ég þorði að láta bara vaða.

Orðinn sjónvarpsmaður er maður allt í einu kominn undir smásjá og eins og fjölmiðlafólk þekkir þá fær maður bæði hrós og skít yfir sig. Ég held að skrápurinn minn hafi ekkert verið svo þykkur eftir allt saman. Smátt og smátt át þetta mann að innan og undir lokin var mér farið að líða illa. Ég hætti að þora og þurfti oft að hugsa mig tvisvar um í sjónvarpslýsingum, það var hik á mér í hinu og þessu, óreglulegur vinnutími og álag. Þótt íþróttafréttamannsstarfið sé gefandi, fjölbreytt og skemmtilegt þá var mig farið að langa að ganga út á þessum tímapunkti,“ segir hann.

Og Hans Steinar lét slag standa. Hann ákvað að segja upp hjá RÚV.

„Einhvern daginn sem ég var langt niðri þá rakst ég á auglýsingu fyrir tilviljun þar sem auglýst var eftir upplýsingafultrúa fyrir SOS Barnaþorpin. Umsóknarfresturinn var að renna út þennan dag. Það var annað hvort að hrökkva eða stökkva. Ég henti inn umsókn og hafði ekki gert starfsumsókn í fjölda ára. Ég hreppti hnossid. Ég vissi að ég var að taka mikla áhættu. Ég var að fara út í bransa sem ég hafði aldrei séð fyrir mér að fara út í. En það kom heldur betur á daginn að þetta var rétt ákvörðun,“ segir Hans Steinar.



Hans Steinar með nokkrum ungmennum á ferð sinni til Eþíópíu.



Hans Steinar færði börnum í SOS Barnaþorpinu í Addis Ababa íslensku landsliðstreyjuna að gjöf frá KSÍ í heimsókn í byrjun árs 2020.

### Öðlaðist nýtt líf

Hansi segir að hann hafi fengið mikið svigrúm til að læra og kynna sér hlutina og gera starfið að sínu.

„Þessi tími frá því ég tók við starfinu hefur verið ótrúlega gefandi og lærdómsríkur. Ég hef alveg náð að endurnýja sjálfan mig. Allt í einu komst ég í nýja rútinu með venjulegri dagvinnu og þetta gaf mér tækifæri til að láta gamlan draum rætast. Ég kláraði stúdentsprófið með glans frá Háskólabrú Keilis og með því náði ég heldur betur að endurnýja hausinn og uppfæra mig. Ég verð bara að segja það hreint út að ég öðlaðist nýtt líf með því að breyta um starf.“

Hans er nýkominn heim frá Eþíópíu og Sómalílandi en af og til heimsækir hann þessi lönd og fleiri þar sem SOS Barnaþorpin eru með sína skjólstæðinga.

„Á hverju ári hittust við á

alþjóðaskrifstofu SOS í Vinarborg sem er mjög mikilvægt. SOS Barnaþorpin á Íslandi eru í fjárhagslegri ábyrgð fyrir verkefnum í Eþíópíu, Sómalíu, Sómalíulandi, Rúanda, Tógó og Malaví. Þessi verkefni eru styrkt að stærstum hluta af utanríkisráðuneytinu og inni í þeim samningum eru kvaðir um eftirlitsferðir. Við notum þessar ferðir til efnisöflunar svo við getum sagt frá árangri og gangi mála í þessum verkefnum. Ég tek viðtöl við skjólstæðinga og myndir, myndbönd og fleira. Þetta er mjög mikilvægt til að geta sýnt hvað við erum að gera og séum ekki bara einhverj samþök að taka við peningum.

Við erum til að mynda með verkefni í Sómalíu og Sómalílandi sem snýr að því að efla ungt fólk til atvinnuþátttöku, kenna því að sækja um vinnu, þjálfa að efla sjálfstraust þeirra. Stærsti vandinn

er sá að ungt fólk er ekki með sjálfstraust til að þekkja styrkleika sína og sækja um vinnu eða stofna til atvinnurekstrar. Það er 75% atvinnuleysi ungmenna undir þritugu á þessum stöðum og þessi ungmenni eru fórnarlömb. Hryðjuverkahópar notfæra sér þetta ástand og sækja í atvinnulaus ungmenni. Þess vegna er svo mikilvægt að koma ungmennum í einhverja rútinu og þetta verkefni sem við erum að fjármagna þar er ótrúlega mikilvægt. Þetta er bara svona lýsandi dæmi um starf SOS. Í grunninn er starfsemi SOS Barnaþorpanna að taka að sér munaðarlaus börn og veita þeim nýja fjölskyldu og heimili. Þetta er stærsta varan sem samtökin eru þekkt fyrir. Starfsemi SOS, sem eru 74 ára gömul alþjóðleg samtök, hefur þróast út í það að vinna umbóta-starf í þágu barna og ungmenna,“ segir Hans Steinar.

Hann segir að annað verkefni nefnist fjölskylduefning.

„Við erum með þrjú þannig verkefni í þremur löndum; Malaví, Eþíópíu og Rúanda. Þá erum við að hjálpa barnafjölskyldum í sárafátækt að standa á eigin fótum svo að fjölskyldurnar leysist ekki upp. Þá hjálpum við foreldrunum að hjálpa sér sjálfir. Við erum ekki að gefa þeim fisk í matinn sem dugir í kvöld heldur veiðistöng sem þau geta notað og byrjað að afla sér tekna, hjálpa þeim að búa til rekstur eða tekjur með ýmsum tækjum og tólum sem samtökin hafa búið til í sínu módeli. Ég var einmitt í Eþíópíu á dögnum að taka viðtöl og efni. Verkefni okkar

Ég vissi að ég var að taka mikla áhættu. Ég var að fara út í bransa sem ég hafði aldrei séð fyrir mér að fara út í. En það kom heldur betur á daginn að þetta var rétt ákvörðun.

Hans Steinar Bjarnason

þar er að verða fimm ára gamalt og núna eru fyrstu fjölskyldurnar búnar að útskrifast og þurfa að standa á eigin fótum. Það er svo gefandi að sjá svona. Fjölskylda sem ég hitti árið 2019 og var í vonlausri stöðu og í mólum: að sjá þessa sömu fjölskyldu núna þá sér maður allt annað ástand. Þær fjölskyldur sem ég talaði við voru svo þakklátar.“

**Hitti „strákinn“ sinn í Eþíópíu**  
Hans og Sigríður Þóra Þórðardóttir eiginkona hans hafa undanfarin fjögur ár styrkt dreng í SOS Barnaþorpinu í Addis Ababa í Eþíópíu. Hann verður tíu ára í sumar. Hansi nýtti tækifærið á ferð sinni og heimsótti drenginn.

„Ég ákvað það áður en ég var búinn að starfa í eitt ár sem upplýsingafultrúi að gerast SOS-foreldri vitandi að ég ætti eftir að fara til Eþíópíu. Við hjónin ákváðum að styrkja þennan strák sem ég gæti hitt og ég heimsótti hann á dögnum. Hann var mjög spenntur. Hann er mikill áhugamaður um fótbolta og þegar ég fór þangað út árið 2020 fékk ég KSÍ til að gefa mér tíu landsliðstreyjur fyrir eitt heimili. Þau voru alveg í skýjunum með þessar treyjur.“

Spurður hvernig gangi að fá Íslendinga til að styrkja SOS Barnaþorpin segir Hans: „Það gengur alveg ljómandi vel en það er mikil áskorun um þessar mundir vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Margt fólk sem ekki hefur mikið á milli handanna er að styrkja samtökin en svo eru margir sem hafa mikið á milli handanna sem láta sig þetta engu varða. Þúsund krónur á Íslandi margfaldast í þessum löndum sem við erum að hjálpa. Það voru 21 þúsund Íslendingar sem styrktu SOS á síðasta ári og það er á 12. þúsund sem styrkja mánaðarlega. Ég vil koma á framfæri þakklæti til þeirra sem styrkja samtökin.“ ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarnefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi:  
Torg ehf  
Ábyrgðarmaður:  
Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Guðmundur Hilmarsson, gummih@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Frey Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölu menn:  
Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,  
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654,  
Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

## Ljúfari lifur, alla daga

### GUARD-YOUR-LIVER®

Háþróuð blanda sem verndar lifrina og styður við hreinsun

GOOD ROUTINE® fæst í Apótekanum, Nettó, Fjarðarkaup, Hagkaup, Krónunni, Lyf og heilsu og á [goodroutine.is](http://goodroutine.is)



630 mg  
Fosfólípíð (EPL)



100 mg  
Silymarin



37,5 mg  
Silybin



2,5 mcg  
Fosfatidýlkólín



GOOD ROUTINE

KAVITA

# *Fermingar*

2023



Emma Ottesen Gísladóttir er fyrirseta á myndinni sem Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, tók.



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir  
thordisg  
@frettabladid.is

Skagamaðurinn Hjörtur Elías Ágústsson er heill, hamingjusamur og hraustur eftir að hafa sigrast á illvigu krabbameini. Hann fermist í Akraneskirkju 26. mars og hlakkar mikið til stóra dagsins.

„Ég ákvað að fermast því ég trú á Guð og Jesú Krist. Ástæðan fyrir því að ég trú á Guð er að hann hjálpaði mér í gegnum veikindi mín sem byrjuðu 2018 og ég trú því að Guð hafi læknað mig. Ég var duglegur að biðja bænir og fann að ég var bænheyrður. Því var engin spurning fyrir mig að fermast. Ég vil hafa Jesú að leiðtoga lífs míns.“

Þetta segir Hjörtur Elías Ágústsson, 13 ára nemandi við Brekkju-lækjarskóla á Akranesi. Hann fermist í Akraneskirkju sunnudaginn 26. mars næstkomandi.

„Það hefur gengið mjög vel í fermingarfræðslunni. Ég hef lært heilmargt um Jesú og hans verk, náungakærleikann og að virða náungann. Við förum líka í stórskemmtilega fermingarferð í Vatnaskóg; Grundarskóli og Brekkulækjarskóli saman,“ upplýsir Hjörtur sem er jafnframt búinn að fara í tíu fermingarmessur í vetur og hlakkar mikið til fermingardagsins.

„Ég hlakka mest til að taka þetta skref að fermast. Líka að hitta gestina mína, sem verða um 100 talsins, og auðvitað að fá gjafirnar. Efst á óskalista mínum er PlayStation 5-leikjatölva og ferð á heimaleik Liverpool í Liverpool. Það er draumurinn minn,“ segir Hjörtur sem æfir fótbolta með 4. flokki hjá ÍA og fékk bikar með liði sínu á Rey Cup í fyrra.

„Fótboltinn er bara lífið og ég veit allt sem hugsast getur um fótbolta. Ég spila sem bakvörður og á kantinum, er skotfastur og duglegur að skora. Minn stærsti draumur er að komast í A-landsliðið í knattspyrnu og jafnvel atvinnumennsku í framtíðinni, en plan B væri að verða söngvari og tónlistarmaður. Ég er ágætis söngmaður, finnst gaman að koma fram á sviði og tek þátt í öllu slíku í skólanum,“ segir Hjörtur sem ætlar að fermast í svörtum sparibuxum, skyrtu, leðurjakka.

Ritningarversíð sem hann valdi sér á fermingardaginn er „Sælir eru hjartahreindir, því þeir munu Guð sjá“.

„Ég hef ekki enn ákveðið hvað ég geri við fermingarpeninginn en hugsa að ég leggi hann inn í banka til að safna mér fyrir útborgun í íbúð í framtíðinni.“

#### Spítalavistin var leiðinlegust

Hjörtur Elías greindist með eitilfrumkrabbamein í febrúar 2018 og aftur í maí sama ár, en þá í ristli. Hann er spurður hvernig heilsan sé í dag.

„Heilsan er bara fin og ég er næstum orðinn jafngóður og ég var áður en ég veiktist. Ég náði að sigr krabbann og útskrifaðist samkvæmt fimm ára reglunni í febrúar,“ segir Hjörtur sem í dag er hraustur og kraftmikill, en auk þess að æfa fótbolta er hann að læra á píanó.

„Mig langaði að læra á hljóðfæri eftir að kona á spítalanum í Svíþjóð kenndi mér heilmikið á píanóíð þar. Núna hef ég lært í þrjú ár, er orðinn nokkuð góður og farinn að semja rólega píanótónlist sjálfur. Hver veit nema ég spili á píanó fyrir gestina í fermingarveislunni, ég hef alveg ekki ákveðið það.“

Hann segir veikindin hafa verið erfiða lífsreynslu.

„Það var auðvitað erfitt að fara í margar meðferðir við krabbameininu, en erfiðast fannst mér að þurfa að hanga á einangrunardeild



Hjörtur er þakklátur fyrir að hafa náð heilsu. Hann var duglegur að biðja bænir í veikindum sínum og fann að hann var bænheyrður.

FRÉTTABLAÐIÐ  
ERNIR



Fótbolti er líf og yndi Hjartar sem spilar með 4. flokki ÍA. Hann dremir um fermingarferð á heimaleik með Liverpool og atvinnumennsku í framtíðinni.

spítala í níu mánuði. Það var ömurlega leiðinlegt, en nauðsynlegt.“

#### Hermaður kom með Guðs gjöf

Íris Jónsdóttir, móðir Hjartar Elíasar, segir son sinn allan að koma til og braggast vel.

„Hjörtur er flottur unglingur sem blómstrar hér á Skaganum, fullur sjálfstrausts og sjálfsöryggis og hann óttast ekki neitt. Hann er vinsell og á góða vini sem hann

hangir með úti langt fram á kvöld, nýtur þess að vera frjáls og komast út, og lífið er bara geggjað,“ segir hún, hamingjusöm yfir bata sonarins sem nú þarf að taka námið fastari tókum en jafnaldrarnir eftir að hafa misst tvö ár úr skóla vegna veikindanna.

„Lyfjameðferðirnar réðust á ónæmis- og stoðkerfi Hjartar og sökum áhrifa þeirra er hann nú í tannréttingum og kominn með

” Ástæðan fyrir því að ég trú á Guð er að hann hjálpaði mér í gegnum veikindi mín sem byrjuðu 2018. Því var engin spurning fyrir mig að fermast. Ég vil hafa Jesú að leiðtoga lífs míns.

Hjörtur Elías Ágústsson

gleraugu. Það er margt sem spilar inn í vegna áhrifa lyfjanna og hann er í alls konar prógrammi en það lítur allt vel út.“

Eftir að Hjörtur greindist með krabbameinið og í öllu sjúkdómsferlinu leitaði fjölskyldan í trúna.

„Ég hef alla tíð haldið í mína barnatrú. Ég trú því að Guð hafi verið með okkur og gefið að vel gekk með Hjört. Við fjölskyldan báðum fyrir Hirti á hverju kvöldi og það voru margir sem báðu fyrir honum um land allt. Undir það síðasta var tíminn orðinn naumur því ekki fannst hæfur beinmergsjafi. Þá runnu tvær grimur á lækna sem kölluðu fjölskylduna á fund og sögðu helmingslíkur á að Hjörtur myndi lifa veikindin af ef ekki myndi lifa beinmergsjafi,“ segir Íris sem ásamt systkinum Hjartar fór í rannsókn til að vita hvort þau gætu gefið honum lífsnauðsynlegan beinmerg.

„Til að geta gefið beinmerg þurfa gildin að vera 4,5 af 12 og ekkert okkar náði þeim. Því leit þetta mjög illa út. Einum og hálfum mánuði síðar fengum við símtal um að 28 ára þýskur hermaður væri á leið til Svíþjóðar til að gefa Hirti beinmerg. Hann reyndist vera hinn fullkomni beinmergsjafi, í sama blóðflokki og Hjörtur og með gildin 12 af 12; nokkuð sem gerist nánast aldrei, sögðu lækarnir og á Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi var talað um kraftaverk. Eftir beinmergsjófina lá leiðin svo fljótt upp á við hjá Hirti sem leið strax betur og sigraðist smám saman á krabbannum. Þetta var Guðs gjöf.“ ■



Gefðu minningar  
í fermingargjöf



[icelandair.is](http://icelandair.is)

Góð ferðasaga er gjöf  
sem endist alla ævi

Leyfðu fermingar barninu að velja sína ferðasögu, hver sem hún er. Fermingar barnið getur svo nýtt fleiri en eitt gjafabréf í einu þegar draumaferðin liggur fyrir — hvort sem það er fótboltaferð, verslunarferð, sólarlandaferð eða borgarferð.

Minning að eigin vali á [icelandair.is/gjafabref](http://icelandair.is/gjafabref)

# Hnallþóruveisla að íslenskum sið

Kristjana Stefánsdóttir, söngkona og tónlistarstýra, fermdist í Selfosskirkju vorið 1982. Boðið var upp á íslenskar hnallþóru, rjómatertur og brauðtertur í skemmtilegri heimaveislu og voru gestir um þrjátíu.

elin@frettabladid.is

Kristjana rifjar upp daginn og segist hafa verið í klassískum '80-fatnaði. „Við mamma fórum í tískuvörverslunina Lindina á Selfossi og keyptum rautt pils og skjannahvíta skyrtu með stórum kraga. Svo fékk ég mína fyrstu hælaskó, klassíska hvíta en með smá silfur-rönd. Þeir voru keyptir í skóbúð Selfoss hjá Búllu frænku minni,“ segir hún brosandi.

Kristjana fékk margar frábærar gjafir og er ánægð með daginn. „Ég fékk nokkra skart-

Kristjana segir að fermingarmyndin hafi verið mjög týpísk fyrir þennan tíma en hún fermdist vorið 1982.

gripi og bækur. Systkini mömmu og fjölskyldur þeirra gáfu mér fullan skiðabúnað og mamma gaf mér ferð í Kerlingarfjöll til að læra á skiðin. Pabbi gaf mér geggjað kasettutæki sem hafði verið draumur minn í langan tíma. Þá gat ég loksins tekið upp uppáhaldslögin mín í Lögum unga fólksins,“ segir hún.

Þegar Kristjana er spurð hvort hún sé ánægð með fermingarmyndina, svarar hún: „Já, hún er allt í lagi en er algjörlega barn síns tíma hvað varðar uppstillingu, klæðnað og hárgreiðslu.“

Kristjana er búin að ferma son sinn sem valdi að fermast borgaralega. „Það var mjög afslappað og gaman, héldum veisluna í sal en bara nánustu vinir og fjölskylda.“ Þetta hefur verið



Fermingarfötin voru í anda níunda áratugarins og hárgreiðslan sömuleiðis. Rjómaterturnar flóðu um borðið eins og tíðkaðist á íslenskum heimilum á þessum tíma.

MYNDIR/ÁÐSENDAR

annasamur vetur hjá Kristjönu. Hún var tónlistarstjóri í Söngvakeppni sjónvarpsins og þar áður raddþjálfaði hún keppendur í Idolkeppninni á Stöð 2. „Síðan samdi ég tónlist fyrir Shakespeare-sýn-

inguna í Þjóðleikhúsinu en ég leik- og tónlistarstýri þeirri sýningu sem er í fullum gangi auk þess að kenna í Listaháskólanum.“

Kristjana segir að alltaf sé eitthvað spennandi á dagskrá hjá sér



Kristjana Stefánsdóttir hefur komið víða við í vetur í störfum sínum og veturinn hefur verið annasamur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

“Ég fékk nokkra skartgripi og bækur. Systkini mömmu og fjölskyldur þeirra gáfu mér fullan skiðabúnað og mamma gaf mér ferð í Kerlingarfjöll til að læra á skiðin.

og næst séu það heidurstónleikar Ellu Fitzgerald í Salnum sem verða 22. apríl næstkomandi. „Síðan mun ég svo taka þátt í danssýningunni „When the bleeding stops“ eftir Lovísu Ósk Gunnarsdóttur og við erum á leið til Dublnar að sýna á Aerowaves Spring Forward-danshátíðinni í lok apríl,“ segir hún en Kristjana samþykkti að deila fermingarmyndinni með lesendum. ■

## Fyrir ferminguna og önnur hátíðleg tækifæri



Sjáðu allt úrvalið á **RV.is**

– servíettur, dúkar, yfirdúkar og kerti í miklu úrvali



**Rekstrarvörur**  
– fyrir þig og þinn vinnustað

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is







Sigríður Elfa Elíðóttir hjá Icepharma mælir með Restore- og Clarify-vörulínunum frá Neostrata fyrir fermingarbarnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Húðvörur fyrir fermingarbarnið

Neostrata býður upp á vörulínur sem henta hverju húðvandamáli fyrir sig, þar á meðal Restore-vörulínuna sem hentar öllum húðgerðum, einkum viðkvæmri húð, og Clarify-vörulínuna fyrir erfiða húð, svo sem feita og bólusækna húð.

„Við bjóðum upp á tvær vörulínur sem henta fyrir húðumhírðu fermingar barnsins,“ segir Sigríður Elfa Elíðóttir, viðskiptastjóri hjá Icepharma.

„Fyrir húð sem vantar bara raka fyrir stóra daginn þá erum við með Restore-vörulínuna. Það er sérstök vörulína með mjög mildum en áhrifríkum sýrum. Hún verndar rakavarnarlag húðarinnar og er kjörin fyrir allar húðgerðir, einkum viðkvæma og auðertanlega húð.“

Í Restore-línunni má finna PHA Facial Cleanser sem er olíulaus andlitshreinsir sem hreinsar húðina án þess að þurrka hana og gefur henni raka. Eftir hreinsun segir Sigríður Elfa gott að undirbúa húðina vel með PHA Renewal Pads sem eru blautar andlitsskífur sem henta viðkvæmri húð og afhjúpa geislandi og jafna áferð með reglulegri notkun.

„Svo myndi ég vilja mæla með Ultra Moisturizing Face Cream. Það er dagkrem sem hentar vel fyrir unga húð. Það gefur húðinni góðan raka og yfirbragð hennar verður mýkra, frísklegra og jafnara,“ segir hún.

„Kvöldið fyrir stóra daginn er svo gott að nota rakamaska sem gefur frísklegt yfirbragð en þar kemur Pure Hyaluronic Acid Mask sterkur inn. Það er bréfmaski með hreinni hýalúronsýru, hann kælir húðina og færir henni ákaflega mikinn raka. Hann fyllir húðina og sléttar hana.“

## Fyrir erfiða húð

Clarify-vörulínun er hugsuð fyrir erfiða húð, einkum feita og bólusækna húð. Sigríður segir að

” Fyrir húð sem vantar bara raka fyrir stóra daginn þá erum við með Restore vörulínuna. Það er sérstök vörulína með mjög mildum en áhrifríkum sýrum.

húðlæknar mæli sérstaklega með Clarify-línunni en leggur áherslu á að fólk með sértæk húðvandamál ætti alltaf að hitta húðlækni.

„En við getum mælt með Clarify-vörulínunni fyrir olíumikla húð. Clarify-línan býður upp á bakteríueyðandi og rakagefandi andlitshreinsi sem heitir Mandelic Clarifying Cleanser. Hann inniheldur hvorki sápu né ilmefni svo hann ertir ekki og hann er sérstaklega góður fyrir feita og bólotta húð,“ segir Sigríður Elfa.

„Í kjölfarið mælum við með að nota Oily Skin Solution andlitsskífur sem er hannað til að fjarlægja fitu og olíu af húðinni. Þetta er sérstaklega gott að nota fyrir myndatökuna eða fyrir stóra daginn til að gera húðina aðeins mattari. Við erum líka með Sheer Hydration SPF40 dagkremið sem hentar fullkomlega fyrir feita húð en það er létt og olíulaust. Einnig er það með sólarvörn sem er alltaf gott.“ ■

Söluastaðir: Flest apótek, H verslun BILDHÖFÐA og hverslun.is



Pure Hyaluronic Acid Mask er bréfmaski með hreinni hýalúronsýru sem gott er að nota kvöldið fyrir stóra daginn.



» Húðlæknar mæla sérstaklega með Clarify-línunni.

PHA Renewal Pads eru blautar andlitsskífur sem henta viðkvæmri húð.



Sheer Hydration SPF40 dagkremið hentar fullkomlega fyrir feita húð



Oily Skin Solution andlitsskífur er hannað til að fjarlægja fitu og olíu af húðinni.



Ultra Moisturizing Face Cream dagkremið hentar vel fyrir unga húð.



Mandelic Clarifying Cleanser andlitshreinsir er góður fyrir feita og bólotta húð.



PHA Facial Cleanser olíulaus andlitshreinsir.

Rúnar Þór Hafþórsson verður fermdur í Ástjarnarkirkju í Hafnarfirði á morgun og eðlilega er hann spennur fyrir deginum.

gummih@frettabladid.is

Fermdingardrengurinn Rúnar Þór Hafþórsson er afar spennur fyrir ferð sem hann fer til Liverpool í næsta mánuði, ekki síður en fyrir fermdingunni sjálfri. Rúnar verður á meðal áhorfenda á leik Liverpool og Tottenham, sem mætast á Anfield í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta, en Liverpool er í miklu uppáhaldi hjá honum. Sannkallaður stórleikur verður þar á ferðinni en bæði lið eru í baráttunni um að komast í Meistaradeildina á næsta keppnistímabili. Tottenham er sem stendur í 4. sæti deildarinnar og er sex stigum á undan Liverpool sem er í 6. sætinu en Liverpool á leik til góða. Fótboltaferðin er fermdingargjöf Rúnars Þórs frá foreldrunum en móðir hans, Guðrún Svavarsdóttir, mun verða með syni sínum á Anfield.

„Það var draumur hans að fá ferð á leik með Liverpool á Anfield í fermdingargjöf. Hann er gallharður stuðningsmaður Liverpool eins og öll fjölskyldan og það kom ekkert annað til greina hjá honum en að fá svona ferð í fermdingargjöf,“ segir Guðrún.

#### Langar að fara aftur

Spurður hvort það hafi alltaf verið óskin að fá fótboltaferð til Anfield í fermdingargjöf frá mömmu og pabba segir Rúnar Þór:

„Já, ég óskaði eftir því að fá

# Fær draumaferðina í fermdingargjöf



Rúnar Þór á Anfield í fyrra þar sem hann sá sína menn vinna sigur á West Ham.

MYND/ADSEND



Rúnar Þór í Liverpool-treyjunni fyrir utan heimili sitt í Hafnarfirði en hann verður fermdur í Ástjarnarkirkju á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ferð á heimaleik með Liverpool í fermdingargjöf. Það var mikil upplifun þegar ég fór í fyrsta sinn til Anfield og mig langar svo sannarlega að fara aftur,“ segir Rúnar.

Rúnar sá sína menn leggja West Ham að velli 1:0 á Anfield í mars í fyrra þar sem Sadio Mané skoraði sigurmarkið. Mané er nú horfinn á braut og spilar með þýska meistaraliðinu Bayern München. Í þessari ferð í fyrra segist Rúnar hafa hitt Kólumbíumanninn Luiz Díaz, leikmann Liverpool, þegar hann fór út að borða og það hafi verið mjög skemmtilegt.

#### Ert þú að æfa fótbolta?

„Já, ég er búinn að æfa fótbolta með FH síðan ég var fjögurra ára gamall. Stefnan er að verða atvinnumaður og spila fyrir landsliðið,“ segir Rúnar og þegar hann

er spurður hvað hann langar til að verða þegar hann verður stór er hann fljótur að svara: „Mig langar að verða atvinnumaður í fótbolta.“

#### Smáréttir á boðstólum

Rúnar er spennur fyrir stóra deginum en á morgun klukkan 11 verður hann fermdur.

#### Hefur undirbúningurinn fyrir fermdinguna gengið vel?

„Já, hann hefur gengið mjög vel. Mamma hefur að mestu leyti séð um undirbúninginn með hjálp frá pabba, ömmu og afa. Fermdingaveislan verður haldin heima hjá ömmu og afa og verða smáréttir á boðstólum. Ég fermist í Ástjarnarkirkju og ég hef verið í fermdingarfærðslu þar hjá Bolla og Nóa sem hefur gengið mjög vel,“ segir Rúnar Þór. ■

## FALLEGAR & VANDAÐAR VÖRUR Í FERMDINGARPAKKANN

SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ INN Á MAÍ.IS



Sol de Janeiro Bom Dia Bright: 8.590 kr. - Sol de Janeiro Bum Bum Scrub: 7.990 kr. - Sol de Janeiro hárolfa: 6.990 kr. - Óskabönd Lífsins Tré armband: 6.900 kr. - Peter Thomas Cucumber maski: 7.990 kr. - DW Home kerti: 4.290 kr. - Patchology Serve Chilled Bubbly Eye Gels 5 Pack: 2.490 kr. - The Ordinary Hyaluronic Acid: 2.290 kr. - The Ordinary Natural Moisturizing: 3.190 kr. - Marc Inbane 50 ml: 4.790 kr.

GARÐATORGI 4 & MALIS

MAÍ

SÍMI: 551 5010

## Falleg marengsterta á veisluborðið

elin@frettabladid.is

Marengsterta er alltaf vinsæl á veisluborðinu. Tertan er sæt og stökk en súkkulaðikremið og krókantið gera hana að miklu gúmmelaði. Sannkölluð gleði í hverjum bita.

#### Marengsterta með súkkulaði

6 eggjahvítur  
350 g sykur  
1 msk. maizena  
2 tsk. balsamedik  
2 msk. kakó  
70 g dökkt súkkulaði, smátt skorið  
Krókant  
2 dl sykur  
1 dl möndullur, heslihnetur eða pistasiur

Hakkið möndullurnar. Bræðið sykurnar á pönnu. Setjið möndullur út í

og hrærið saman. Setjið blönduna á bökunarpappír og látið kólna.

#### Súkkulaðikrem

200 g dökkt súkkulaði  
150 g hreinn rjómaostur, stofuheitur  
125 g smjör, mjúkt  
200 g flórsykur  
50 g kakó  
200 g rjómi

Hitið ofninn í 130 gráður.

Þeytið saman eggjahvítur og sykur þar til úr verður fallegur marengs. Setjið maizena út í. Það má líka setja sykurnar smátt og smátt eftir því sem fólk vill. Edikið er sett í lokin og síðan þeytt áfram í 10 sekúndur. Setjið súkkulaði og kakó saman við með sleif og hrærið rólega.

Teiknið fjóra hringi, 18 cm, á bökunarpappír. Dreifið marengs á alla hringina. Bakið í 30 mínútur. Slökkvið á ofninum og látið standa áfram í honum í 30 mínútur í viðbót.

Bræðið súkkulaði í rjómanum fyrir kremið. Þeytið saman rjómaost og smjör í hrærivél þar til blandan verður jöfn og glansandi. Bætið þá við flórsykri og kakói. Blandið vel saman. Loks er súkkulaðirjómanum hrært varlega saman við.

Leggið marengsins saman með súkkulaðikremi á milli. Það er hægt að gera tveir tertur með tveimur botnum eða hafa þá alla fjóra saman. Súkkulaðikrem á einnig að setja á toppinn.

Það má skreyta með þeyttum rjóma og dreifa hökkudum krókant yfir. Einnig er fallegt að setja lítil páskaegg ofan á tertuna en auðvitað má líka nota fersk ber. ■



# DRONEFLY

VERSLUN, VERKSTÆÐI, NÁMSKEIÐ & LEIGA

# FERMINGAR TILBOÐ

ALLT AÐ  
**40%**  
AFSLÁTTUR



**DJI MINI 3 PRO**  
Verð frá 126.990 kr.-



**DJI ACTION 2**  
Verð frá 56.941 kr.-  
verð áður 66.990 kr.-



**DJI POCKET 2**  
Verð frá 59.491 kr.-  
verð áður 69.990 kr.-

VERSLUN JÖFURSBÁS 4  
Sími: 566-6666  
DRONEFLY@DRONEFLY.IS  
WWW.DRONEFLY.IS



CHASING

TILTA



# Fermingu og afmæli slegið saman



Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun @frettabladid.is

Jón Levi Dalkvist er nemandi í 8. bekk í Auðarskóla í Búðardal. Hann fermist í vor, líkt og svo margir jafnaldrar hans, en stóri dagurinn verður á skirdag, þann 6. apríl. Jón Levi segist vera spennur fyrir deginum.

Flestir bekkjarfélagar Jóns Levis fermast í kirkju en Jón Levi og ein bekkjar-systir hans völdu að fermast borgaralega. Jón Levi segist upphaflega ekki hafa ætlað að fermast yfirhöfuð en mómmu hans fannst það frekar leiðinlegt svo hann stakk upp á að halda bara stórt afmæli í staðinn.

„Mamma var svo leið yfir að ég ætlaði ekki að fermast og varð glöð þegar ég vildi halda afmæli í staðinn. En svo ákvað ég að fermast borgaralega og þá breyttist það í fermæli, sem er ferming og afmæli saman,“ útskýrir Jón Levi sem verður 14 ára þann 13. apríl.

Jón Levi segir að þótt hann sé ekki trúður í dag hafi hann einu sinni verið kristinnar trúar.

„En svo var ein ferming sem ég fór í sem fældi mig þínu frá trúnni. Ég hef líka hitt fólk sem var of trúað fyrir minn smekk og ég hugsaði: Þetta er of mikið,“ segir hann.

**Þannig að ferming í kirkju hentar þér alls ekki?**

„Nei, alls ekki, það hentar mér miklu betur að fermast borgaralega.“

## Lærdómsríkur leikur

Jón Levi hefur þurft að fara alla leið á Akranes til að fara í fermingarfræðslu en hann var einmitt



að fara í fræðslu helgina eftir að blaðamaður ræddi við hann fyrir viku síðan.

„Ég er að fara á námskeið alla helgina, á laugardaginn og sunnudaginn. En svo var líka námskeið fyrir löngu síðan en fyrsta deginum var aflýst vegna veðurs,“ segir hann. Hann segir að það hafi verið alveg ágætlega margir krakkar á því námskeiði, en ekkert of margir samt.“

**Hvað lærðu þú á námskeiðinu?**

„Við lærðum aðallega um forsetamál, lýðræði og pólitík og svona. Við gerðum til dæmis svona próf þar sem við bjuggum til gervisamfélag sem átti að velja forseta. Við gátum valið um þrjá menn. Maður eitt var, ég man ekki alveg fyrri hlutann um hann en seinni hlutinn var að hann var með fylgjendur sem elskuðu og dýrkuðu hann. Næsti maður var ótryggur konu sinni en var ræðusnillingur og sá síðasti var háður eiturlyfjum en lifði eftir kristnum gildum,“ útskýrir Jón Levi.

„Við enduðum á að velja mann eitt sem forseta en svo kom í ljós að hann var Adolf Hitler. Ég man ekki hver maður númer tvö var, en maður númer þrjú var Kanye West.“

**Hvað fannst þér þú læra af þessum leik?**

„Ég veit það ekki, kannski að fólk lítur kannski vel út ef þú lest um það en svo er það kannski ekki svo gott fólk.“

## Mamma ekki alltaf sammála

Jón Levi segir að mamma hans hafi að mestu séð um undirbúning

**77** Mamma var svo leið yfir að ég ætlaði ekki að fermast og varð glöð þegar ég vildi halda afmæli í staðinn. En svo ákvað ég að fermast borgaralega og þá breyttist það í fermæli.


veislunnar. En fermingarathöfnin mun fara fram í veislunni sjálfri.

„Ég er með ákveðnar hugmyndir en mamma er ekki alltaf sammála og er að reyna að leiðbeina mér að breyta eða bæta, sem mér finnst stundum svolítið pirrandi því þetta er mín veisla,“ segir Jón Levi.

„En hún spyr mig samt alveg hvað mér finnst og vill að ég sé með í þessu.“

Hann segir að búíð sé að ákveða flest hvað varðar stóra daginn og hann sé búinn að finna fermingar-föt sem hann er ánægður með.

Hann segist spennur fyrir stóra deginum, hann segist helst óska sér að fá tölvuleiki í fermingargjöf og þegar hann er spurður hvað hann haldi að verði skemmtilegast við daginn svarar hann: „Örugglega bara veislan sjálf. Að hitta fullt af ættingjum og vinum.“ ■



## Meiri háttar snickers-kaka

Vantar þig hugmynd að æðislegri köku sem hægt er að hafa á fermingarborðinu? Hér er snickers-kaka sem er allt í senn, súkkulaði, salt-hnetur og yndismjúk karamella. Smávegis gotterí sem gleður allan aldur.

elin@frettabladid.is

Út úr þessari uppskrift, sé kakan bökuð í eldföstu fati sem er 20x30 cm, ættu að fást að minnsta kosti 10 bitar.

### Súkkulaðikaka

3 dl sykur  
4 msk. kakó  
1,5 dl hveiti  
1 tsk. vanillusykur  
150 g smjör  
2 egg



Hér hefur kakan verið bökuð í hringformi en það er betra að hafa hana í formi sem er 20x30 cm.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hitið ofninn í 150–160°C. Blandið saman þurrrefnum sem eiga að fara í súkkulaðibotninn. Bætið við bráðnu smjöri og eggjum og hrærið allt vel saman í hrærivél.

Smyrjið bökunarform sem er 20x30 cm og setjið bökunarpappír í botninn. Setjið blönduna í formið og dreifið úr henni.

Bakið í 45–50 mínútur. Kælið kökuna alveg.

### Hvít súkkulaðimús

100 g hvítt súkkulaði  
3 dl rjómi  
1 plata matarlím  
100 g sykurlúðar (marshmallows)

Grófhakkið hvítt súkkulaði og setjið í skál.

Setjið matarlím í smá kalt vatn. Setjið rjóma í pott og hitið rólega upp. Setjið matarlímsblaðið út í og hrærið þar til það leysist upp. Setjið þá sykurlúðana út í og hrærið rólega þar til þeir leysast upp líka. Setjið blönduna saman við hvíta súkkulaðið og hrærið allt saman.

Þá er blöndunni hella yfir súkkulaðikökuna og fatið sett í kæli þar til hún hefur stífnað.

### Karamellusósa

3 dl rjómi  
2 dl sykur  
1 dl ljóst síróp  
100 g smjör

### Ofan á kökuna

1 dl salthnetur  
200 g dökkt suðusúkkulaði  
2 tsk. kókosfita

Setjið rjóma, sykur og síróp í pott. Hrærið saman og hitið upp á meðan hrært er stöðugt í.

Látið malla í 30 mínútur þar til karamellublandan þykknar. Ef uppskriftin er stækkuð þarf hún að malla í að minnsta kosti 15 mínútum lengri tíma.

Gott er að nota mæli en blandan á að fara upp í 118°C. Blandan má ekki vera of hörð heldur er betra að hún sé mjúk. Þegar karamellan er passleg er smjörin hrært saman við.

Hellið karamellusósunni yfir stífa súkkulaðimúsina, dreifið salthnetum yfir.

Í lokin er dökkt súkkulaði og kókosfita sett í vatnsbað. Þegar þetta er bráðnað er blöndunni hella yfir karamellusósuna. Geymið í kæli. ■

**Ferming framundan?**

Photobooth

Ferming Juliana Sérmerktar blöður

**PARTYBUDIN**

Faxafeni 11 • Sími 534 0534  
www.partybudin.is



**YEST/YESTA toppur**  
Fæst líka í hvítu  
Stærðir 38-52  
Verð 6.980 kr



**GOZZIP Alicia kjóll**  
Stærðir 42-52  
Verð 21.980 kr



**ES&SY Tati kjóll**  
Stærðir 36-46  
Verð 8.980 kr



**STUDIO Ida kjóll**  
Stærðir 38-56  
Verð 17.980 kr



**SANDGAARD Helsinki síð peysa**  
Fæst í mörgum litum  
Stærðir 36-54  
Verð 13.980 kr

yesta

yest

no<sup>secret</sup>

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE  
Nordic

Q'UE



**MOLLY JO Kjóll**  
Stærðir 38-48  
Verð 35.980 kr



**MOLLY JO Kjóll**  
Stærðir 38-48  
Verð 39.980 kr



**MOLLY JO Kjóll**  
Stærðir 38-50  
Verð 29.980 kr



**MOLLY JO Sparitoppur**  
Stærðir 38-52  
Verð 21.980 kr



**HABELLA Kjóll**  
Stærðir 38-52  
Verð 26.980 kr

SUNDAY  
by Godske

FRANSEN

festival  
DENMARK

STUDIO

tamaris

GOZZIP

HABELLA

SANDGAARD

Jana

L'ASSESSOR



**STUDIO Alvilda kjóll**  
Stærðir 38-56  
Verð 21.980 kr



**ZHENZI Maeli mynstraður kjóll**  
Stærðir 42-56  
Verð 14.990 kr



**ZE ZE Salma shiffonkjóll**  
Stærðir 38-48  
Verð 9.990 kr



**ZE ZE Cruz stuttermakjóll**  
Fæst líka í bleiku  
Stærðir 36-48  
Verð 12.990 kr



**YEST/YESTA síð skyrtá**  
Fæst líka í bleiku  
Stærðir 36-56  
Verð 12.980 kr

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á  
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

# Grænkerafæði getur vel verið sælkerafæði

Samsetning fermingarhlaðborða hefur tekið miklum breytingum gegnum árin. Nú þarf að taka tillit til ólíkra þarfa gesta, meðal annars grænkerana.

starri@frettabladid.is

Sífelld fleiri hafa tekið þá ákvörðun að neyta ekki dýraafræða. Því er nauðsynlegt að huga að þeim hópi við skipulagningu fermingarveislunnar. „Hægt er að búa til vegan útgáfu af öllum dæmigerðum veisluréttum og kökum en hins vegar þurfa veitingar alls ekki að vera hefðbundnar,“ segir Þórdís Ólöf Sigurjónsdóttir sem hefur verið grænkeri síðan 2016. Hún heldur úti vinsæla matarblogginu Graenkerar.is auk samnefndrar Instagram-síðu. „Fyrir mér eru heppilegar veitingar einmitt eitthvað sem kemur á óvart. Hvernig væri að hafa veislutjald í garðinum og grilla? Það mætti elda spínatlasagna eða sleppa marengs- eða ístertunni og prófa í staðinn ferska hráköku.“

Hún neitar því ekki að úrval á hlaðborðum hafi minnkað eftir að hún gerðist vegan. „Ég kann þó alltaf ótrúlega vel að meta súrdeigsbrauð, hummus og vegan pestó, fersk ber, ávexti og einhverja góða vegan köku þegar ég sækir til dæmis fermingarveislur.“

Uppskriftasíðan Grænkerar er á sínu fimmta ári og segist Þórdís alltaf jafn glöð yfir því að hafa látið þennan draum rætast. „Frá því ég stofnaði síðuna hef ég lokið tveimur háskólagráðum, eignast tvö börn og nú nýlega byrjað í ótrúlega spennandi starfi.“ Hún hefur þar afleiðandi þurft að setja sig við að geta ekki eytt eins miklum tíma í hana og hún hefði viljað. „Markmið mitt er þó alltaf það sama og ég hef jafnmikla trú á því og í upphafi: að sýna fólki



Karamelluostakaka sem bráðnar í munni. Hér hefur söxuðum pekanhnetum verið stráð yfir.



Hægt er að búa til vegan útgáfu af öllum dæmigerðum veisluréttum og kökum, segir Þórdís Ólöf Sigurjónsdóttir sem hefur verið grænkeri síðan 2016. Hún heldur úti matarblogginu Graenkerar.is auk samnefndrar Instagram-síðu.

MYNDR/ÞSENDAR



Mexíkóskar vefjur eru sívinsælar á hlaðborðum.

hvað það er auðvelt og skemmtilegt að elda vegan mat og að grænkerar geti vel verið sælkerar.“

Hér gefur Þórdís lesendum nokkrar ljúffengar vegan uppskriftir fyrir fermingarhlaðborðið.

## Mexíkóskar vefjur

- [1 dós vegan rjómaostur, t.d. Oatly](#)
- [1 dós vegan sýrður rjómi, t.d. Oatly](#)
- [8 cm púrrulaukur](#)
- [2-3 litríkar paprikur](#)
- [2 avókadó](#)
- [1 dós svartbaunir, skola vel](#)
- [2 dl gular baunir, skola vel](#)
- [1 tsk. sítrónusafi](#)
- [1 lúka ferskt kóríander](#)
- [Salt og pipar, einnig getur verið gott að setja örllítið af mexíkóskri kryddblöndu](#)
- [6 tortillavefjur](#)

Byrjið á því að skera púrrulauk, paprikur og avókadó smátt niður. Skolið næst svartbaunirnar og gulu baunirnar í sigti. Blandið öllum hráefnunum saman í stóra skál og smakkið til með kryddum. Smyrjið blöndunni á tortillakökurnar og rúllið upp í vefjur. Setjið vefjurarnar í lokað fat og geymið í ísskáp yfir nótt. Skerið þær niður í um 2 cm þykkar sneiðar daginn eftir og raðið á stóran disk. Sniðugt er að stilla þeim upp á rönd og stinga tannstöngli í bitana.

## Glútenlaus súkkulaðikaka með saltkaramellukremi nægir í 3 litla botna, 2 stóra eða ofnskúffu

- [4 dl kasjúhnetur](#)
- [4 dl vatn](#)
- [½ dl. eplaedik](#)
- [4 dl plöntumjólk](#)
- [4 dl glútenlaust hveiti](#)
- [2 tsk. xanthum gum](#)
- [2 dl sykur, ég nota hrásýkur eða kókospálmasykur](#)
- [3 dl kakóduft](#)
- [1,5 tsk. lyftiduft](#)
- [1 tsk. matarsódi](#)
- [1½ dl bragðlaus olía](#)
- [½ dl espressó](#)
- [1 msk. vanilludropar](#)
- [½ tsk. salt](#)

Stillið ofninn á 175°, yfir- og undirhita. Skolið kasjúhneturnar vel og leggið í bleyti í 10-20 mínútur.

Sigtið næst vatnið frá kasjúhnetunum og setjið þær í blandara ásamt 4 dl af köldu vatni. Hrærið eplaedikinu saman við með sleif og leyfið blöndunni að bíða. Næst er þurfnunum hrært saman í stórra skál. Blandið kasjúhnetublöndunni, plöntumjólk, espressó, olíu og vanilludropum saman og hellið út á þurfnablönduna í skömmtum og hrærið. Smyrjið kökuform með olíu og leggið smjörpappír í botninn. Dreifið deiginu jafnt á milli formanna (ég notaði 3 kökuform og setti um 530 g af deigi í hvert form). Bakið í 25-30 mínútur (fer þó eftir stærð forma sem er notuð). Gott er að nota grillpinna til að stinga í kökuna

[döðlur, muna að taka steinana úr](#)  
[2 tsk. kókosolía, bragð- og lyktarlaus](#)  
[Salt](#)

Setjið hneturnar í matvinnsluvél og blandið þar til þær eru finmaladaðar. Bætið næst döðlum, kókosolíu og salti út í og blandið þar til deigið festist saman. Leggið smjörpappír í botninn á hringlaga smelluformi. Þrýstið deiginu vel niður í formið svo það þeki allan botninn. Geymið botninn í kæli meðan fyllingin er útbúin.

## Fylling

- [3 dl kasjúhnetur](#)
- [8 ferskar döðlur, muna að taka steinana úr](#)
- [½ dl hlýnsýróp, má vera minna ef vill](#)
- [1 dl kókosolía](#)
- [1 dl rjómaostur, t.d. Oatly smur-osturinn](#)
- [2 dl kókosmjólk í dós, þykki hlutinn](#)
- [1 tsk. vanilludropar](#)
- [1 tsk. sítrónusafi](#)
- [salt](#)
- [3 dl vatn](#)
- [1 tsk. agar-agar-duft](#)

Kælið kókosmjólkina en þá skilur hún sig og þykki hlutinn situr efst en þunnkenndur vökvi neðst.

Setjið næst vatn og agar-agar-duft í pott og hitið að suðu. Setjið hin hráefnin í matvinnsluvél og blandið þar til silkimjúkt. Þetta getur tekið nokkrar mínútur. Hellið næst agar-agar-blöndunni út í og blandið áfram í smástund. Hellið fyllingunni yfir botninn og geymið í kæli meðan karamellukremið er útbúið.

## Karamellukrem

- [½ dl hlýnsýróp](#)
- [½ dl kókosýkur eða hrásýkur](#)
- [½ dl kókosolía](#)
- [1½ dl kókosmjólk í dós, þykki hlutinn](#)
- [1 tsk. vanilludropar](#)
- [Salt](#)

Setjið öll hráefnin í pott og sjóðið í um 10-15 mínútur þar til karamellan hefur dökknað og þykknað. Gott er að setja örllítið af karamellunni í glas og í frysti til að athuga hversu stíf hún er orðin. Smyrjið karamellukreminu yfir fyllinguna og skreytið að vild, ég notaði saxaðar pekanhnetur. ■

eftir 25 mínútur til að athuga hvort hún sé bökud í gegn.

## Saltkaramella

- [400 ml. feit kókosmjólk í dós eða vegan rjómi](#)
- [2 dl sykur, ég nota hrásýkur eða kókospálmasykur](#)
- [2 tsk. vanilludropar](#)
- [1 tsk. salt](#)

Setjið rjóma/kókosmjólk og sykur í pott eða pönnu og hitið að suðu. Látið karamelluna sjóða í um 15-20 mínútur. Hrærið reglulega í þar til hún hefur þykknað og er ljós-gullinbrún. Athugið að ef þið notið kókospálmasykur verður hún dekkri á litinn. Næst er salti og vanilludropum bætt saman við og karamellunni leyft að kólna við stofuhita.

## Saltkaramellukrem

- [400 g vegan smjör](#)
- [800 g flórsýkur](#)
- [2 tsk. vanilludropar](#)
- [2 dl saltkaramella við stofuhita, eða eftir smekk](#)

Þeytið vegan smjör í hrærivél þar til það verður létt og ljóst. Bætið flórsýkrinum saman við og því næst saltkaramellunni og vanilludropum.

## Samsetning

Þegar kökubotnarnir eru bakaðir er best að leyfa þeim að kólna við stofuhita. Leggið einn kökubotn á kökudisk og smyrjið 1/3 af kreminu á hann. Bætið næsta botni ofan á og 1/3 af kreminu. Leggið því næst seinasta botninn ofan á og skerjið ofan af grillpinna og stingið í gegnum kökuna í miðjunni svo kakan fari ekki að halla. Bætið restinni af kreminu ofan á kökuna og notið spaða til að slétta hliðarnar.

## Karamelluostakaka

- [1 dl pekanhnetur](#)
- [2 dl möndlur](#)
- [6 ferskar](#)



Glútenlaus súkkulaðikaka með saltkaramellukremi, skreytt með bláberjum og brómberjum.

# Þríkrossinn



Skartgripur með táknræna merkingu, seldur til styrktar blindum og sjónskertum á Íslandi. Íslenskt handverk. Fæst um land allt.

**BLINDRAFÉLAGIÐ**  
Samtök blindra og sjónskerttra á Íslandi  
STOFNAD 1939



Stuðningur til sjálfstæðis

# Mikið úrval fyrir ferminguna

Fallegur og vandaður fatnaður í stærðum 42-60  
Sjáðu úrvalið í netverslun [www.Curvy.is](http://www.Curvy.is)  
eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Opið alla virka daga frá kl. 11-18  
og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy 



Cabena Kjól  
12.990 kr



Floral Pleated  
Midi Kjól  
19.990 kr



Floral Embroidered  
Midi Kjól  
22.990 kr



Cathrine  
Plísraður Kjól  
9.990 kr



Cady Kjól  
14.990 kr





# Við hjá Sassy bjóðum upp á alhliða þjónustu og undirfatnað fyrir hvaða tilefni sem er



Feringar undirbúningurinn er í fullum gangi hjá unglingum og foreldrum um þessar mundir og við elskum að taka á móti ykkur öllum!



Undirfatnaður undir feringarkjólinn, sokkabuxur og hinn fullkomin fyrsti brjóstahaldari og við bjóðum upp á mælingar líka til að hámarka þægindin þín á stóra deginum

Vorum að taka inn fallega merkið Strawberry Secrets sem framleiðir falleg undirföt fyrir stelpur á aldrinum 10 - 18/19 ára.



Kíktu til okkar!

Við erum í Flatahrauni 5a í Hafnarfirði og í vefverslun

[www.Sassy.is](http://www.Sassy.is)

Sassy

Flatahraun 5a - 220 Hafnarfjörður | 776-8878  
Endilega fylgdu okkur á Facebook & Instagram  
[www.Sassy.is](http://www.Sassy.is)

# Leynivopnið er Royal-búðingur

Kristbjörg Smáradóttir Hansen hefur mikinn áhuga á bakstri og matargerð. Hún starfar sem matráður á leikskóla en hefur líka tekið að sér að sjá um mat og bakstur fyrir ýmsar veislur. Hún deilir hér einföldum uppskriftum að kökum fyrir ferminguna.

sandragudrun@frettabladid.is

Kristbjörg er sjálfærð í bakstri og eldamennsku en hún segist hafa alist upp með óendanlega marga kokka og bakara í kringum sig. Hún man því ekki eftir sér öðruvísi en með áhuga á matargerð og bakstri.

„Þetta er bara meðfæddur áhugi,“ segir hún. „Ég hef rosalega gaman af alls konar tilraunum í eldhúsinu, hvort sem það tengist bakstri eða matargerð. Ég hef mjög gaman af að elda mat frá öðrum heimsálfum og öðrum löndum og hef prófað mig áfram með asískan mat, mexíkóskan mat og mat frá löndunum við Miðjarðarhafið,“ segir hún og bætir við að í augnblikinu sé ítalskur matur í upphaldi.

Upphaf þess að Kristbjörg fór að elda og baka fyrir veislur var að hún fór að baka afmæli- og föstudagskökur fyrir börnin í fjölskyldunni og börn vinkvenna sinna. Svo fór hún að hjálpa vinkonu sinni sem er kokkur með alls kyns veislur.

„Smátt og smátt öðlaðist ég sjálfstraust í að gera þetta áður en ég fór að taka að mér stærri verkefni en eina og eina köku,“ segir hún.

Þegar mamma hennar varð fimmtug var henni svo eiginlega kastað út í djúpu lauginu. Þabbi hennar sem er kokkur ætlaði að sjá um veisluna en hafði svo ekki tíma til þess og hringdi í dóttur sína með nokkurra daga fyrirvara og sagði henni að hún þyrfti eiginlega bara að græja þetta.

„Það tókst svo vel til, með hjálp auðvitað, ég gerði þetta ekki ein. að ég fór að taka að mér stærri viðburði,“ útskýrir Kristbjörg.

Í ár sér hún um fjórar fermingarveislur, bæði matar- og kökuveislur. Hún segir að marengstertur sé vinsælastar í fermingarveislunum núna og líka súkkulaðitertur.

„Mini-pavlovur eru líka að koma svolítið inn núna, en ég hef mest verið að gera þær fyrir veislur þar sem fullorðnir eru aðallega, en börn hafa verið hrifin af þeim líka,“ segir hún.

## Ómissandi kökur í veisluna

En hvaða kökur eru ómissandi í fermingarveislum?

„Þar sem eru bara kökur en ekki matur myndi ég segja að kransakaka og marsinpankaka séu ómissandi. Maður gerir alltaf ráð fyrir að fá þær í fermingarveislu. En eins og ég sagði þá eru marengstertur alltaf vinsælar og svo verður að vera einhver djúsi súkkulaðiterta,“ segir Kristbjörg. „Rice Krispies-turnar og Rice Krispies-kökur eru alltaf vinsælar fyrir krakkana og upprúllaðar pönnukökur og kleinur standa alltaf fyrir sínu.“

Þegar Kristbjörg gerir súkkulaðitertur fyrir fermingarveislur



Kristbjörg hefur bakað og eldað fyrir fjöldann allan af veislum og deilir hér einföldum uppskriftum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Mini-pavlovur með jarðarberja-rjóma.

skreytir hún þær oftast með nafni fermingar-barnsins.

En marengsterturnar skreytir hún oftast með súkkulaði og berjum.

„Leynivopnið mitt þegar kemur að marengstertum og mini-pavlovum er Royal-búðingur. Ég blanda Royal-búðingsduftinu út í rjómann eða þeyti duftið með rjómanum. Ef þú setur smá mjólk og búðingsduft út í rjómann þá kemur meiri frómasáferð á búðinginn heldur en ef þú blandar hann bara venjulega,“ útskýrir hún.

„Það er misjafnt hvaða Royal búðing ég nota, það fer svolítið eftir því hvað annað ég ætla að setja í kökurnar. Ef ég er bara með ávaxta- eða berjafyllingu þá nota ég jarðarberjabúðinginn en ég hef líka gert marengstertur fyrir nokkra með nýja Pipp-búðingnum. Þær í vinnunni hjá mér sögðu að það væri besta marengsterta sem þær höfðu smakkað. Ég nota hann líka sem fyllingu í súkkulaði tertur.“

## Súkkulaðikaka með Royal-fyllingu og súkkulaðihjúp

4 egg  
1,5 dl bragðlaus matarolia  
4 dl súrmjólk  
1 pakki Betty Crocker-djöflakökuduft  
1 pakki Royal-súkkulaðibúðingur

Byrjið á að blanda eggjum, olíu og súrmjólk saman í skál. Bætið síðan Betty-duftinu út í og hrærið vel. Endið á að blanda búðingsduftinu vel saman við. Skiptið í 3 hringlaga form (24 cm) eða 2 ferköntuð (20x30 cm) Bakið á 180°C í 20-25 mínútur.

## Fylling

3 dl rjómi  
2 dl nýmjólk  
1 pakki Royal-súkkulaðibúðingur

Blandið öllu saman í skál og þeytið vel saman, látið stífnast í kæli



Mini-pavlovur og súkkulaðikökur eru vinsælar.



Súkkulaðikaka með Royal-fyllingu og súkkulaðihjúp.

í nokkrar mínútur og setjið svo kökuna saman.

## Súkkulaðihjúp

300 g suðusúkkulaði  
300 ml rjómi

Byrjið á að saxa súkkulaðið smátt og setjið í skál. Setjið rjómann í pott og hitið að suðu. Hellið svo rjómanum yfir súkkulaðið og látið standa í tvær mínútur og hrærið svo saman þar til allt súkkulaðið hefur bráðnað. Látið súkkulaðihjúpin standa í um það bil klukkustund þar til hann

hefur náð stofuhita og er farinn að stífna.

Smyrjið hjúpnum utan á kökuna þegar hann er nægilega stífur. Ef afgangur er af hjúpnum er hægt að þeyta hann í hrærivél og nota til að skreyta kökuna. Skreytið annars eins og þið viljið.

## Mini-pavlovur (ca. 40 stykki)

10 eggjahvítur  
500 g sykur  
½ tsk. Cream of tartar

Byrjið á að þeyta eggjahvítturnar og Cream of tartar. Þegar blandan er farin að freyða aðeins bætið þá sykrunum saman við smátt og smátt. Þeytið þar til sykurrinn er allur uppleystur og marengsinn orðinn mjög stífur.

Setjið í sprautupoka og sprautið lítil hreiður (sem eiga að vera um það bil 6 cm í þvermál) á bökunarpappírsklædda ofnplötu. Bakið við 120°C í 45-50 mínútur.

Kosturinn við mini-pavlovur er sá að það er nokkuð einfalt að gera þær og hægt er að gera margar mismunandi fyllingar eða skreyta eins og hugmyndaflugið leyfir. Hér eru nokkrar hugmyndir:

## Berja-pavlovur

1 lítri rjómi  
½ lítri nýmjólk  
1 pakki jarðarberja-Royal búðingur

Setjið allt saman í skál og þeytið þangað til áferðin er eins og stífþeyttur rjómi.

Setjið um það bil eina teskeið af hindberjasultu á botninn á hverri pavlovu. Sprautið jarðarberjarjóma ofan á og skreytið með berjum.

## Sítrónu-pavlovur

1 lítri rjómi  
½ lítri nýmjólk  
1 pakki vanillu Royal-búðingur

Setjið allt saman í skál og þeytið þangað til áferðin er eins og stífþeyttur rjómi.

Setjið um það bil 1 teskeið af Lemon curd (fæst tilbúið í krukku í ýmsum verslunum) í botninn á hverri pavlovu og sprautið vanillurjóma ofan á og skreytið með berjum.

## Karamellu-pavlovur

1 lítri rjómi  
½ lítri nýmjólk  
1 pakki saltkaramellu Royal-búðingur

Setjið allt saman í skál og þeytið þangað til að áferðin er orðin eins og stífþeyttur rjómi.

Sprautið þá karamellurjómanum á pavlovurnar og skreytið með karamellusósu, berjum og Daim-kurli. ■



Tískan í hárgreilsðu og klippingu fermingarbarna breytist sífellt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Blómleg hártíska

sandragudrun@frettabladid.is

Hárið skiptir langflest fermingarborn máli og flest fara þau í klippingu fyrir stóra daginn. Hefðin er að stúlkurnar fari líka í fermingargreiðslu til að vera sem fínastar þennan dag.

Hártíska fermingarborna er alltaf að breytast. Einu sinni var í tísku að vera með mikið túperað hár, vængi og stórar og miklar greiðslur. Eitt stórt blóm í hárinu var eitt sinn það sem allar stelpur vildu. Uppsett hár og slöngulokkar voru það heitasta lengi vel og seinna varð í tísku að vera með sem náttúrulegasta greiðslu og sem minnst skraut.

Fyrir nokkrum árum voru stórar hársþennur í tísku og miklir liðir í hárinu en núna virðast blóm í hárið aftur orðin vinsæl og þá sérstaklega minni blóm. Eins vilja stelpur í dag frekar fylgja sínum persónulega stíl en einni ákveðinni tísku. ■



Kransakaka er glæsilegt kaffibrauð.

## Kransakökuráð

thordisg@frettabladid.is

Kransakökur eru vinsælar á veisluborðið og æ fleiri sem prófa sig áfram með að baka slíka heima.

- Smyrjið bökunarform með smávegis af smjörliki. Eins er gott að setja ögn af raspi á botninn.
- Notið reglustiku til að mæla lengdina og beittan hnif til að skera deigið sundur.
- Bleytið fingur í köldu vatni og sléttið yfir samskeytin.
- Ráðlegt er að setja aukabökunarplötu undir þá sem hringirnir eru bakaðir á til að varast að botninn verði of dökkur.
- Best er að setja kökuna saman deginum eftir að hún er bökuð.
- Hringirnir eru festir saman með karamellu-, sykurbrað eða bræddu súkkulaði.
- Festið neðsta hring kökunnar við diskinn með því að smyrja ögn af sykurbrað eða bráðnu súkkulaði neðan á hann.
- Snúið kökunni á meðan hringjum er bætt er ofan á, til að koma í veg fyrir að hún halli.
- Konfekt eða annað utan á kökuna er fest með karamellu-bráð eða bráðnu súkkulaði.
- Kransakökur geymast vel og því tilvalið að baka þær með góðum fyrirvara, jafnvel frysta og skreyta svo deginum áður.

HEIMILD: LEIDBEININGASTOD.IS

# Skreyttar munnþurrkur á veisluborðið

elin@frettabladid.is

Fermingardagurinn er hátíðardagur og þá er alveg sjálfsagt að skreyta fallega í kringum sig. Það er til dæmis hægt að gera með lifandi blómum.

Fallegt er að binda borða um servíettur, hvort sem þær eru úr pappír eða efni, og stinga litlu blómi í til skrauts. Þær eru síðan lagðar á borð þar sem diskarnir

eiga eftir að koma og punta upp umhverfið.

Þegar skreytingar eru ákveðnar þarf að ákveða liti fyrst og hvaða þema á að vera. Ef notaðir eru hvítir dúkar á borðin er hægt að lífga upp með alls kyns litum í blómum eða öðrum skreytingum. Fallegt er að hafa blómin í þeim litum sem fermingarbornið óskar að hafa í veislunni. Þá er líka hægt að setja eitt blóm í lítinn vasa á



Lifandi blóm gera mikið fyrir veisluborðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

hvert borð. Litur blómanna endurspeglar aðalpersónu dagsins sem er fermingarbornið. Flestir hafa myndasýningu frá lífi fermingarbornsins á tjaldi sem sýna áhugamálin. Gaman er að tengja þemað við það sem barnið hefur gaman af og ekki gleyma kertunum.

Það er fallegt að vera með blöðrugoga og síðan ljósaseriur í loftinu. Setur skemmtilegan stemmingu í salinn eða á heimilið. ■



AFS á Íslandi

# SUMARNÁMSKEIÐ Á ENGLANDI

Öðlastu betri færni í ensku og menningarläsi með því að taka þátt í skemmtilegu prógrammi og kynnast krökkum frá öllum heiminum.

**17.-29. júlí (13-16 ára)\*  
Þáttökugjald 590.000 kr.**

**31. júlí-12. ágúst (15-18 ára)  
Þáttökugjald 540.000 kr.**

\*fylgd í flugi

**Umsóknarfrestur er til 25. mars. 2023**  
**Nánari upplýsingar á afs.is.**

# Brúðarslör í hárið vinsælast hjá stelpunum

Ingibjörg Sveinsdóttir hárgreiðslumeistari hefur ófá árin séð um greiðslur fyrir fermingarstúlkur og veit fátt skemmtilegra en að taka þátt í því að láta draum þeirra rætast þegar kemur að heildarútlitinu. Ingibjörg segir greiðslurnar í dag vera látlausar.

sjofn@frettabladid.is

Margar fermingarstúlkur hafa safnað hári fyrir stóra daginn og vilja leyfa hárinu að njóta sín þegar kemur að heildarmyndinni. Strákarnir koma líka en þá snýst það um hársnyrtingu og klippinguna fyrst og fremst.

„Það er ekki ein fermingargreiðsla sem er allsráðandi. Þetta er meira hvaða fatastíl og stefnur hver og ein velur sér. Stelpur eru meira upplýstar í dag og hugmyndir eru aðgengilegar á netinu, þær koma með hugmyndir og ég vinn út frá þeim. Þá er alltaf hugsað út frá andlitsfalli, líkamsbyggingu og fatavali. Við viljum alltaf fá bestu útgáfuna af okkur. Við mælum með hárskrauti sem er frekar minna en meira, blómið brúðarslör er okkar vinsælasta en allt fer eftir þemanu hjá hverri og einni.

Flestar stelpur vilja fá förðun með fermingargreiðslunni. Förðun þarf að bóka með fermingargreiðslunni. Það má ekki gleyma mömmunum, þær vilja líka fá trít. Þá er Hárbarninn fullkominn fyrir þær, gera sjálfar eða fá þjónustu,“ segir Ingibjörg og bætir við að þetta sé ein af gæðastundum mæðgnanna fyrir fermingardaginn.

Ingibjörg segir margt hafa breyst síðan hún fermdist þegar kemur að hártískunni. „Ég fermdist árið 1987 og þá var ansi skemmtileg tíska í gangi, allt aðeins meira en minna og greiðslan í þeim stíl. Ég var með frekar stutt hár og það var blásið í vængi í hliðunum og toppurinn var eins og foss. Þrjú hvít plastblóm í hverjum væng. Það fór örugglega heill spreibrúsi í þessa greiðslu og hún þoldi 10 vindstig. Við vinkonurnar fengum allar sömu greiðsluna,“ segir Ingibjörg og hlær.

## Hárbarinn nýtur vinsælda

Ingibjörg útskrifaðist sem hárgreiðsluveinn árið 1995 og sama ár tók hún þátt í Íslandsmeistaratóti nema í hárgreiðslu og varð Íslandsmeistari. Árið 2010 útskrifaðist hún sem hárgreiðslumeistari. „Árið 1999, aðeins 27 ára gömul, ákvað ég að stofna mína eigin hárgreiðslustofu en rakst þá á litla stofu sem var til sölu við Ingólfstorg sem ég endaði á að kaupa. Þetta voru ekki talin gáfuleg kaup á sínum tíma og þá sérstaklega vegna staðsetningarinnar þar sem allt var að flytjast úr miðbænum upp í Kringlu eða upp við Hlemm.

Ég hef náð að byggja upp stóran og traustan viðskiptavinahóp á þeim 23 árum sem ég hef unnið á litlu stofunni minni og er enn full af orku og áhuga. Ekki alls fyrir löngu fékk ég þá góðu hugmynd að opna „Blow dry bar“ þar sem ég hef orðið vör við að það vantar svo miklu meiri þjónustu við fólkið í miðbænum og þá sérstaklega konurnar til að farða sig og greiða fyrir viðburði á borð við fundi, löns með viðskiptavinum eða bara hitting með vinkonunum.

Í miðbænum er mikið af flottum fyrirtækjum og hótélum og er vaxandi eftirspurn eftir Hárbarn fyrir allar skvísurnar sem eru á leið á fundi og náðu ekki að



Fyrirsæturnar eru: Elisabet Friðrika Eiríksdóttir, Viktoría Íris Kristinsdóttir, Fanney Nina Gísladóttir og fremst er Emma Ottesen Gísladóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Ingibjörg Sveinsdóttir, hárgreiðslumeistari á Ungfrú Reykjavík, segir að engin ein fermingargreiðsla sé allsráðandi um þessar mundir. Greiðslan fari meira eftir persónuleika og stíl hverrar og einnar fermingarstúlkur.

græja sig eftir ræktina eða höfðu ekki tíma fyrir um daginn. Það liður ekki sá dagur að ég fái ekki spurningu um hvar sé hægt að dropa inn í þvott og blástur og/ eða förðun, hvort sem maður notar einungis aðstöðuna á Hárbarnum eða nýtur aðstöðar sérfræðinga stofunnar,“ segir Ingibjörg og er á því að konur séu farnar að hugsa meira um hárið en áður var.

Ingibjörg hefur nú opnað lúxus hársnyrtistofu, snyrtistofu, spa og bar, sem tengir hár, fegurð og félagslega upplifun saman. „Nafnið á vel við, Ungfrú Reykjavík og við erum staðsett á Hafnartorgi. Í boði er hársnyrting og snyrting en aðaláherslan er lögð á Hárbarn sem býður upp á þvott og nokkrar útfærslur af blæstri, krullum, sléttun eða greiðslum.

Hár-spa er nýtt og hefur ekki verið í boði hér á landi, ekki frekar en Hárbarn. Þar ætla ég að bjóða upp á lúxus nudd, maska, hárgreiningu þar sem hægt verður að greina hár og hvaða meðferð hentar hverri hárgerð fyrir sig og alla ráðgjöf og það er einmitt þessi nýjung sem mæðgur í fermingarundirbúningi eru farnar að nýta sér í meiri mæli,“ segir Ingibjörg. ■



Hlý, látlaus greiðsla þar sem náttúrulegt útlit stúlkunnar fær að njóta sín. Smá liðir og eðlileg hreyfing fá að njóta sín.



Hér valdi fermingarstúlkann sér að vera með uppsett hár og skreyta með brúðarslöri sem er einstaklega fallegt blóm.



Hér er hárið tekið aftur og fléttað á hliðunum og spennu með fallegri spennu með steinum og perluskrauti.



Látlaus og falleg greiðsla þar sem sitt og falleg hár fermingarstúlkunnar fær að njóta sín.



Umfram allt er mikilvægt að leyfa persónuleikanum þínum að blómstra í gegnum förðunina, því það er innri fegurðin sem skiptir alltaf mestu máli, segir Katrína.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

## Náttúruleg útgeislun í fermingarförðuninni

Katrína Kristel Tönyudóttir förðunarfræðingur hefur farðað þó nokkrar fermingarstúlkur gegnum tíðina og segir að aðalatriðið sé að undirbúa húðina vel fyrir stóra daginn og farða á náttúrulegan og fallegan hátt.

sjofn@frettabladid.is

„Fermingarförðun snýst aðallega um að framkalla náttúrulega útgeislun með ljómandi húð. Þá er gott að nota léttan farða sem jafnar húðina og passar við húðlit hvers og eins,“ segir Katrína. „ProTip! Þá er lag að máta litinn á hökuna og sjáðu hvort liturinn passi við hálsinn, ef svarið er já, þá ertu í toppmálum og getur haldið í næsta skref,“ segir Katrína. „Fyrir unga húð er best að nota léttan farða og hyljara frá Gosh á þau svæði sem við viljum hylja aðeins betur, eins og til dæmis undir augun og í kringum nefið.“

„Það er mikilvægt að byrja að undirbúa húðina með góðum fyrirvara, jafnvel nokkrum vikum fyrir stóra daginn. Þá er gott að eiga góðan hreinsi, tóner og raka-krem. Hvort sem þú ert að glíma við þurrk, bólur, olíu eða vilt bara fá meiri ljóma þá er Nip+Fab með húðrúttínur fyrir allar húðtýpur.“

„Vert er að muna að drekka nóg af vatni og næra líkamann því að fegurðin kemur innan frá, þess vegna þurfum við að skoða nákvæmlega hvað við setjum ofan í okkur ekki síður en það sem við setjum á andlitið. Þessi rúttína er mikilvæg til að undirbúa húðina fyrir förðun.“

Ég mæli með að dreifa létt úr farðanum á þau svæði sem sjást, eins og á bringu og háls. Nú þegar húðin er orðin jöfn, er nauðsynlegt að skella smá lífi í kinnarnar með andlits-pallettunni frá Gosh og muna að setja lítið í burstann í einu og blanda vel. Brúna tónarnir fara á kinnbein upp að eyrum og örlítið á ennið og bleiku tónarnir

**” Umfram allt er mikilvægt að leyfa persónuleika þínum að blómstra í gegnum förðunina, því það er innri fegurðin sem skiptir alltaf mestu máli.**

Katrína Kristel Tönyudóttir

í „eplin“ sem koma fram þegar þú brosir.“

„Ekki flækja augnförðunina fyrir fermingardaginn, notið náttúrulega sanseraða tóna eins og brúna, kopar, ferskju eða bleika augnskugga og brúnan augnblýant í augnhárarótina. Smá maskari í endana rammur inn augun og glært eða litað augabrúnagel frá Gosh greiðir hárin og heldur þeim á sínum stað.“

Til þess að toppa förðunina prófaðu þá að setja kremadan highlighter frá Gosh efst á kinnbeinið, undir augabrúnina og í augnkrókinn og sjáðu hvað það gerir mikið! Lokaskrefið er síðan að skella Prime n' Set spreynu yfir förðunina svo hún haldist ljómandi vel á yfir daginn.

Umfram allt er mikilvægt að leyfa persónuleika þínum að blómstra í gegnum förðunina, því það er innri fegurðin sem skiptir alltaf mestu máli. Brostu í spegilinn áður en þú byrjar að farða þig og mundu þú ert nú þegar falleg,“ segir Katrína að lokum. ■



Það er gott að hafa gloss með sér í veskinu yfir daginn til að bæta á milli kræsinga. Soft n' Tinted Lip Balm frá Gosh bæði gefur vörðunum þínum fallegan lit og nærir þær á sama tíma.

MYNDIR/ADSENDAR



Náttúrulegir sanseraðir tónar, brúnir, kopar, ferskju eða bleikir augnskuggar og síðan er hægt að nota brúnan augnblýant í augnhárarótina.



Fallegt púður með glitri sem er afar sparilegt.



Gloss með daufum litum er mikið notað af ungum stúlkum.



Lokaskrefið er að skella Prime n' Set spreynu yfir förðunina svo hún haldist ljómandi vel á yfir daginn.



Gosh Concealer High Coverage kemur í 3 tönum – gott að blanda tveimur saman til að ná fram lit sem passar fullkomlega við þinn húðlit.

# Gæti hugsað mér að gera þetta á hverju ári

Petra Rós Ólafsdóttir er sannkallaður reynslubolti þegar kemur að fermingarveislum. Hún hefur haldið þrjár slíkar á síðustu ellefu árum og vildi helst fá að gera þetta á hverju ári.

jme@frettabladid.is

Með þrjár fermingarveislur að baki, gestafjölda einhvers staðar á bilinu 100–200 og óbrennandi áhuga á veisluhaldi, hefur Petra Rós Ólafsdóttir sankað að sér ómetanlegri reynslu í þessari vinsælustu þjóðaríþrótt Íslendinga, næst á eftir Eurovision og brauðtertugerð. „Helsta ráðið sem ég get gefið öllum er að vera ekki að þessu á síðustu stundu. Og allt sem tengist fermingarveislum: Þú þarft í rauninni ekkert af þessu,“ segir hún.

## Eins og klippt úr tískublaði

„Ég fermdi son minn árið 2012, elstu dóttur mína 2016 og þá næstelstu 2022. Helsti munurinn á fyrstu veislunni og hinum tveimur var sá að í þeirri fyrstu ætlaði ég sko að taka þetta með trompi. Þetta átti að vera nákvæmlega eins og klippt út úr tískublaði,“ segir Petra Rós.

„Á þeim tíma fékk maður hugmyndirnar úr blöðunum en í dag kemur pressan frá samfélagsmiðlunum.“ Hún segir marga falla í þá gildru, að sér meðtalinni í fyrstu fermingarveislunni, að vilja gera of mikið. „Þetta endaði bara í svita hjá mér þar sem ég sat við skrifborðið klukkan tvö, aðfaranótt fermingardagsins að skrautskrifu kort sonar míns.“

## Varstu með eitthvað í fyrstu veislunni sem þú hefur ekki lagt í aftur?

„Í rauninni ekki. Ég hef í staðinn fundið leiðir til að gera sömu hluti á ódýrari hátt. Ég hef líka einfaldað. Ég var til dæmis með allt of margar sortir á eftirréttahláðborðinu. Ef þú ert með átta kökur þá fá sér allir eina sneið af hverri sort. Svo fer helmingurinn í ruslið því það geta fæstir borðað átta kökusneiðar.“

## Ekki gera allt of mikið

„Minn helsti lærdómur er að stressa sig ekki á því sem aðrir eru að gera. Fjölskyldan mín er stór og ég hef mætt í ófáar fermingarveislur. Í fyrra voru þær í tólf og í ár eru þær fimm. Mér finnst oft að það sé verið að gera allt of mikið.“

Petra Rós birti pistil eftir veislu númer tvö inni á Facebook-hópnum Fermingarundirbúningur og hugmyndir um ýmislegt sem hún hafði lært. „Á hverju ári fjölgar þeim sem líkar við pistilinn,“ segir hún. Það er ljóst að margir þurfa áminningu um að meira sé ekki alltaf meira. „Mitt aðalráð er bara: Gerðu það sem þú getur, hefur efni á og tíma fyrir, þá verður veislan fin, sama hvað. Veisla sem kostar mikið og með allt það flottasta skilar ekki endilega meiru en notaleg heimaveisla með fáum útvöldum,“ segir hún.

## Hefur eitthvað breyst síðan þú fermdir elsta soninn?

„Mér finnst í raun fátt hafa breyst, hvorki í veitingum né kröfum. Það er helst eftir faraldurinn að fólk stressar sig aðeins minna. Margir bregða á það ráð að halda veisluna á öðrum degi en athöfnin er, enda er oft vöntun á sölu.“

Vinsælustu veisluhéttir segir Petra að séu smáréttir. „En veislurnar eru náttúrulega jafnólíkar og þær eru margar og það er um að gera að reyna að virða óskir fermingar barnsins eftir bestu getu, því þetta er jú þeirra veisla.“

## Sparnaður í föndrunu

Petra Rós er mikil handavinnukona og lærði skrautskrift fimm-



Petra Rós ásamt dóttur sinni Birtu Rós Unnarsdóttur sem er að verða níu ára. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

tán ára. Hún segir að margt sé hægt að búa til sjálfur. „Ég hef verið í skrautskriftinni í um 27 ár og unnið að þessu í hjáverkum undir nafninu PRÓ design. Ég tek að mér að skrautskrifu á meistara-bréf, prófskirteini, gestabækur, viðurkenningar og fleira. Ég fönndra líka mikið sjálf fyrir fermingarveislurnar. Þá er lykilatriði að byrja tímanlega.“

Eitt sparnaðarráð sem ég get gefið er að allt sem heitir fermingar-þetta eða brúðkaups-hitt er alltaf dýrara en sambærilegar vörur og þjónusta sem fæst annars staðar. „Í stað þess að borga fúlgur fjár fyrir sérprentuð kerti og servéttur, keypti Petra hvít kerti í Ikea og skrautskrifaði sjálf á þau.“

„Þegar sonur minn fermdist 2012, voru sérprentaðar servéttur það eina sem hann bað um. Í 150 manna veislu er fókdyrt að kaupa þau í sérstökum búðum sem gera út á fermingarvörur og ég endaði með risareikning frá Blómaval. Þegar ég fermdi í annað sinn fann ég út að það er mun ódýrara að kaupa servéttur annars staðar og láta prenta á þær sjálf.“

Kortakassann sem peningagjafirnar eru settar ofan í, fönndraði ég líka sjálf úr Ikea-pappakassa. Margir halda að kassinn sé alger nauðsyn en hann er það auðvitað ekki, líkt og allt annað sem fólk telur sér trú um að sé ómissandi í fermingarveislunni,“ segir Petra.

## Búðu til minningar

Margir eru með gestabók sem gestir kvitta í. Petra segir helling hægt að gera, með litlum tilkostnaði, til að gera veisluna minnisstæðari. „Í veislu elstu dóttur minnar setti ég miða hjá hverjum veislugest þar sem spurt var um framtíðarstarf fermingar barnsins. Hver gestur skrifaði sína hugmynd, kvittaði undir og setti miðann í kassa sem var lokaður þar til hún varð tvítug. Svo kom ýmislegt skemmtilegt upp úr þessum kassa í fyrra þegar hann var opnaður,“ segir hún.

„Leiga á ljósmyndakassa fyrir veisluna getur kostað sitt. Síðast græjuðum við myndavegg með glimmergardinu, blöðrum, leikmunum og höttum. Fólk tók sjálf

” Ég minni á að það allra mikilvægasta er að þú og fermingarbarnið njótið dagsins. Þetta er spurning um samveru, ekki að tapa sér.“

Petra Rós

myndir á símana sína og deildi þeim með okkur. Þetta gerði mikla lukku,“ segir Petra Rós. „Ég mæli líka með því, ef fólk hefur smá tíma aflögu, að varpa upp myndasýningu af fermingar barninu á vegg.“

## Spurning um samveru

„Þegar ég finn að vinir og vanda-menn eru að fara á límingunum vegna yfirvofandi fermingarveislu þá sendi ég þeim oft pistilinn minn og minni á að það allra mikilvægasta er að þú og fermingarbarnið njótið dagsins. Þetta er spurning um samveru, ekki að tapa sér.“

Ég ráðlegg líka öllum sem geta að fá fólk til að vinna í veislunni og njóta veislunnar. Sjálf hef ég undirbúið margt sjálf fyrir hlaðborðið og keypt tilbúið eða frá veisluþjónustu í bland. Ég mæli líka með því að fá hjálp frá fjölskyldu og vinum. Í fyrstu veislunni ætlaði ég að gera þetta allt sjálf og rakst bara á vegg.“

## Mælir með opnu húsi

„Mér fannst hentugt að vera með opið hús í veislunni fyrra. Gestirnir kíktu við yfir daginn og fóru þegar þeim hentaði. Sumir mæta í fleiri en eina veislu sama dag. Þetta teygir á veislunni og fólk situr lengur en ella. Það eru færri gestir í einu og fólk getur spjallað meira.“ Nú er ein ferming eftir hjá Petru Rós. „Birta Rós er að verða níu ára og ég geri ráð fyrir að hún fermist líka, 2028. Sú umræða verður bara tekin þegar þar kemur hvort og hvernig sú veisla verður. Ég gæti þó alveg hugsað mér að gera þetta á hverju ári, ég á bara ekki nógu mikið af börnum til að gera það,“ segir hún og hlær. ■



Petra Rós mælir með því að fólk dragi í land þegar kemur að eftirréttunum. Þar séu færri sortir betri en fleiri. MYNDIR/AÐSENDAR



Petra Rós fermdi Unu Rós 2016 og veisluborðið var sannarlega girnilegt.



Hlaðborðið í fermingarveislu Rakelar Rósu 2022 var glæsilegt.



Ólafur, elsta afkvæmið, bakaði sjálfur fermingarartertuna sína og skreytti.

NÝTT Í SÖLU!

sumar 2023

*Draumastaður fyrir fullkomið fjölskyldufri*

# Lanzarote

Lanzarote er falleg eyja með stórbrotna náttúru, einstakar strendur og fjölskylduvænar gistingar.

Eyjan er staðsett 140 km frá strönd Afríku og er ein af Kanaríeyjunum.

- ✓ Fjölskylduvænar gistingar
- ✓ Skemmtidagskrá á fjölda hótela
- ✓ Gistingar með vatnafjöri
- ✓ Frábærar strendur
- ✓ Hentar vel fyrir stórfjölskylduna

## VERÐDÆMI



...verð á mann frá **117.067 kr.**



...verð á mann frá **113.625 kr.**



...verð á mann frá **117.020 kr.**



...verð á mann frá **178.299 kr.**



...verð á mann frá **124.275 kr.**



...verð á mann frá **118.020 kr.**



...verð á mann frá **183.917 kr.**

VERÐDÆMI M.V. 16. JÚNÍ Í 7 NÆTUR

★★★★★



The Volcan Lanzarote

★★★★★



Bakour Lanzarote Splash

★★★★★



Elba Lanzarote

★★★★★



HL Paradise Island

★★★★



Apartmentos Los Gaviotas

Heimsferðir



595 1000

[www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

*Fáðu meira út úr frúnu*

# Tölvur og símar tróna á toppi fermingargjafa

Það eru margir í fermingargjafahugleiðingum þessa dagana enda er sá árstími runninn upp þar sem fermingar eru að fara á fulla ferð.

gummih@frettabladid.is

ELKO hefur verið með könnun í gangi sem tengist fermingum. ELKO sendi könnun á póstlista sinn og yfir sex þúsund svör hafa borist.

„Rétt eins og gera mátti ráð fyrir þá tróna bæði tölvur og símar á toppnum sem fermingargjöf ársins. Í könnuninni mátti sjá að bæði tölvur og símar voru á óskalista hjá um og yfir 50% svarenda væru þau að fermast í dag,“ segir Arinbjörn Hauksson, forstöðumaður markaðsmála hjá ELKO.

„Hvað varðar tölvur þá er það breiður flokkur, allt frá spjaldtölvum, fartölvum (PC og Macbook) og gaming-leikjatölvum og því úr miklu að velja. Á fermingaraldrinum eru margir farnir að skipta út fjarstýringunum í leikjaspilun yfir í lykklaborð og mús en þó er ekkert lát á vinsældum PlayStation5-leikjatölvunnar en hún var á óskalista tæplega 30% svarenda. Tölvan er nú loka til á lager eftir að hafa verið meira og minna uppseld síðan hún kom út árið 2020.

Lenovo Idea Pad Gaming leikjatölva er vinsæl fermingargjöf.



Arinbjörn Hauksson er forstöðumaður markaðsmála hjá ELKO.

MYNDIR/ADSENDAR



Það verður einnig spennandi að sjá hvort ný sýndarveruleikagleraugu frá PlayStation komi til með að seljast upp fyrir fermingar en um er að ræða VR-gleraugu sem koma til með taka leikjaupplifun margra leikja upp á allt annað stig,“ segir Arinbjörn.

Tónlistarupplifun hefur svo verið á fermingargjafalistanum eins lengi og maður man eftir sér en auðvitað tekur vöruúrvalið miklum breytingum og í stað þess að vera að horfa á stereó-græjur eins og í gamla daga þá koma gæða Bluetooth- og WiFi-hátalarar sterkir



iPhone 14 er vinsæl fermingargjöf.

inn ásamt heyrnartólum sem fást í ótrúlegu úrvali í dag. Sjónvörp voru einnig ofarlega á lista ásamt snjallúrum, hlaupahjólum, hármótunarvörum og 3D prenturum,“ segir Arinbjörn.

Arinbjörn segir að ELKO leggi mikið upp úr því að vera með puttann á púlsinum þegar það kemur að fermingargjöfum og mikilvægt sé að bjóða upp á breitt verðbil fermingargjafa sem eigi eftir að slá í gegn.

„Bæði viljum við aðstoða viðskiptavinum að finna réttu gjöfina sem fylgir fermingarörnum inn í framtíðina en einnig viljum við tryggja að allar gjafir frá okkur hitti í mark og til dæmis um það þá höfum við framlengt skilarétt á fermingargjöfum til 30. júní, sem gerir riflega 100 daga skilarétt séu fermingargjafir keyptar í dag.“

Á fermingaraldrinum eru margir farnir að skipta út fjarstýringum í leikjaspilun yfir í lykklaborð og mús.

Arinbjörn Hauksson

**Bjóða upp á aðra fermingarmynd** Það kennir ýmissa grasa í könnun ELKO. Til að mynda kemur í ljós að 24% viðskiptavina voru óánægð með fermingarmyndina sína og væru til í að taka hana aftur. Þá sögðust 20% ekki hafa farið í fermingarmyndatöku.

„ELKO ætlar að taka málin í sínar hendur og bjóða viðskiptavinum að koma í ELKO í Lindum til þess að taka aðra fermingarmynd. Þetta verður í boði frá 16. mars til 16. apríl. Það verða kyrtlar á staðnum og það eina sem viðskiptavinir þurfa að gera er að mæta á staðinn og smella mynd af sér. Þeir sem deila myndinni á Instagram-vegginn sinn og nota myllumerkið #ELKOFERMING eiga svo möguleika á því að vinna 100.000 króna inneign í ELKO,“ segir Arinbjörn.

Ein af spurningunum í könnun ELKO er á þessa leið: Hvað á að bjóða gestunum upp á?

Heitir brauðréttir skora hæst en pinnamatur og brauðtertur fylgja þar fast á eftir. Þá eru þeir margir sem vilja nánast þriggja rétta matseðil með kjöti, sósu og meðlæti ásamt eftirrættum. ■

## Graskerssúpa að hætti landsliðskokks

Erla Þóra Bergmann Pálmadóttir er 25 ára landsliðskokkur sem hefur alltaf dreymt um að feta þessa slóð. Hún er matreiðslumaður á Fjallkonunni og gefur hér lesendum uppskrift að frábæri graskerssúpu með önd fyrir fermingarveislurnar.

elin@frettabladid.is

Erla Þóra segir að kokkastarfið hafi alltaf heillað hana. „Ég hef allveg frá því ég man fyrst eftir mér verið harðákveðin í að verða kokkur. Ég elska góðan mat og er mikill sælkeri,“ segir hún en Erla hóf fyrst störf á veitingastað þegar hún var 13 ára. „Ég heillaðist gjörsamlega af þessari orku og stemmingu. Mér hefur nefnilega eiginlega aldrei fundist neitt sérstaklega skemmtilegt í skóla en þarna fann ég mig algjörlega. Ég komst síðan á samning eftir grunnskóla og útskrifaðist frá MK vorið 2017.“

Erla Þóra hefur starfað með kokkalandslíðinu í tvö ár og segir að það hafi verið eitt skemmtilegasta verkefni sem hún hefur tekið sér fyrir hendur. Hún var með landsliðinu á heimsmeistaramótinu í Lúxemborg fyrir áramótin þar sem liðið hafnaði í sjötta sæti. „Ég er mikil keppnismanneskja og við erum ótrúlega góður hópur sem deilum sama áhugamáli, það að elska góðan mat og vilja ná langt í okkar fagi. Ég stefni klárlega lengra í framtíðinni í þessu fagi,“ segir Erla Þóra en sjávarréttir eru í miklu uppáhaldi hjá henni.

Erla Þóra fermdist á pálmansunnudag í Laugarneskirkju vorið 2011. „Fermingarveislan mín var ekkert smá flott. Hún var haldin í lönó og var boðið uppá alls konar smárétti og líka lambalæri



Erla Þóra Bergmann fermdist 2011. Hún gefur uppskrift að mjög góðri súpu fyrir fermingarveislurnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

með öllu tilheyrandi og svo auðvitað ferminatertu líka. Ég var í frekar einföldum hvítum kjól og bleikum skóm,“ segir hún og bætir við að þetta hafi verið mjög eftirminnilegur og skemmtilegur

dagur með öllu fólkinu hennar.

Graskerssúpan hennar Erlu er spennandi kostur fyrir fermingarnar. „Mér finnst súpur geta verið ótrúlega sniðugar í veislur og þessi er einstaklega góð og ein-

föld og hægt að leika sér svölitið með hana. Ég ætla að hafa önd í súpunni minni en það er hægt að skipta henni út fyrir t.d. kjúkling, baunir eða jafnvel sjávarrétti. Uppskriftin er frekar stór eða fyrir 20-25 manns.“

Graskerssúpa með andaconfit

5 skallot laukar  
5 hvítlauksgeirar  
2 jalapeno  
Smá bútur af engifer, ca 4 cm  
3 msk. rautt karrímauk  
7 lítrar soð (kjúklinga eða grænmetis)  
3 lítrar rjómi  
1 lítrar kókosrjómi  
1-2 sítrónugras (má sleppa)  
6 grasker (butternut squash)  
smakkað til með salti og sítrónusafa

Graskerið er skorið niður og bakað í ofni þar til það er mjúkt og byrjað að ristast. Laukar, jalapeno og engifer skorið í litla bita og brúnað í potti. Karrí er bætt við og síðan soði, rjóma og sítrónugrasi.

Látið malla í að minnsta kosti 40 mínútur en gott að hafa lengur. Sítrónugrasið er þá tekið upp úr og graskerinu bætt út í og allt maukað saman t.d. með töfrasprota og

Mér finnst súpur geta verið ótrúlega sniðugar í veislur og þessi er einstaklega góð og einföld og hægt að leika sér svölitið með hana.

síðan sigtað. Súpan er smökkuð til með smá sítrónusafa og salti.

Ég ætla að bera þessa súpu fram með andaconfit og graskersfræjum en það má nota hvað sem er t.d. kjúkling eða baunir. ■



Graskerssúpa með andaconfit. Bæði holl, falleg og góð.



# Íslensk ullarsæng

Tilvalin til  
fermingargjafa



lopidraumur.is  
Frí heimsending innanlands



# Mæðgnaferð til Parísar í fermingargjöf

Systradæturnar og perluvinkonurnar Ylfa Marín Nökkvadóttir og Ásdís Katrín Ívarsdóttir eru að fermast í ár og bjóða stórfjölskyldunni saman til veislu eftir athöfnina.

jme@frettabladid.is

Síðustu vikur hafa mæður fermingarbarnanna Ylfa Marínar og Ásdísar Katrínar, systurnar Anna og Jóhanna Þorleifsdætur, staðið í ströngu ásamt ektamökum sínum við að undirbúa, baka, plana, versla og ýmislegt fleira, enda er gestalistinn kominn upp í 130 manns.

## Hugmyndin kom í fyrra

Það er ekki úr vegi að spyrja hvenær undirbúningur undir veisluna hófst. „Við byrjuðum að tala um þetta strax í fyrra, hvort það væri ekki sniðugt að halda veisluna bara saman, enda eru frænkurnar góðar vinkonur og auðveldara fyrir alla að bjóða stórfjölskyldunni í kaffi í einni veislu.“ segir Jóhanna.

**Hvað er það sem þarf, að ykkar mati, til þess að gera fermingardaginn eftirminnilegan?**

„Okkur þykir mikilvægast að dagurinn sé eins mikið eftir höfði fermingarbarnanna og hægt er, hvað varðar veitingar og annað sem við kemur veislunni.“ segir Anna sem er að ferma sitt annað barn. „Það helsta sem ég lærði af fyrstu veislunni er að stressa sig ekki um of yfir smáatriðum. Þetta kemur allt



Frænkurnar Ásdís (t.v.) og Ylfa Marín eru perluvinkonur enda eru mæður þeirra systur og því mikill samgangur á milli fjölskyldnanna. Báðar vildu fá fléttur, brúðarslör og krullur í hárið.

MYND/HREFNA MARÍN GUNNARSÐÓTTIR

**Ylfa Marín hefur verið með niðurtalningu í símanum sínum nánast frá því að miðarnir voru keyptir.**

Jóhanna



Anna Þorleifsdóttir (t.v.) og Jóhanna Þorleifsdóttir náðu að virkja nærfjölskylduna nokkuð vel í fermingarundirbúningnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fermingarmöppur og gestabækur



Við bjóðum upp á áletrun á nafni og dagsetningu



við Reykjalund | 270 Mosfellsbæ  
Sími 562 8500 | www.mulalundur.is

MÚLALUNDUR  
Vinnustofa SÍBS

með kalda vatninu og smám sama tínast til þeir hlutir sem þarf til að gera daginn sem bestan.“ bætir hún við. „Féðurnir fá auðvitað líka að hafa skoðun á veislunni og taka þátt í eldamennsku og bakstri eftir bestu getu.“ bætir Jóhanna við.

„Til að halda skipulaginu sem bestu erum við með excel-skjal þar sem við höldum utan um verkefna-lista og matseðil. Svo er að sjálf-sögðu búið að bjóða gestunum.“ segir Anna og bætir við: „Í upphafi var 130 manns boðið en auðvitað er viðbúið að það komist ekki allir. Nú þegar hafa nokkrir afboðað sig.“

„Nú þegar líður að fermingardeginum sjálfum eru frænkurnar búnar að versla sér föt fyrir ferminguna. Það er búið að fjárfesta í ýmsum skreytingum og bóka sal. Leiga á sal yfir daginn er líklegast kostnaðarsamasti liðurinn en það munar svo miklu að vita af nægu plássi fyrir alla sem koma að deginum. Svo eru þetta auðvitað aukin þægindi að vita til þess að nóg sé af

borðum, stólum og borðbúnaði.“ segir Jóhanna.

## Fermingarferð til Parísar

Fermingargjöfin er svo mæðgnaferð til Parísar og að sögn systranna er mikil eftirvænting í loftinu. „Það er óhætt að segja að fermingarferðin sé mikið tilhlökkunarefni. Ylfa Marín hefur til að mynda verið með niðurtalningu í símanum sínum nánast frá því að miðarnir voru keyptir.“ segir Jóhanna. „Við mæðurnar erum líka mjög svo spennar að komast út í afslöppun eftir ferminguna sjálfa og stefnir þetta í sannkallaða ævintýraferð. Stelpurnar hafa nú þegar keypt sér miða í Louvre-safnið og ætla líka að skoða Þjóðaróperuna í París (fr. Opera national de Paris) auk þess að versla og borða allan þann góða mat sem París hefur upp á að bjóða.“ bætir Anna við.

## Fjölskyldan fengin í verkin

Stúlkurnar voru báðar ljósmyndadar um daginn af Hrefnu Marínu,

**”Grunnurinn að góðri fermingarförðun er að mínu mati falleg húð og að náttúruleg feegurð fái að njóta sín sem best án þess að nota of margar vörur.**

Anna

föðursystur Ylfa. Ljósmyndastúdíói var slegið upp í stofunni heima hjá þeim Ylfa, Jóhönnu, Nökkva og systkinum Ylfa. „Það vill svo til að systir Nökkva, mannsins míns, er flinkur áhugaljósmyndari og vel græjum búin. Hún hefur því ljósmyndað fjölskylduna í gegnum árin.“ segir Jóhanna. „Nú síðast um jólin var líka sett upp ljósmynda-stúdíó í stofunni hjá Jóhönnu og það var í raun þá sem hugmyndin fæddist. Svo vorum við bara ótrúlega heppnar að Hrefna var laus og til í slaginn, sem er æði.“ bætir Anna við, sem farðaði fermingarstúlkurnar einnig fyrir myndatökuna. Hún er lærður förðunarfræðingur og tekur við förðunarverkefnum í gegnum Instagram: @annath\_makeup.

„Grunnurinn að góðri fermingarförðun er að mínu mati falleg húð og að náttúruleg feegurð fái að njóta sín sem best án þess að nota of margar vörur. Ég notaði léttan farða, hyljara, kinnalit, góðan maskara og fallegan gloss á varirnar. Andlitid var skyggt létt með sólarpuðri. Góður farðafestir (e. setting spray) heldur svo öllu á sínum stað, enda er æskilegt að ná í gegnum daginn með förðunina enn í lagi.“ segir Anna. Hún segir að fermingarstúlkurnar hafi fengið að leggja orð í belg þegar kom að förðuninni: „Þær vildu helst bara fá látlausa förðun og fá að njóta þess að vera extra finar fyrir daginn. Þær ákváðu líka alveg sjálfar hvernig hárgreiðslu þær vildu, enda er það ekki síður partur af heildarútlitinu.“

Eins og sést hefur náðst að halda kostnaði niðri að nokkru leyti með því að nýta krafta fjölskyldunnar þegar kemur að fermingarundirbúningnum og því er ekki úr vegi að spyrja um lokakostnaðinn. „Við höfum verið mjög dugleg að gera sem mest sjálf svo við erum helst að horfa á leigu á sal og efniskostnað við eldamennskuna. Lokatölur eru ekki alveg orðnar greinilegar núna en við gætum séð fyrir okkur að þetta endi í kringum 200 þúsund fyrir veisluna.“ segir Anna. „Ferðalagið til Parísar og gisting þar á fallegu hóteli var bókað með miklum fyrirvara og er því óhætt að segja að þar höfum við sloppið vel. Endaði kostnaðurinn þar í 360 þúsund sem við skiptum á milli okkar fjögurra, en við mæðurnar fáum að fylgja fermingarbornunum í þessa langþráðu ferð.“ segir Jóhanna.

## Breyttar áherslur

Jóhanna og Anna eru báðar fermdar og segja að munurinn á fermingunum hér í denn og núna sé þó nokkur. „Fermingarveislurnar hafa breyst mjög mikið. Til dæmis höfum við ráðfært okkur við stelpurnar í gegnum allt ferlið, en það var ekki mikið um það þegar við fermdumst. Þær hafa kannski ekki sjálfar einhverjar fyrir fram ákveðnar skoðanir á skreytingum og slíku en við höfum boðið þeim mismunandi valkosti.“ segir Anna. „Ég held að andrúmsloftið sé jafnvel léttara en hér áður fyrr enda eru veislurnar betur sniðnar að hverju og einu fermingarbarni.“ bætir Jóhanna við. ■

# Fögnum sem OFTAST!

MOPSIG hnífapör

**895,-/16 í setti**

OFTAST hliðardiskar

**150,-/stk.**

REKO glös

**395,-/6 í pk.**



Kringlan

Allt þitt uppáhalds fyrir

# FERMINGUNA

í Kringlunni og á [kringlan.is](http://kringlan.is)



# GOSH

C O P E N H A G E N



Gosh Copenhagen fæst í Hagkaup, Krónunni, Lyfjum & heilsu, Apótekaranum, Mandala, Carita, Íslands Apóteki og á Heimkaup.is.

# Skemmtilegast að gera litríkar kökur



Sjöfn  
Þórðardóttir  
sjofn  
@frettabladid.is

Eins og frægt er orðið þá kom Guðrún Erla Guðjónsdóttir, sá og sigraði í keppninni um köku ársins 2023 og töfraði dómnefndina upp úr skónum með sinni fallegu köku, bragði og áferð.

Guðrún Erla hefur haft áhuga á bakstri frá því hún var á barnsaldri og hefur mikla ástríðu fyrir starfi sínu sem bakari og enn meiri fyrir námi sínu þar sem hún er að læra konditor. Hún elskar að skreyta kökur og er búin að læra mörg góð leynitrix sem vert er að kunna þegar fallega og ljúffenga köku skal gera.

Hún kom fram í þættinum Mat og heimilum á dögunum og galdraði fram dýrindis tertu og kenndi áhorfendum nokkur góð leynitrix þegar unnið er með marsípan, til dæmis þegar rósir eru gerðar. Guðrún er 22 ára og útskrifaður bakari. Þessa dagana stundar hún framhaldsnám í konditor í Danmörku.

## Áhugasöm um kökuskreytingar

„Ég er áhugamanneskja um kökuskreytingar og langaði að bæta við mig og vera enn betri í því sem ég er að gera,“ segir Guðrún Erla. Hún segist alltaf muna eftir sér í eldhúsinu. „Minningin er ávallt ljóslifandi í huga mér þegar ég fylgdist með mömmu gera þessa klassísku súkkulaðiköku. Þá sat ég uppi á borði hjá henni og fékk að fylgjast með.“

Spurð segir Guðrún Erla að hún hafi verið fljót að finna sína hillu og velja hvað hana langaði til að gera. „Um leið og ég komst að því að ég gæti unnið sem kökuskreytari, þá fannst mér alveg sjálfsagt að læra það. Ég elska að skreyta með litum. Finnst svo fallegt að gera litríkar og skemmtilegar kökur. Þegar einhver bakari í salnum í Mosfellsbakaríi á afmæli, geri ég ávallt súkkulaðiköku með mynd af þeim. Mér finnst skemmtilegast að gera sams konar liti af smjörkreimi og hef þær alveg svakalega litríkar og sætar,“ segir Guðrún Erla dreymin á svip.

## Snúðarnir á sveinsprófinu bestir

Í náminu hefur Guðrún Erla prófað sig áfram með að baka alls konar bakkelsi og kökur og ekki síst þegar hún hefur verið að prófa sig áfram í bakstrinum. Þegar hún er spurð hvað henni finnst það besta sem hún hefur bakað stendur ekki á svari. „Ég gerði snúða á sveinsprófinu mínu, sem voru með kanil-, karamellu- og kókosfyllingu. Mér fannst þeir alveg rosalega góðir.“

Margar áskoranir fylgja því að vera bakari og vaktirnar geta stundum verið strembnar. „Ég átti rosalega erfitt með að mæta á vakt í vinnunni. Fannst svo erfitt að þurfa að vakna klukkan þrjú að nóttu. Núna finnst mér ekkert eðlilegra en að mæta snemma,“ segir Guðrún Erla en vinnutíminn venst.

## Kakan í fyrri í upphaldi

Guðrún Erla vann í ár verðlaunin fyrir köku ársins eins og áður hefur komið fram og gerði sér litið fyrir og tók líka þriðja sætið. „Kakan sem lenti í þriðja sæti er kakan sem ég var búin að ákveða að gera lengi. Hún er smá meiri nammikaka. Það er brownie í henni, smá skyr, síðan karamellusúkkulaðimús. Viku fyrir keppnina ákvað ég að líka gera eina köku í viðbót sem er aðeins ferskari og fyrir hana hreppti ég fyrsta sætið,“ segir Guðrún Erla en bætir því jafnframt við að kakan hennar, sem lenti í öðru sæti í keppninni í fyrri, sé hennar upphalds.

Í þættinum Mat og heimilum á dögunum svipti Guðrún Erla



Guðrún Erla töfraði fram dýrindis tertu í þættinum Mat og heimilum á dögunum og sviptir hér hulunni af uppskriftinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

hulunni af nokkrum leynitrixum við kökuskreytingar og gaf áhorfendum góð ráð. Hún bakaði dýrindis marsípantertu skreytta með marsípan-rósum sem má segja að sé fullkomin í fermingarveisluna og páskaboðið og sem flestir ættu að ráða við að galdra fram. Hér ljóstrar hún upp uppskriftinni að tertunni og nú er bara að vinna sér í baksturinn.

„Allir ættu að geta útbúið þessar marsípanrósir sem ég skreytti tertuna með, það er miklu einfaldara en marga grunar. Þetta kemur allt bara með æfingunni. Æfingin skapar meistarann. Meistarinn minn sagði líka alltaf: „Þú sýnir mestan áhuga á faginu þegar þú ert duglegur að æfa þig eftir vinnu og svoleiðis.““

## Marsípanterta með súkkulaðimús og berjum

210 g kransi XX Odense (marsípan)  
210 g sykur  
210 g smjör (við stofuhita og skera í kubba)  
4 stk. egg  
84 g hveiti  
20 g kakó

Blandið saman kransa og sykri með spaða í hrærivél. Þegar það er komið saman er sett smátt og smátt af smjöri út í á meðan hrært er hægt með spaðanum. Þegar allt smjórið er komið út í, er eitt egg sett út í og síðan annað og koll af kolli á meðan hrært er. Sigtíð hveiti og kakó og blandið út í þegar egginn er öll komin út í. Setjið á bökunarpötu og sléttu út. Setjið síðan inn í ofn á 200°C í 10-15 mínútur.

## Súkkulaðimús

100 g mjólk  
155 g mjólkursúkkulaði  
200 g rjómi  
2 g matarlímplötur

Leggið matarlímið í bleyti. Hitið mjólkina að suðu og setjið



Marsípantertan er fagurlega skreytt með marsípanrósum sem Guðrún Erla gerði með höndunum. Tertan er fullkomin í fermingarveisluna og páskaboðið og gleður svo sannarlega augað með fegurð sinni.

matarlímið út í, hellið svo yfir súkkulaðið og blandið vel saman. Léttþeytið rjóma og blandið við súkkulaðið þegar það er komið í 38°C hita.

## Á milli botnanna

1 box stór jarðarber  
1 box hindber  
1 box kókosbollur (minni stærðina)  
Súkkulaðimús (uppskrift að ofan)

## Yfir tertuna og til skrauts

Marsípan sem búið er að fletja út (hægt að kaupa í mörgum bakaríum)  
Marsípanrósir eða það sem ykkur langar að skreyta tertuna með

”  
Um leið og ég komst að því að ég gæti unnið sem kökuskreytari, þá fannst mér alveg sjálfsagt að læra það. Ég elska að skreyta með litum.

## Samsetningin

Takið hring (eins og piparkökuform) að vali og stingið út tvo súkkulaðibotna með þeim hring. Takið einn botn og hafið neðst í forminu.

Skerið fersk jarðarber og hindber í bita og setjið á neðsta botninn. Skerið svo kókosbollur í tvennt og setjið ofan á berin. Hellið súkkulaðimúsinni yfir þetta og setjið síðan hinn botninn ofan á, og frystið þetta í sólarhring.

Takið tertuna úr forminu og látið hana standa á borðinu í minnst 2 klukkustundir áður en hún er skreytt. Rúllið marsípani yfir hana og skreytið með skrauti að eigin vali. Til dæmis með marsípanrósum og skreytið með flórsykri eins og gert er í þættinum Mat og heimilum. ■

# Atvinnutæki til sölu



## **VOLVO FH540**

2019  
117.000 km  
19.9m plús vsk  
Laus til afhendingar

Loft að aftan  
Hiti í palli  
Retarder  
Vökvi í hlera o.fl. ofl.



## **Scania R500**

2019  
103.000 km  
19.5m plús vsk  
Laus til afhendingar

Loft að aftan  
Hiti í palli  
Retarder  
Vökvi í hlera o.fl. ofl.



## **VOLVO FH540**

2019  
147.000 km  
18.8m plús vsk  
Laus til afhendingar

Loft að aftan  
Hiti í palli  
Retarder  
Vökvi í hlera o.fl. ofl.



## **Renault Master**

2018 • 58.000 km  
7,7m plús vsk  
Til afhendingar  
snemma í apríl.

Körfubíll - karfa fyrir  
1 mann  
Sendibíll fyrir verkfæri  
og búnað. 9 metra karfa



## **Scania R650**

2019 • 292.000 km  
25.5 plús vsk  
Til afhendingar  
í byrjun apríl.,  
Loft framan og aftan  
Joab 2015 árg.  
Vökvi f. flest / snjótönn  
Malbikskassi (2016)  
aukalega 3,9m plús vsk



Upplýsingar: Sigurður s. 699 2011 /  
[sigurdur.robertsson@gmail.com](mailto:sigurdur.robertsson@gmail.com)

## MERKISATBURÐIR

**1610** Geirþrúðarbylur geisar. Mikið illviðri stóð í einn dag og urðu tugir manna úti, aðallega í Borgarfirði og í Miðfirði.

**1757** Undir Eyjafjöllum farast 42 menn af þremur skipum frá Vestmannaeyjum.

**1865** Eldingu lýstur niður í bæinn Auðnir á Vatnsleysuströnd og verður þremur mönnum að bana. Margir brenndust mjög illa.

**1917** Blaðið Tíminn hefur göngu sína.

**1969** **Golda Meir**, frá Wisconsin í Bandaríkjunum, verður forsætisráðherra Ísraels.

**1974** Sölubanni OPEC-rikjanna er aflétt og oliukreppa tekur enda.

**1987** Alþingi samþykkir ný lög sem afnema prests-kosningar að mestu.

**1988** Fyrsta íslenska glasabarnið fæðist og er það tólf marka drengur.

**1991** 77 prósent kjósa með áframhaldandi sameiningu Sovétríkjanna í þjóðaratkvæðagreiðslu en sex sovétlýðveldi hunsa kosninguna.



**2001** Atkvæðagreiðsla um framtíð Reykjavíkurlflugvallar er haldin í Reykjavík.

**2008** Gengisvísitala íslensku krónunnar fellur um 6,97 prósent.



olafur@frettabladid.is

Fréttablaðið bað Þorstein Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra og fjármálaráðherra, að minnst hans á þessum degi.

#### Í minningu Jóhannesar Nordal eftir Þorstein Pálsson



Með Jóhannesi Nordal er genginn einn áhrifamesti og einn mikilhæfasti forystumaður í íslensku samfélagi á ofanverðri síðustu öld.

Hann setti með afgerandi hætti mark sitt á þróun og breytingar á efnahagsstjórn landsins og nýmæli í atvinnuháttum á sinni tíð.

Hann mótaði Seðlabankann og stjórnaði honum í meir en þrjú áratugi. Hann var einn helsti ráðgjafi Viðreisnarstjórnarinnar, sem færði Ísland frá haftabúskap til frjálslyndari stjórnarháttá. Hann stýrði nýrri atvinnubyltingu með forystu fyrir stóriðjunefnd og Landsvirkjun.

Eitt síðasta framlag hans til framþróunar í þjóðarbúskapnum var forysta



Jóhannes Nordal árið 1978.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

hans fyrir auðlindanefnd, sem lauk störfum í byrjun þessarar aldar með vel rökstuddum hugmyndafræðilegum tillögum um breytingar, sem enn bíða þess að komast í framkvæmd.

Eins og allir þeir fjölmörgu stjórnálamenn sem sátu í fjármálaráðuneytinu og forsætisráðuneytinu á árum Jóhannesar í Seðlabankanum átti ég um skeið heilsteypt og árangursríkt samstarf við hann.

Jóhannes ávann sér traust manna úr öllum stjórnáflökkum. Hitt skiptir ekki síður máli að með þekkingu sinni og persónulegum mannkostum átti hann mikinn þátt í að auka traust Íslands í samfélagi þjóðanna. Ég er ekki viss um að allir geri sér grein fyrir því hversu mikils virði það var fyrir land og þjóð.

Ísland á Jóhannesi Nordal þakkar-skuld að gjalda. ■

## ÞETTA GERÐIST

17. MARS 1988

# Fyrsta íslenska glasabarnið fæðist

Það var á þessum degi fyrir þrjátíu og fimm árum sem fyrsta íslenska glasabarnið fæddist. Drengurinn sem fæddist vó tólf merkur og var tekinn með keisaraskurði.

Blaðamenn frá öllum helstu fjölmiðlum landsins mættu upp á fæðingardeild til þess að ræða við foreldrana um þessi merku tímamót. Móðirin hafði leitað til Bourn Hall sjúkrahússins á Englandi til að undirgangast aðgerðina. Þar var lækurinn genginn annar en Patrick Steptoe sem



Dr. Steptoe, sem annaðist fyrstu glasafrjövgun heims, sá um aðgerðina.

annaðist fyrstu glasafrjövgun heims um áratug áður.

Steptoe hóf rannsóknir að baki glasafrjövgun seint á sjöunda áratugnum en þurfti hann og teymi hans að þola mikla gagnrýni og andúð á störfum sínum. Allt breyttist þegar fyrsta glasabarn heims leit dagsins ljós þann 25. júlí 1978, enska stúlubarnið Louise Brown. Þótt enn séu einhverjir mótfallnir glasafrjövgun er það í dag vinsæl og oft nauðsynleg leið fyrir fólk til þess að eignast börn. ■

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.



# Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is



Trönur í miklu úrvali, íblöndunarefni, teiknivörur



## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16



## SJÓNVARPSDAGSKRÁ

## HRINGBRAUT

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó**
- 19.30 Íþróttavikan með Benna Bó**
- 20.00 Veiðin með Gunnari Bender** Gunnar Bender leiðir áhorfendur að árbakkanum, og sýnir þeim allt sem við kemur veiði.
- 20.30 Fréttavaktin**
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó**

## RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Fréttir með táknaþáttunum**
- 13.25 Heimaleikfimi**
- 13.35 Kastljós**
- 14.00 Enn ein stöðin**
- 14.30 Útsvar 2018**
- 15.45 Stúdíó A**
- 16.15 Kæra dagbók**
- 16.45 Á meðan ég man**
- 17.10 Bæir byggjast** Íslensk heimildarpáttaröð í fimm þáttum um skipulag og uppbyggingu fimm bæja vitt og breitt um landið. Bæirnir Ísafjörður, Akureyri, Seyðisfjörður, Vestmannaeyjar og Hafnarfjörður eru heimsottir og stíklað á stóru um sögu þeirra.
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Ósagða sagan**
- 18.29 Hjá dýralæknum**
- 18.34 KrakkaRÚV - Tónlist**
- 18.35 Húllumhæ**
- 18.50 Lag dagsins**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Kastljós**
- 20.00 Gettu betur** Í þessum úrslitaþætti mætast lið Menntaskólans í Reykjavík og Fjölbrotaskóla Suðurlands. Spurningahöfundur og dómara eru Laufey Haraldsdóttir, Jóhann Alfreð Kristinsson og Helga Margrét Höskuldsdóttir. Spyrill er Kristjana Arnarsdóttir.
- 21.20 Vikan með Gísla Marteini**
- 22.15 Vera - Tigrisdýrið** Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Ann Cleeves um Veru Stanhope rannsóknarlögglukonu á Norðymbralandi. Öryggisvörður særist til ólífis á gámasvæði sem hann gætti. Verksummerki benda til ránstíla raunar en Veru grunar að innanbúðarmaður eigi hlut að máli.
- 23.45 Shakespeare og Hathaway**
- 00.30 Dagskrárlök**

## SJÓNVARP SÍMANS

- 12.00 Dr. Phil**
- 12.44 The Late Late Show with James Corden**
- 13.24 The Block**
- 14.14 Love Island**
- 14.59 This Is Us**
- 15.40 Players (2022)**
- 17.20 Family Guy**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show with James Corden**
- 19.10 Kenan**
- 19.40 Black-ish**
- 20.10 The Bachelor** Leitin að ástinni heldur áfram. Að þessu sinni er það Zach Shallcross sem fær tækifæri til að kynna ástleittum stúlkum sem keppa um hjarta hans.
- 23.10 Love Island**
- 00.40 Indiana Jones and the Temple of Doom**
- 02.35 Love Island**
- STÖÐ 2**
- 08.00 Heimsókn**
- 08.25 Grand Designs. Australia**
- 09.15 Bold and the Beautiful**
- 09.35 Listing Impossible**
- 10.20 Inside the Zoo**
- 11.15 Tala saman**
- 11.45 Í eldhúsi Evu**
- 12.15 Franklin & Bash**
- 13.00 10 Years Younger in 10 Days**
- 13.45 Britain's Naughtiest Nursery**
- 14.30 Britain's Got Talent**
- 15.25 Saved by the Bell**
- 15.55 Schitt's Creek**
- 16.15 Stóra sviðið**
- 17.20 Franklin & Bash**
- 18.00 Bold and the Beautiful** Forrester-fjölskyldan er leiðandi í tiskuheiminum en miklum vinsældum fylgir líka mikil ábyrgð og pressa á að standa sig. Endalaus valdabarátta og erjur utan sem innan fyrirtækisins setja stundum mark sitt starfseminu og ekki hjálpa flóknu fjölskyldutengslin.
- 18.25 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 19.00 Hlustendaverðlaun 2023** Útvarpsstöðvarnar Bylgjan, FM957 og X977 verðlauna stærstu nöfn íslenskrar popptónlistar fyrir framlag sitt á árinu og eru það hlustendur sem sjá um að velja sitt upphald.
- 20.45 Venom. Let There Be Carnage**
- 22.25 Predestination**
- 00.00 Promising Young Woman**
- 01.50 Listing Impossible**
- 02.30 Saved by the Bell**
- 03.20 Schitt's Creek**

## Arnar Gunnlaugsson og Stebbi Jak hitar upp fyrir bardagann

Arnar Gunnlaugsson, þjálfari Víkinga, sest í settið í íþróttavikunni með Benna Bó í kvöld. Þar verður hann með Herði Snævari Jónssyni, íþróttanefndastjóra Torgs. Farið verður yfir fréttir vikunnar og Meistaradeildina ásamt því að líta yfir farinn veg. Í lokin kemur Stefán Jakobsson söngvari, en hann er mikill áhugamaður um MMA. Hann verður í London um helgina þar sem Gunnar Nelson berst. ■



## KROSSGÁTA

1	2	3	4	5	6	7
5				6	7	
8			9			
10			11			
		12				
13	14					
15				16		
		17				

## LÁRÉTT

- 1 maka
- 5 harðæri
- 6 íþróttafélag
- 8 yfirhafna
- 10 tveir eins
- 11 geðleidd
- 12 mikil
- 13 bónus
- 15 tilliðkun
- 17 krydddjurt

## LÓDRÉTT

- 1 matjurt
- 2 samsinna
- 3 gruna
- 4 stía
- 7 þægindi
- 9 rándýr
- 12 hreinsa
- 14 tjara
- 16 í röð

LÁRÉTT: 1 ryðja, 5 óar, 6 fh, 8 strakka, 10 aa, 11 órg, 12 stór, 13 abót, 15 lípur, 17 karsl. LÓDRÉTT: 1 rósa, 2 játa, 3 óra, 4 arkro, 7 hag-ræð, 9 kottur, 12 sópa, 14 þik, 16 rs.


## SUDOKU

		6		5		1	4	8
8	3							6
	2	4	6	7		3		
	4	9		3		5	1	
					7	4		
		1			9	8		3
9		3						5
		2		6				
	6		2		3			

		3				6	1	4
		9						
			7	4				
					6		7	
				9		7	1	3
6	8		1					9
	9		8					4
7				1				5
2					5	9	7	8

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## PONDUS



## FRODE ØVERLI

## Í VIKULOKIN



Ólafur Arnarson  
@frettabladid.is

Í vikunni mætti ég ásamt nafna mínum, Ísleifssyni, í Bitið á Bylgjunni til Heimis og Gulla að ræða hremmingar erlendra banka og efnahagsástandið hér á landi. Um árabíl vorum við þar vikulegir gestir og ræddum málefni líðandi stundar. Ég sagðist hafa samúð með Seðlabankanum og Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra sem stæði einn í baráttunni við verðbólgu á meðan ríkisfjármálin eru í molum og ríkissjóður rekinn með meira en 100 milljarða holla. Ég hef gjarnan gagnrýnt Seðlabankann og seðlabankastjóra en ég geri mér grein fyrir því að verkefni bankans er ekki auðvelt þegar skelfilegur rekstur ríkissjóðs er helsta vandamálið sem bankinn þarf að kljást við.

Seðlabankinn á skilið gagnrýni vegna þess að skilaboð hans í löngu vaxtahækkunarferli hafa verið misvísandi. Seðlabankastjóri verður að gera sér grein fyrir því að hann er ekki í vinsældakeppni. Hann verður að taka erfiðar ákvarðanir og vera maður til þess að gera það. Seðlabankastjóri verður að átta sig á því að gagnrýni á ákvarðanir peningastefnuefnadar bankans eru ekki persónulegar árásir á hann eða aðra í nefndinni. Færa má góð rök fyrir því að miklar vaxtahækkningar Seðlabankans, sem enn sér engan veginn fyrir endann á, muni varanlega eyðileggja vaxtateki bankans vegna þess að lántakar eiga í dag engan annan kost en að flýja í verðtryggt lán. Sést það enda á því að ný útlán eru

öll verðtryggt. Vextir Seðlabankans hafa engin áhrif á verðtryggt lán og því er peningastefnuefnd bankans markvisst að úrelða sitt helsta tæki. Í nágrannalöndum okkar er það almenn regla að vextir húsnæðislána séu fastir út lántímann. Óþolandi þykir að þeir sem skuldsætja sig til að koma sér þaki yfir höfuðið búi við óvissu um greiðslubyrði sína. Þegar vextir hækka í Danmörku og Svíþjóð hækka vextir á nýjum lánunum en ekki lánunum sem þegar hafa verið tekin. Vaxtahækkun dregur úr eftirspurn eftir nýjum lánunum án þess að setja drápsklyfjar á herðar þeim sem eru að borga af eldri lánunum. Í siðmenntuðu samfélagi er forsendum lántakenda ekki breytt eftir á. Að því leyntinu til er Ísland



Hér virðist peningastefna Seðlabankans ganga að miklu leyti út á að breyta, nei bylta, forsendum almennings í landinu.

ekki siðmenntað samfélag. Hér virðist peningastefna Seðlabankans ganga að miklu leyti út á að breyta, nei bylta, forsendum almennings í landinu. Þessu þarf að breyta. Líklega er það ekki hægt fyrr en við köstum íslensku krónunni – gjaldmiðlinum sem efnuðustu Íslendingarnir og stærstu fyrirtæki landsins hafa fyrir löngu hafnað. Gjaldmiðlinum sem bara almenningur og minni fyrirtæki eru skikkað til að nota. Gott og vel, þá verðum við einfaldlega að losa okkur við krónuna og taka hér upp traustari gjaldmiðil. Þá fyrst sitja allir við sama borð hér á landi. Ekki nóg með það. Þá fyrst situr Ísland við sama borð og þau lönd sem við viljum bera okkur saman við. ■

## SKÁK

## Svartur á leik



John Doe átti leik gegn B Ahues í Berlín árið 1920.

**1...Dg4! 2. hgx4 gxf6 0-1.** Kviku-deild Íslandsmóts skáklaga hófst í gær. Mótið fer fram um helgina í Fjölfnishöllinni í Egilshöll. Aðrar deildir hefjast á morgun. Skák-áhugamenn geta komið og fylgst með flestum sterkustu skákmönnum landsins að tafli. Hægt að nálgast Tímariðið Skák, sem er skyldueign skákáhugamanna, á skákstað.

[www.skak.is](http://www.skak.is): Íslandsmót skáklaga.

Hrafnkell Sigurðsson er fæddur árið 1963.  
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hrafnkell valinn myndlistarmaður ársins 2023

tsh@frettabladid.is

Íslensku myndlistarverðlaunin voru veitt í gær í Iðón. Alls var sex verðlaunum og viðurkenningum úthlutað en aðalverðlaunin, myndlistarmaður ársins, féllu Hrafnkeli Sigurðssyni í skaut fyrir sýninguna *Upplausn* í Auglýsingahléi Billboard, í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur og Y gallerí. Sýningin var sett upp á yfir 450 auglýsingaskjáum Billboard víðs vegar um höfuðborgarsvæðið og í umsögn dómnefndar segir: „Það er mat dómnefndar að með því að nýta auglýsingaskiltin hafa Hrafnkell og fleiri opnað nýja leið til að miðla myndlist.“

Auk Hrafnkels hlaut Ásgerður Birna Björnsdóttir hvatningarverðlaun fyrir sýninguna *Sneritaug* í Listasafni Reykjavíkur og heiðursviðurkenningu myndlistarráðs hlaut Ragnheiður Jónsdóttir fyrir einstakt framlag til íslenskrar myndlistar.

Viðurkenningar fengu Ása Sigurjónsdóttir og Bryndís Snæbjörnsdóttir/Mark Wilson fyrir útgefnið efni fyrir bókina *Óræð lönd*: samtöl í sameiginlegum viddum, Listasafn Reykjavíkur fyrir áhugaverðasta endurlitid fyrir sýninguna *Erró*: Sprengikraftur mynda, Myndhöggvarafélagið í Reykjavík fyrir áhugaverðustu samsýninguna fyrir *Hjólid V*: Allt í góðu.

Tilgangur Íslensku myndlistarverðlaunanna er að vekja athygli á því sem vel er gert á sviði myndlistar og heiðra þau verkefni sem hafa skarað fram úr á liðnu ári en Myndlistarráð hefur umsjón með verðlaununum. ■

# Að vera eða vera ekki prinsessa

Birtingarmyndir prinsessunnar í ævintýrum, dagurmenningu og stjórnmálasögu er viðfangsefni verksins *Prinsessuleikarnir* eftir Elfriede Jelinek.

tsh@frettabladid.is

Una Þorleifsdóttir leikstýrir *Prinsessuleikunum* eftir Nóbelskálldið Elfriede Jelinek sem frumsýnt verður í Borgarleikhúsinu í dag, föstudag. Í verkinu túlka leikkonurnar Vala Kristín Eiríksdóttir, Birgitta Birgisdóttir og Sólveig Arnarsdóttir þrjár prinsessur úr ævintýrum og raunveruleikanum; Þyrnirós, Mjallhvíti og Jacqueline Kennedy.

„Í verkinu er Jelinek að takast á við og rannsaka þessa menningarlegu hugmynd um prinsessuna sem við getum sagt að gegnsýri samfélagið að einhverju leyti. Þessar hugmyndir sem prinsessan stendur fyrir eins og hreinleiki, fegurð, hlýðni, taka ekki pláss og gangast upp í einhverju hlutverki. Hún skrifar verkið í fimm þáttum en við veljum þrjá til að sviðsetja,“ segir Una.

### Staða og ímynd prinsessunnar

*Prinsessuleikarnir* var upphaflega sett upp í Hamborg í Þýskalandi árið 2002 og inniheldur nokkrar aðrar prinsessur, þar á meðal Rósamundu og Díönu prinsessu. Jelinek blandar þannig prinsessum úr þjóðsögum og ævintýrum saman við raunverulegar konur úr vestrænni stjórnmálasögu.

„Hún er svolítið að rannsaka þeirra stöðu og þeirra ímynd. Þú getur hugsað það þannig að Mjallhvít og Þyrnirós standi fyrir ákveðnar hugmyndir um kvenleika og hugmyndir um ungar konur áður en þær giftast. Þeirra líf endar í raun með kossi á meðan líf Jackie Kennedy hefst með kossi og því að hún flytur í höllina með prinsum. En svo deyr prinsinn og hvað gerist þá? Í sögum allra þessara kvenna er karlmaður sem skilgreinir tilvist þeirra,“ segir Una og bætir því við að hugmyndir um karlmennsku séu einnig teknar fyrir í verkinu.

*Er eftirsóknarvert að vera prinsessa?*

„Þetta er góð spurning af því að

Una Þorleifsdóttir, leikstjóri *Prinsessuleikanna*, segir leikrit Nóbelskálldsins Elfriede Jelinek vera mjög óhefðbundið í eðli sínu og meira í ætt við ljóð en hefðbundinn leiktexta.  
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

mörgu leyti eru stelpur og strákar alin upp við prinna og prinsessur og maður yfirleitt skilgreinir sig og staðsetur með eða á móti, ég er ekki prinsessa eða ég er prinsessa. Ef þú hugsar um einhvern eins og til dæmis Kim Kardashian, er hún ekki prinsessa? Eða Britney sem í upphafi síns ferils er algjör prinsessa. Hún er hrein, falleg, óflekkuð, saklaus, kynferðisleg en ekki of mikið, ómeðvitun um eigin kynferði. Svo um leið og hún stígur út fyrir þann ramma og reynir að eiga sig sjálf og verða eitthvað annað heldur en er búuð að segja henni að hún eigi að verða þá verður einhvers konar fall eða hrún.“

### Britney og Miley

Að sögn Unu snýst verkið *Prinsessuleikarnir* að stórum hluta um það sem gerist í kjölfar slíkrar óhlýðni prinsessunnar.

„Stóra spurningin er kannski hvað gerist þegar við hættum að hlýða eða hvað gerist þegar við

reynum að segja sögurnar okkar sjálfar,“ segir hún.

Spurð um hvort þetta hafi ekki einmitt gerst núna í bresku konungsfjölskyldunni þegar Harry Bretaprins og kona hans Meghan Markle ákváðu að segja skilið við konunglegar skyldur sínar segir Una:

„Já, það má líka alveg spyrja sig í tengslum við umræðuna um Meghan að hún er náttúrulega óhlýðin, og þar af leiðandi stjórnast umræðan af því. Alveg eins og með Britney, Miley Cyrus eða þær konur sem stíga einhvern veginn út fyrir þann ramma sem þeim hefur verið settur.“

### Ólík æviskeið prinsessunnar

*Verkið var fyrst sett upp fyrir rúnum tuttugu árum, finnst þér það enn eiga erindi?*

„Já, mér finnst það, mér finnst þessar hugmyndir enn vera til staðar. Þessi hugmynd um prinsessuna sem ímynd eða sem einhvers konar

hugmynd um konu sem er leikin á ákveðinn hátt. Allar þessar hugmyndir um viðfangið; get ég verið viðfang og gert mig sjálfa að viðfangi eða er ég alltaf gerð að viðfangi af einhverjum öðrum? Mér finnst þetta vera spurningar sem eru mjög ríkjandi í þessari fjórðu bylgju feminisma sem snýst mikið um eignarhaldið á birtingarmyndinni.“

Una segir hlutverkin þrjú, Þyrnirós, Mjallhvít og Jacqueline Kennedy standa fyrir ólíkar birtingarmyndir prinsessunnar. Þá segir hún leiktexta Elfriede Jelinek vera mjög óhefðbundin.

„Þessi texti er eins og ljóð. Hún leikur sér mikið með tungumálið og merkingu þess, hugtök og húmor. Þannig að þetta er ekki hefðbundið leikrit, það eru ekki hefðbundin atriði þar sem fólk talar saman. Ég held að maður skynji þetta verk bara með undirmeðvitundinni af því hún er að takast á við svo stór hugtök,“ segir Una. ■

# Að breytast í skáld

BÆKUR

## Áður en ég breytist

**Elías Knörr**  
**Útgefandi:** Mál og menning  
**Fjöldi síðna:** 91

Þorvaldur S. Helgason

Elías Knörr er einstakt skáld á íslenskan mælikvarða. Hann er fæddur og uppalinn í Galisíu en hefur verið búsettur á Íslandi í meira en áratug og yrkir aðallega á íslensku. Það er þó ekki þjóðernið sem gerir Elías svo sérstakt skáld heldur fyrst og fremst næmni hans fyrir ljóðrænu tungumálsins og frjósemi texta hans sem á sér engan líka meðal íslenskra skálda.

Elías vakti mikla athygli fyrir fyrstu ljóðabók sína á íslensku, *Sjóarinn með morgunhestana* undir kjólum, sem kom út 2010 og var ekki bara eitt fyrsta dæmið um íslenskar innflytjendabókmenntir heldur ein sterkasta hinsegin ljóðabók nýja árþúsundsins en báðar þessar bókmenntagreinar hafa verið af skornum skammti hér.

### Ljóðrænn veruleiki

Áður en ég breytist er þriðja ljóðabók Elíasar á íslensku og fylgir eftir ljóðakverinu Greitt í liljum frá

2016. Ljóð Elíasar sækja ekki í persónulega reynslu eða innra líf ljóðmælanda heldur skapa sinn eigin skáldlega veruleika úr knöppum setningum og sterkum ljóðmyndum svo minnr á ímagismann, eina höfuðstefnu módernismans í ljóðagerð á 20. öld.

Þetta má sjá strax í fyrstu tveimur ljóðlínnum bókarinnar: „Ljósblá og skýjuð sköp / sváfu á himninum“ (bls. 11). Þessar línur eru bein vísun í kápumynd *Áður en ég breytist* þar sem má sjá hin skýjuðu sköp á fallega ljósbláum bakgrunni.

Þrátt fyrir að þessi skáldlega afstaða Elíasar sé ekkert nýja-brum á hún sér fáar fyrirmyndir í íslenskri nútímaljóðlist sem undanfarnir ár hefur einkennst af hinu persónulega ljóði þar sem skilin á milli ljóðmælanda og skálds eru grunn eða lítil sem engin. Í ljóðum Elíasar tekur skáldið ekki sjálft til máls heldur skrifar gjarnan í gegnum ýmsa karaktera, lífs eða liðna.

### Raddir að handan

Í *Áður en ég breytist* er hin dularfulla Evgenía sögumaður og er ritunarsaga bókarinnar nokkuð forvitnileg eins og kemur fram í nýlegu viðtali mínu við Elías í *Fréttablaðinu*:

„(...) bækur mínar eru svo sem



**Þrátt fyrir að þessi skáldlega afstaða Elíasar sé ekkert nýja-brum á hún sér fáar fyrirmyndir í íslenskri nútímaljóðlist.**

hlaðnar af mismunandi röddum. Það eru margir karakterar eða persónur sem koma fram en hér er aðallega ein kona. Hún heitir eða kallast Evgenía sem þýðir „sú vel borna“ á grísku.“

Elías kveðst hafa notað spírítisma við skrif bókarinnar og segir anda ádurnefndrar Evgeníu hafa skrifað í gegnum sig. Ekkert af þessu er þó auðséð við lestur bókarinnar og Evgenía er hvergi nefnd á nafn fyrir utan stutta skýringu á kólófón-síðu. Þá er vel hægt að njóta skáldskaparins án þess að vera meðvitaður um „kuklið“ sem liggur að baki honum.

Svo sterk eru ljóð Elíasar að þau standa algjörlega fyrir sínu hvort sem maður „skilur“ þau eða ekki. Ljóðmálið er í senn kjarnyrkt og margrætt og þarna eru nokkrar línur sem eru með þeim eftirminnilegustu sem undirritaður hefur lesið á íslenskri tungu.

Lesundur eru hvattir til að gefa sér góðan tíma í lesturinn og hér sannast það sem á við um sannan skáldskap, að því meiri tíma sem maður gefur hverju ljóði, því meira fær maður til baka. Að sama skapi væri eflaust hægt að eyða mörgum stundum í að velta fyrir sér bókmenntalegum tilvísunum verksins sem ná allt frá Benedikt Gröndal

til heimsendafrásagna Bibliunnar. Undirritaður er þó ekki nógu vel að sér í bókmennta- og trúarbragðasögu til að reyna slíkt.

### Tungumál og erótík

Áður en ég breytist leikur sér að tungumálinu eins og sjá má víða í bókinni:

„Höfundurinn hrasaði / ofan í bræðsluofninn / meðan tungumálið brann / til svartra kola“ (bls. 68).

Þá má finna ýmis nýyrði svo sem nafnorð sem hefur verið breytt í sagnir „við túristumst“ og að „sporbaugast“ auk lýsingarorða eins og „plómuþómafróma frúin“.

Að lokum verður að nefna að bókinn er ein besta nýlega birtingarmyndin á erótískum og hinsegin skáldskap í íslenskri ljóðlist. Elíasi tekst að gera hið holdlega bæði óvænt og skáldlegt sem er síður en svo sjálfgefið enda eiga erótísk ljóð það oft til að verða klén og bitlaus. Hér hins vegar leiftrar skáldskapurinn: „brjóst mín / fjarverandi hvítplómur / titruðu í munadarleysi“ (bls. 87). ■

**NIDURSTAÐA:** Kraftmikil og kjarnyrkt ljóðabók þar sem gaman er að tyna sér í margræðni textans.



Sigmundur Ernir Rúnarsson  
ser  
@frettabladid.is

# Hagyrðingaættin heldur sínu striki

Snorri Aðalsteinsson hefur sent frá sér kvæðakver, eins og hann á kyn til, knúíð áfram af krafti hagyrðingakvölda.

Vaðbrekkuaættin úr Hrafnkeldal á löndum austur getur ekki hætt að setja saman stökur. Það er henni eðlislægt að setja saman hnyttar og gamansaman vísur, svo stundum sviður undan.

Þjóðfrægur var Hákon Aðalsteinsson, sá stórkostlegi hagyrðingur sem kvaddi 2009 – og Ragnar Ingi bróðir hans er líklega Íslendinga fróðastur um gamla og góða bragarhætti, en er aukinheldur völundur í vísnaverð.

## Frændinn mætir til leiks

Bróðursonur þeirra, Snorri Aðalsteinsson, hefur nú sent frá sér bráðskemmtilegt kver með ljóðum og lausavísu, svo og efni af hagyrðingakvöldum sem hann hefur tekið þátt í á síðustu árum undir stjórn skagfirnska skáldsins Hjálmar Jónssonar, þess rimnasnillings.

Og það hefur verið á þessum kvöldum, frammi fyrir hundruðum vísnaþyrstra áhorfenda, sem Snorri hefur öðlast sjálfstraustið, slíkar hafa viðtökurnar verið.

„Þótt Vaðbrekkumenn hafi alltaf verið þeirra náttúru að vilja standa þar sem til þeirra sést, hef ég sjálfur, ef mig skyldi kalla, verið heldur lítið fyrir að trana mér fram,“ segir Snorri.

En hagyrðingakvöldin hafa sum sé hækkað hökuna.

„Ég er náttúrliga búinn að yrkja alla mína tíð, eins og ég á kyn til,“ rifjar vísnaðmáðurinn upp. „Þetta er bara eitthvað sem maður ræður ekki við. Vísurnar verða bara til af sjálfu sér. Renna upp úr manni. Það þarf svo lítið til, vittu til. Kannski bara kankvist samtal. Eða fugl á sveimi. Ský á himni,“ segir skáldið.

## Þá var friðurinn úti

Hann var ekkert endilega á því að senda frá sér kver með kvæðum sínum. En Ragnar Ingi, föðurbróðir hans, komst í staflann, „og þá var friðurinn úti,“ segir Snorri. „Frænda mínum er svo annt um allan kveðskap að hann getur ekki unnt sér



## Á æskuslóðum

Einatt er Amor skæður,  
á æskunnar fornu slóð.  
Hann blés í gamlar glæður,  
geymdum við dýran sjóð.

Hvar liggja hennar lífsins gildi,  
sem lærði ég daginn þann,  
er áður hún ekki vildi  
elska dreifbýlismann?

Enn hún er fögur sem forðum  
með fölskvalaust augnaráð,  
kunnugleg alúð í orðum,  
engum í veröld háð.

Ef ætti í örlitlum sjóði,  
inneign í hennar sál,  
þá gæti ég líkt og af ljóði,  
lesið það hjartans mál.

## Af hagyrðingamótum

Þið hagyrðinga heyrið senn,  
henda frá sér drápunum.  
og kvíðafulla kvæðamenn,  
að koma út úr skápunum.

Kvæðið næstu kynslóð berst,  
og kannski ekki úr vegi.  
Það hugsanlega gæti gerst,  
að gömlu skáldin deyi.

hvíldar fyrr en hann kemur honum fyrir almenningssjónir.“

Og því birtist nú landsmönnum bókin Gullvör eftir Snorra, en heiti hennar er dregið af hjartagóðum verndarvætti sem heldur til í Hrafnkeldal. Sagan segir að hún sé búendum og börnum dalsins leiðarvísir þegar á þarf að halda. Vitji hún einhvers í draumi, viti það á gott.

Annars komi kvæðin hvaðanæva.

„Og stakan lifir góðu lífi, maður lifandi,“ segir Snorri og lygnir aftur augum. „Það fylgir henni einhver kynngikraftur,“ bætir hann við. „Þetta finnur maður svo glatt á hagyrðingakvöldunum. Ef endalínan hittir almennilega í mark þá springur salurinn. Fyndnin verður ekki myndnari nema í góðri stöku,“ segir Hrafnkeldsælingurinn Snorri Aðalsteinsson frá Vaðbrekku. ■

Skáldið Snorri.

„Þótt Vaðbrekkumenn hafi alltaf verið þeirra náttúru að vilja standa þar sem til þeirra sést, hef ég sjálfur, ef mig skyldi kalla, verið heldur lítið fyrir að trana mér fram.“

MYND/ADSEND

## Nudd Nudd Nudd

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar.

Sími 694 7881, Janna.

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

## Meira en bara kókaín og kellingar

lovisa@frettabladid.is

Nína Dögg Filippusdóttir leikkona fer með lítið hlutverk í fjórðu og síðustu þáttaröðinni um norsku auðmennina í Exit. Nína leikur viðburðaskipuleggjanda í þáttunum og var við tókur í viku á Spáni.

„Þetta er smáhlutverk. Það var gaman að fá að vera með. Karakterinn sem ég leik sér um að skipuleggja gleðiselskap, er partíplanari og heldur framvindunni gangandi,“ segir Nína og að hún sé ekki eini íslenski leikarinn því Björn Hlynur Haraldsson fari líka með lítið hlutverk. Gísli Örn Gardarsson, eiginmaður hennar, leikstýrir tveimur þáttum í seríunni, þeim sem Nína leikur í, en hægt er að horfa á hana alla í sjónvarpsveitu RÚV.

„Það var ótrúlega skemmtilegt og spennandi að kynna þessum strákum og öllum þessum leikurum. Maður er búinn að fylgjast með öllum seríunum og það var alveg smá surrealistískt að vera allt í einu með þeim í partí,“ segir Nína létt.

Spurð um norska bransann og hvort hann sé mjög ólíkur þeim íslenska segist hún ekki hafa fundið fyrir því. Það hafi komið saman hópur þarna sem hafi unnið að sameinlegu markmiði og gert það vel.



Nína Dögg í hlutverki sínu í Exit.

MYND/ADSEND



Það var alveg smá surrealistískt að vera allt í einu með þeim í partíi.

Nína Dögg Filippusdóttir, leikkona



Gísli Örn leikstýrir og Nína leikur í nýjstu seríu Exit.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Þetta fjallar um vindorkuna og það er ótrúlega áhugavert það sem er að gerast í þeim málum og alveg viðfangsefni fyrir okkur Íslendinga, hvort við eigum að beisla hana og hvernig á að deila henni og svo framvegis,“ segir Nína og heldur áfram:

„Það er fullt af alvöru spurningum í þáttunum sem skipta máli, fyrir Ísland. Þótt þetta gerist í Norgei þá er hægt að heimfæra það á okkar veruleika. Þetta er ekki bara kókaín og kellingar,“ segir hún og hlær. ■

„Það voru stórar og mannmargar senur. Mikið af fólki og mikið að gerast. Það var mikið verið að vinna með nekt og alls konar svoleiðis sem var gert á ótrúlega faglegan hátt og manni leið aldrei illa eða þannig að maður væri staddur í röngum bransa.“

Hún segir að þó svo að þættirnir fjalli um menn sem misnota kókaín og konur þá sé einnig verið að skoða stærri samfélagsleg mál sem komi til dæmis okkur Íslendingum sannarlega við.



Hver hleypti af byssunni? Og hver var eiginlega drepinn? FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Morðgátur eru móðins

Óþrjótandi glæpablaði Íslendinga er vel þekkt en morðgátur geta verið góð leið til að svara þessum myrka þorsta landans.

arnartomas@frettabladid.is

Morðgátur hafa lengi verið vinsæl afþreying og teygja sig að minnsta kosti aftur til fyrri hluta síðustu aldar þar sem áhugamannaleikhús settu á svið morðgátuleikrit fyrir áhorfendur. Viðburðirnir fóru venjulega fram í heimahúsum þar sem gestir hvoru hvattir til að klæða sig í búninga og bregða sér í hlutverk til að taka þátt í uppsetningunni.

Meðal elstu dæma um morðgátuuppsetningar voru kvöldverðarsýningarnar hjá hinum alræmda Grand Guignol-leikhóp í París í Frakklandi seint á 19. öld. Hópurinn var þekktur fyrir að beita öllum brögðum til að skilja áhorfendur sína eftir agndofa – eða þaðan af verra.

Í grein New York Times frá 1957 segir að það hafi algengt að áhorfendur hafi kastað upp eða fallið í yfirlid á meðan á sýningum Grand Guignol stóð. Í eitt skipti, á sérstaklega hrottafenginni uppsetningu, segir sagan að liðið hafi yfir mann í áhorfendahópnum svo að kallað var til húslæknisins sem var hvergi að finna. Þegar maðurinn rankaði við sér báðust starfsmenn afsökunar á því að hafa ekki fundið lækninn á svæðinu en maðurinn útskýrði dauður í dálkin: „Ég er læknirinn!“



Það er svo gaman að fá að vera einhver allt önnur manneskja en maður er.



Catia Andreia de Brito Pereira

### Krimmi í slippnum

Hótel Reykjavík Marina hefur að undanförnu tekið upp á því að halda morðgátupartí þar sem Íslendingar fá að svara krimmablaði



Grand Guignol-leikhúsið gekk oft fram af gestum sínum.

inu í glæpablöndnu andrúmslofti slippisins. Viðburðirnir hafa verið mikla lukku og hafa kvöldin hingað til öll verið fullbókðuð. Hugmynda-smiðurinn að baki hótalgátunum er Catia Andreia de Brito Pereira sem hefur sjálf tekið þátt í morðgátum í heimahúsum.

„Það er einna helst óvissan,“ svarar Catia aðspurð um hvað sé svona spennandi við morðgátur. „Fólk bókar sig í partið og fær svo frekari upplýsingar þegar nær dregur eins og hvaða persónu það mun leika og í hvers konar fötum það á að klæðast. Þú færð líka gestalistann með lýsingu á fólkinu sem tekur þátt í gátunni. Við mælum alltaf með að fólk fari alla leið því þá fær það mest út úr upplifuninni.“

Catia segir það undir hverjum gesti komið hversu mikið þeir séu tilbúnir að bregða sér í persónuna sem þeim er úthlutað og sumir verða ansi eftirminnilegir.

„Það eru sumir sem bæta ýmsu við persónurnar út frá sínum eigin hugmyndum sem getur verið skemmtilegt. Það er svo gaman að fá að vera einhver allt önnur manneskja en maður er.“

### Glæpablaði Íslendinga

Glæpasögur hafa lengi verið Íslendingum hugleiknar en sækja enn í sig veðrið eins og sjá má á þeim sturluðu vinsældum sem hlaðvörp um sönn sakamála njóta í dag.

„Það hlusta næstum allar konur á Íslandi í dag á þessi sakamálahlaðvörp!“ segir Catia hlæjandi. „Ég held við höfum öll þörf á því að fara út fyrir okkar persónu og ramma og morðgátan er svo tilvalinn vettvangur til þess.“

Áhugasamir geta kynnt sér næstu morðgátuvíburði á Facebook-síðu hótelsins en næsta gáta verður þann 7. apríl. ■

## AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

### Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi tillögur deiliskipulagsáætlana og breytingar á aðalskipulagi:

#### 1. Brjánsstaðir lóð 4 L213014; Hádegishóll; Þjónustuhús auk þyrpingu gistihúsa; Deiliskipulag – 2301017

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2023 að kynna tillögu nýs deiliskipulags á lóð Brjánsstaða lóð 4, L213014. Í deiliskipulaginu felst heimild til að byggja þyrpingu lítilla gistihúsa auk þjónustuhúsa og húsnæðis fyrir starfsfólk með fasta búsetu ef á þarf að halda. Nýtingarhlutfall lóðar geti orðið allt að 0.1. Lýsing vegna aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breyttrar landnotkunar innan svæðisins er í kynningu.

#### 2. Skálabrekka-Eystri L224848; Grjótnes- og Hellunesgata, landbúnaðarlóðir; Deiliskipulag – 2210051

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. mars 2023 að kynna tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til landbúnaðarlóða í landi Skálabrekku-Eystri. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 17 landbúnaðarlóðum á um 75 ha svæði. Stærðir lóða eru frá 30.488 fm til 45.733 fm. Innan lóða er gert ráð fyrir heimild til að reisa eitt íbúðarhús ásamt aukahúsi á lóð innan nýtingarhlutfalls 0,03.

#### 3. Hnaus 2; Mosató 3 L225233; Stækkun hótels; Aðalskipulagsbreyting – 2207020

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. mars 2023 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til aukins umfangs og heimilda fyrir uppbyggingu á verslunar- og þjónustutendri starfsemi á lóð Mosató 3 L225233. Gerð verður breyting á töflu í kafla 2.4.1 um verslun og þjónustu. Gerð verður grein fyrir auknu umfangi hótels með gistiþlássi fyrir allt að 60 manns. Í breytingunni felst aukni byggingarmagn á lóð hótelsins, heimilt er að byggja hæð ofan á hótelið þannig að byggingin verði 2 hæðir, án kjallara. Heildarbyggingarmagn innan lóðar eykst úr 2.000 m<sup>2</sup> í allt að 3.000 m<sup>2</sup> og hámarksfjöldi herbergja eykst úr 20 herbergjum í 27 herbergi.

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsbreytinga og nýrra deiliskipulagsáætlana:

#### 4. Hald á Holtamannafrétti; Fjallasel; Deiliskipulag – 2211044

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. desember 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Halda á Holtamannafrétt. Með deiliskipulaginu er staðfest núverandi landnotkun svæðisins, auk þess sem gert er ráð fyrir byggingu tveggja nýrra skála. Annar er ætlaður fyrir gistingu og hinn getur verið skemma/hesthús. Gisting getur verið fyrir allt að 40 gesti. Skipulagssvæðið er um 3,9 ha

#### 5. Versalir á Holtamannafrétti; Fjallasel; Deiliskipulag – 2211042

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. desember 2022 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til fjallaselsins Versala á Holtamannafrétt. Með deiliskipulaginu er staðfest núverandi landnotkun svæðisins. Í Versölum eru þrjár skálar, tveir gistiskálar og hesthús með hestagerði. Annar gistiskálinn og hesthúsið er í eigu Ásahrepps og Rangárþings ytra, hinn gistiskálinn er í einkaeigu. Gisting getur verið fyrir allt að 45 gesti. Skipulagssvæðið er um 5,6 ha.

#### 6. Úthlíð 1 L167180; Frístundabyggð svæði 5a; Deiliskipulag – 2302034

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til hluta frístundabyggðar í landi Úthlíðar 1 L167180. Innan svæðisins sem deiliskipulagið tekur til eru lóðir við göturnar Djákna-hlíð, Djáknaveg, Djákna-brúin, Mosabrúin og Mosaskyggni. Á svæðinu er deiliskipulag í gildi, við gildistöku þessa skipulags fellur úr gildi sá hluti sem tekur við framlags deiliskipulags innan núgildandi deiliskipulags.

#### 7. Bjarnastaðir 1; Tjarnholtsmýri 1-15; Landbúnaðarsvæði; Skilgreining lóðarmarka, byggingarreita og byggingarheimilda; Deiliskipulag – 2301077

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lóða við Tjarnholtsmýri 1-15. Í deiliskipulaginu felst skilgreining lóðarmarka, byggingarreita og byggingarheimilda. Heimilt verður að byggja íbúðarhús með bílagæmslu/geymslu og aðstöðuhús/hesthús. Nýtingarhlutfall lóða má vera allt að 0,05.

#### 8. Sjónarhóll L198871; Nýr byggingarreitur og skilmálar; Eldri viðbætur; Deiliskipulagsbreyting – 2301071

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar vegna bæjartorfu Sjónarhóls L198871 í Ásahreppi. Í breytingunni felst að skilgreindir er nýr byggingarreitur B3 innan marka deiliskipulagsins. Innan reitsins er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarbygginga tengdar starfsemi búnsins.

#### 9. Holtakot lóð L176853; Skilgreining lóðar og byggingarheimildir; Deiliskipulag – 2301081

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til 5,8 ha lóðar Holtakots lóð L176853. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda innan svæðisins þar sem gert er ráð fyrir að heimilað byggingarmagn á svæðinu verði allt að 1000 m<sup>2</sup>, hámarksnýtingarhlutfall er um 0,017. Leyfi er fyrir sex byggingum og hámarksstærð hverrar byggingar er 200 m<sup>2</sup>. Heimilt er að byggja íbúðarhús ásamt mögulegu gestahúsi, gróðurhúsi, geymslu og frístundahúsi. Umrædd lóð er samkvæmt aðalskipulagi bæði innan frístundasvæðis og landbúnaðarsvæðis.

#### 10. Vallarás (Ásmúli lóð 3) L192728; Skilgreining lóða og byggingarskilmálar; Deiliskipulag – 2301053

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lands Ásmúla lóð 3 L192728 í Ásahreppi. Samhliða er óskað eftir því að staðfangið Vallarás verði notað innan svæðisins. Í deiliskipulaginu felst heimild til að stofna 7 landspíldur út úr Vallarási (Ásmúla lóð 3) og munu þær fá nafnið Vallarás 1-7, spíldurnar eru um 6 ha hver. Heimilt er að hafa fasta búsetu á spíldunum og stunda þar landbúnaðartengda starfsemi eða annan minniháttar atvinnurekstur ótengdan landbúnaði.

#### 11. Hlíðaráss (Berustaðir 2 land 1) L207089; Skilgreining lóða og byggingarheimildir; Deiliskipulag – 2301052

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. febrúar að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til Hlíðaráss (Berustaðir 2 - land 2) L207089. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir íbúðarhús auk véla-reið- og/eða tanningaskemmu allt að 800m<sup>2</sup>, hámarksstærð er 6,5m. Hesthús eða grípuhús má vera allt að 300m<sup>2</sup>, hámarksstærð húss er 6m. Gestahús má vera allt að 80m<sup>2</sup>, hámarksstærð húss er 5,5m.

#### 12. Engjvatn L218342; Byggingarreitur og byggingarmagn; Deiliskipulag – 2302002

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. mars 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til landspíldunnar Engjvatns L218342. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingarreit undir íbúðarhúsi ásamt bílagæmslu og hesthúsi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefsíðunni [www.utu.is](http://www.utu.is). Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, [www.asahreppur.is](http://www.asahreppur.is), [www.blaskogabyggd.is](http://www.blaskogabyggd.is), [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is), [www.gogg.is](http://www.gogg.is) og [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is). Mál 1-3 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 16. mars 2023 með athugasemdafrest til og með 6. apríl 2023. Mál 4-12 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 16. mars 2023 með athugasemdafrest til og með 28. apríl 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [skipulag@utu.is](mailto:skipulag@utu.is)

Vígús Þór Hróbjartsson  
Skipulagsfulltrúi UTU

# Minningar í gömlum kössum

Lagið Gleymmérei er fyrsta lagið af væntanlegri plötu Halldórs Eldjárns. Hann semur lagið með GDRN en það er um minningar sem finnast í gömlum kössum. Myndband fylgir sem er í takt við það.

lovisaa@frettabladid.is

Tónlistarmaðurinn Halldór Eldjárn gefur í dag út fyrsta lagið af væntanlegri plötu. Lagið fékk titilinn Gleymmérei og er samið af honum og tónlistarkonunni GDRN, Guðrúnu Eyfjörð.

Halldór segir lagið fjalla um það hvernig minningar eiga það til að skjóta upp kollinum þegar maður finnur gamlar myndir eða upptökur.

„Það kannski eiga allir sína Gleymmérei í einhverjum skilningi,“ segir Halldór en hugmyndina að laginu fékk hann þegar hann rótaði í gömlum upptökum og fann kasettuupptöku úr fyrsta píanótímanum sínum en hann segir að amma hans hafi kennt honum á píanó.



Þetta auðvitað var rútinan, fyrir tuttugu árum, fyrir meðalungling að koma heim eftir skóla og horfa á Popp Tívi.

„Ég byrja hugmyndavinnuna oft á svona róti. Í raftónlist er erfitt að byrja með eitt lag og mér finnst gott að fara í gegnum gamlar upptökur eða fara út að taka upp hljóð til að koma mér af stað. Það byrjar sem efniviður sem maður hleður á og gefur sál í raftónlistina. Ég tók upptökuna og bakaði hana og teygði með alls konar hljóðeffektum, sem varð grunnurinn að laginu. Guðrún kom svo og samdi laglínu og texta með mér og söng svo yfir lagið.“

Halldór segir að þau hafi svo ákveðið að fara alla leið með útgáfunna og gefið út myndband sem er tekið upp á 8 og 16 millimetra kvikmyndafilmu.

„Til að fá þetta gamla lúkk sem passar svo vel við lagið og efni lagsins. Efnid kannski lítur út fyrir að vera gamalt, jafnvel 30 ára gamalt, en var tekið upp síðasta sumar.“

Í myndbandinu má sjá mann finna gamla filmu og myndbandið á henni. Í myndbandinu leika þau



GDRN syngur og semur lagið með Halldóri.

MYND/ADSEND



Það byrjar sem efniviður sem maður hleður á og gefur sál í raftónlistina.

leika Kristján Franklín Magnús, Anna Róshildur Benediktsdóttir Bøving og Nikulás Hansen Daðason.

„Við vissum að það ætti að vera virðulegur maður í aðalhlutverki og eftir nokkra umhugsun var Kristján Franklín sá eini sem kom til greina. Hann tók bara vel í þetta,“ segir Halldór.

Myndbönd við lög eru ekki eins algeng og þau voru fyrir um tuttugu árum.

„Þetta auðvitað var rútinan, fyrir tuttugu árum, fyrir meðalungling að koma heim eftir skóla og horfa á Popp Tívi og Skjá einn og horfa aftur og aftur á sama stöffið. Sá tími er alveg búinn og í raun enginn miðill í dag sérstaklega fyrir þetta efni eins og þá. Í dag er þetta meira reels og TikTok en við litum meira á þetta eins og pínulitla bíómynd.“

Lagið kemur formlega út í dag og er aðgengilegt á öllum helstu streymisveitum og myndbandið verður birt á hádegi. Platan er að sögn Halldórs svo væntanleg með haustinu.

„Platan er í vinnslu. Það má búast við streng af útgáfum áður en hún kemur út.“ ■

Halldór Eldjárn vildi gefa laginu gamlan filing.

MYND/SIGGA ELLA

## FRÉTTABLAÐIÐ

### Í HELGARBLAÐINU

## Við lærðum mikið af Ellý

Heimi Magnúsar Karls Magnússonar og eiginkonu hans, Ellýjar Guðmundsdóttur var snúið á hvolf fyrir sex árum þegar hún fékk Alzheimer greiningu rúmlega fimmtug. Fyrir ári síðan flutti Ellý á hjúkrunarheimili og Magnús lærir að feta lífsins veg einn, lífsins sem hann segir þrátt fyrir allt, enn vera gott.



## Lífið er betra í lit

Þær Eva María Þórarinsdóttir Lange og Birna Hrönn Björnsdóttir stofnendur og eigendur Pink Iceland eru lifandi og litríkir karakterar og ber heimili þeirra þess merki.



## Boð og bönn í heimi bókmennta og lista

Ríthöfundarnir Gunnar Helgason og Einar Kárason og handritshöfundinn og leikstjórnari María Reyndal ræða hvað má og hvað má ekki þegar kemur að ritskoðun bókmennta og uppfærslum á leikverkum í tengslum við heitar umræður undanfarið.



DC  
**SHAZAM!**  
FURY OF THE GODS

**OH. MY. GODS.**

**KOMIN Í BÍÓ**



## BAKÞANKAR



Jóhanna Vigdísar  
Guðmundsdóttur

## Kapphlaup eða maraþon

Eins og þau vita sem hafa gaman af því að hlaupa – eða finnst það leiðinlegt en láta sig samt hafa það – er hlaupastíll og hlaupatilgangur fólks misjafn. Í upphafi lét ég mig hafa það í heilsubótarskyni, og gat varla hlaupið kílómetra án þess að fara í andnað. Eftir því sem ástandið skánaði fór mér, eðlilega kannski, að finnast gaman að hlaupa. Eða minna leiðinlegt. Þar sem ég get verið kappsöm jókst metnaðurinn hins vegar úr hófi fram, í takt við minnkandi andnað. Sjálfsálitið óx í réttu hlutfalli. Einu sinni hljóp ég meira að segja hálfmaraþon, sem ég þreytist seint á að monta mig af. Kapphlaupin taka fljótar af.

Í dag erum við hins vegar öll sem eitt, íslenska þjóðin, í tæknikapphlaupi sem snýst um áframhaldandi tilvist tungumálsins okkar. Þar sem við geymum söguna, menninguna og sjálfsmyndina. Undanfarnir ár hefur einstaklega öflugur hópur sérfræðinga í máltækni og gervigreind unnið þrekvirkni við varðveislu tungumálsins, vinna sem aðrar þjóðir hafa klárað á 10 til 20 árum var unnin á fjórum árum á Íslandi. Enda erum við meistara áttaksverkefnanna.

Það var líka átaksverkefni að koma íslenskri máltækni í notkun í stærsta gervigreindar-mállíkani heimsins, GPT-4 sem samtalsgreindin ChatGPT byggir á. Nú er tími maraþonsins hins vegar runninn upp, við erum búin að taka magnaðan sprett en þurfum að tileinka okkur þann aga sem þarf til að klára langhlaupið. Þannig munum við ekki aðeins tryggja framtíð íslenskunnar, heldur jafnvel ryðja veginn fyrir önnur tungumál, sem vonandi geta skokkað í kjölfarið. Leyfum okkur að vera metnaðarfull. ■

Frítt

Kynntu þér  
dreifingu  
Fréttablaðsins



Skannaðu kóðann í  
snjalltækinu þínu

Nánari upplýsingar  
www.frettabladid.is/stodsidur/dreifing

**Þú bara verður að smakka!**

Við kynnum með stolti frábæra nýjung í hina sívinsælu **EITT SETT** fjölskyldu. Drumbar eru ómótstæðileg blanda af súkkulaði, karamellu og lakkrís. Algjörlega mögnuð bragðupplifun sem þú vilt alls ekki missa af!

